22



**GLEYMDA STRÍÐINU VEITT ATHYGLI**
Sameinuðu þjóðirnar hafa ákveðið að senda 26 þúsund manna friðargæslulið til Darfúr. Borgarastyrjöldin þar hefur staðið í fjögur ár og kostað hundruð þúsunda lífið.



29

**„HAUTE-COUTURE“ VIKAN Í PARÍS**
Ævintýraleg fágun og íburður fyrir veturinn frá hönnuðunum Christian Lacroix og Jean-Paul Gaultier


# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

4. ágúst 2007 — 210. tölublað — 7. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000


## LAUGARDAGUR



**Í lykilhlutverki**
Baltasar verður í lykilhlutverki í myndinni sem hann tekur nú upp í Flatey.
FÓLK 46

**Perlum kastað fyrir svín**
„Við lifum ekki á náttúruverndinni einni saman segja ábyrgir þungavigtarmenn í íslensku atvinnulífi. Það þarf að byggja álver, segja þeir og það þarf að útvega álverunum orku,“ segir Ellert B. Schram.
Í DAG 12



**Söng fyrir uppáhaldsliðið**
Garðar Thor Cortes söng á Old Trafford.
FÓLK 46

**Dregið í meistaradeild**



FH-ingar fara til Rúmeníu slái þeir út BATE frá Hvíta-Rússlandi en ensku stórliðin Liverpool og Arsenal fara til Frakklands og Tékklands.
ÍÞRÓTTIR 38

## VEÐRIÐ Í DAG




**NOKKUÐ BJART SYÐRA** - Í dag verða norðan 5-13 m/s, hvassast allra vestast og á Vestfjörðum. Rigning eða skúrir norðan og austan til en yfirleitt nokkuð bjart veður syðra. Hiti 7-18, hlýjast til landsins sunnan til.
VEÐUR 4




# Íslenskar loftvarnir varaskeifa á æfingu

**Íslenska loftvarnakerfið verður aðeins notað til vara á fyrirhugaðri heræfingu. Tæknilegar lagfæringar þarf að gera til að kerfið geti stýrt æfingu sem þessari. Við notum kerfið á næstu æfingu, segir talsmaður utanríkisráðuneytisins.**

**ÞJÓÐARÖRYGGI** Loftvarnaþætti heræfingarinnar sem fer fram hér á landi um miðjan ágúst verður stýrt úr ratsjárflugvélum Atlantshafsbandalagsins. Íslenska loftvarnakerfið verður aðeins til vara. Gera þarf tæknilegar lagfæringar hjá Ratsjárstofnun og þjálfa starfsfólk áður en hægt verður að nota loftvarnakerfið til að stjórna æfingu sem þessari.

Æfingin fer fram 13. til 16. ágúst. Markmið hennar er meðal annars að æfa flutning liðsafla til landsins á hættu- og ófriðartímum, samkvæmt fréttatilkynningu frá utanríkisráðuneytinu.

Samtals koma hingað tíu flugvélar, þar af tvær AWACS-ratsjárflugvélar frá Atlantshafsbandalaginu.

Í tölvubréfi segir Ólafur Örn Haraldsson, forstjóri Ratsjárstofnunar, samskipti í loftvarnaþætti æfingarinnar munu verða á milli herflugvélanna og AWACS-ratsjárflugvélanna. Loftvarnakerfið á Íslandi fylgist með og verði til vara. Hann útskýrði ekki hvers vegna íslenska loftvarnakerfið yrði aðeins varaskeifa á æfingunni.

„Stjórnstöð æfingarinnar verður hjá Ratsjárstofnun en loftvarnaþætti æfingarinnar verður stjórnað úr AWACS-vélunum,“ segir Þórir Ibsen, starfandi sviðsstjóri alþjóða- og öryggissviðs utanríkisráðuneytisins. „Það er vegna þess að verið er að vinna að tæknilegum lagfæringum á kerfinu og þjálfun starfsfólks eftir breytingar á stofnuninni.“

Þórir segir að á næstu æfingu verði loftvarnaþættinum stjórnað úr Ratsjárstofnun, en AWACS-vélar verði einnig til staðar.

Richard D. Komurek, höfuðsmaður hjá Atlantshafsbandalaginu, segir eina af ástæðunum fyrir því að ratsjárflugvélarnar sjái um loftvarnaþátt æfingarinnar vera að ratsjá á lofti sjái lengra en ratsjá á jörðu niðri. „Ratsjárkerfi á jörðinni hefur takmarkanir, en ratsjárflugvél sér nánast allt í kringum sig.“ - sþs



**ENDURKOMA** Helgi Sigurðsson fékk flest atkvæði. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Vináttuleikur við Kanada:

## Hverjir eiga að fá tækifærið?

**FÓTBOLTI** Fréttablaðið leitaði til álitsgjafa sem fylgjast vel með fótboltanum og bað þá um að nefna þrjá leikmenn sem ættu skilið að fá tækifæri með landsliðinu í vináttuleik við Kanada þann 22. ágúst. Þetta er fyrsti vináttuleikurinn í heilt ár og alls voru það nítján leikmenn sem fengu atkvæði spekinganna. Baldur Sigurðsson fékk flest atkvæði af þeim sem hafa ekki spilað með landsliðinu áður en langflestir vildu sjá reynsluboltann Helga Sigurðsson fá tækifæri á ný. Sjá síðu 40-41



**Á LEIÐ TIL EYJA** Rósa María Níelsdóttir, Berglind Ósk Böðvarsdóttir og Svava Böðvarsdóttir voru fullar tilhlökkunar þegar þær voru að leggja af stað á þjóðhátíð í Vestmannaeyjum frá Bifreiðastöð Íslands í gær. Rósa hefur einu sinni farið áður en Berglind og Svava voru að fara í fyrsta sinn á þjóðhátíð. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Landsmenn flykktust í áfengisverslanir um allt land fyrir verslunarmannahelgina:

# 700.000 lítrar af áfengi seldust

**VERSLUN** „Á síðasta ári seldust um 700 þúsund lítrar af áfengi í vikunni fyrir verslunarmannahelgi. Salan virðist vera svipuð núna, kannski aðeins meiri,“ segir Sigrún Ósk Sigurðardóttir, aðstoðarforstjóri ÁTVR.

Landsmenn flykktust í áfengisverslanir í vikunni fyrir verslunarmannahelgina og keyptu sér veigar fyrir helgina. Vikan er jafnan ein sú annasamasta á ári hverju í áfengisverslunum ríkisins.

Að sögn Sigrúnar lögðu um 110 þúsund manns leið sína í verslanir ÁTVR í vikunni fyrir verslunarmannahelgina á síðasta ári; þar af voru 40 þúsund viðskiptavinir á föstudeginum.

„Til samanburðar koma á bilinu 70 til 80 þúsund viðskiptavinir að meðaltali í verslanirnar í hverri viku í júlí,“ segir Sigrún. Alls seldust 695 þúsund lítrar af áfengi, eða yfir sex lítrar að meðaltali á hvern viðskiptavin, í vikunni fyrir síðustu verslunarmannahelgi. Í 80 prósentum tilfella keypti fólk bjór.

Skipulögð hátíðarhöld verða víða um land um helgina en straumurinn liggur helst til Vestmannaeyja og Akureyrar. - aví / sjá síðu 6

Krónan féll skarpt í gær:

## Íslendingar seldu krónur

**VIÐSKIPTI Krónan lækkaði um 2,4 prósent í gær og hefur því lækkað um tæp sjö prósent frá því í byrjun síðustu viku.**

**„Þegar krónan hefur veikst að undanförnu hefur skýringarinnar á veikingunni verið að leita í lækkun annarra hávaxtagjaldmiðla. Þessu er ólíkt farið í dag [í gær] þegar veikingunni veldur mikil innlend eftirspurn eftir erlendum gjaldeyri,“ segir í Vegvísi Landsbankans.**

**Hefur krónan ekki verið veikari síðan um miðjan apríl. Gengisvísitalan stóð í 118,9 stigum við lokun markaða í gær en fór lægst í 110,4 í júlí þegar krónan var hvað sterkust. Bandaríkjadalur kostar um 64 krónur og evra yfir 88 krónur.**
- eþa / sjá síðu 13







## SPURNING DAGSINS



*Álfheiður, hvað er GSM-samband á mörgum af eyjunum í Breiðafirði?*

„Álíka mörgum og hólarnir eru í Vatnsdal.“

GSM-samband er komið á í Flatey á Breiðafirði, en oft hefur verið sagt að eyjarnar á firðinum séu óteljandi. Álfheiður Ingadóttir þingkona er einn af eigendum Hótel Flateyjar.

Mikil fasteignaviðskipti skráð í nýliðnum júlímánuði hjá Fasteignamati ríkisins:

# Veltan aukist um 157 prósent

**VIÐSKIPTI** Velta á fasteignamarkaði í nýliðnum júlímánuði var 157 prósentum meiri en í sama mánuði í fyrra, og tæplega 11 prósentum meiri en í júní. Tvöfalt fleiri kaupsamningum var þinglýst en í sama mánuði í fyrra, að því er fram kemur á vef Fasteignamats ríkisins.

Ingibjörg Þórðardóttir, formaður Félags fasteignasala, segir þetta endurspegla mikla eftirspurn á markaðinum. Þó megi ekki gleyma því að inni í tölunum sé mikið af stóru og dýru húsnæði. Íslendingum fjölgi sífellt, og á þensluskeiði eins og nú standi yfir sé veltan eðlilega mikil.

Veltan á fasteignamarkaðinum í júlí var 31,8 milljarðar króna, en í júní var veltan 28,7 milljarðar. Í júlí í fyrra velti markaðurinn 12,4 milljörðum, og aukningin milli ára því 157 prósent.

Í nýliðnum júlímánuði var 999 kaupsamningum þinglýst, rúmlega tvöfalt fleiri en í sama mánuði í fyrra, þegar 490 samningum var þinglýst. Meðalupphæð á hvern kaupsamning var 31,8 milljónir króna í júlí, en var 27,8 milljarðar í júní. Í júlí 2006 var meðalupphæðin á hvern samning 25,3 milljónir. Fasteignamatið varar þó við að of mikið sé lesið í þessar meðalupphæðir, enda geti verið um fleiri en eina eign að ræða í hverjum samningi. - bj



**FASTEIGNIR** Íslendingum hefur fjölgað, aðgengi að lánsfé er gott og atvinnuleysi lágt, og allt veldur þetta aukinni eftirspurn eftir húsnæði.

Heimilislaus maður dæmdur:

## Beatrix móðguð

**HOLLAND Heimilislaus maður í Hollandi hefur verið fundinn sekur um að móðga drottningu landsins. Það varðar við lög frá 1881 sem til þessa hafa ekki verið álitin í gildi.**

**Á þriðjudag, eftir að dómurinn féll, var blaðamaður handtekinn fyrir að klæðast bol sem á stóð „Beatrix drottning er hóra.“**

**Beatrix, sem er 69 ára gömul amma, er ekki alls ókunn persónulegum árásum, því reyksprengju var kastað að henni við brúðkaup hennar fyrir sautján árum.**

**Allt að fimm ára fangelsisvist getur legið við því að móðga kóngafólk í Hollandi. Holland og Spánn eru einu löndin í Evrópu þar sem ólöglegt er að móðga kóngafólk eða þjóðhöfðingja.** - sh



**FORSETAHJÓNIN** Ólafur Ragnar og Dorrit heimsækja íslenska skáta í dag.

Heimsmót skáta í Bretlandi:

## Forsetahjónin fara á skátamót

**FÓLK Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, og forsetafrú, Dorrit Moussaieff, heimsækja í dag íslenska þátttakendur á heimsmóti skáta sem haldið er í Hyland Park í Essex-héraði í Bretlandi. Þar taka Margrét Tómasdóttir skátahöfðingi, Bragi Björnsson varaskátahöfðingi og Þorsteinn Sigurðsson, fararstjóri Íslendinganna, á móti þeim.**

**Forsetahjónin munu fara um tjaldbúðirnar og heimsækja sérstaklega svæði þar sem Slysavarnafélagið Landsbjörg kynnir starfsemi sína.**

**Rúmlega 40.000 skátar frá 160 löndum taka þátt í mótinu, þar af 400 Íslendingar.** - þo

# Sjö prósent kostnaðar fara í læknishjálp

**Gróflega reiknað er kostnaður við læknisþjónustu björgunarþyrlna Landhelgisgæslunnar 6,8 prósent af heildarkostnaði. Þyrlurnar tvær kosta líklega um 400,5 milljónir í rekstri árlega, en læknisþjónustan kostar um 27,5 milljónir.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Rúmur tíundi hluti kostnaðar við sjúkraflug annarrar þyrlu Landhelgisgæslunnar, TF-GNÁar, fer í að greiða fyrir læknisþjónustuna, sem er einnig nýtt á gömlu þyrlunni, TF-LÍF.

Gróft reiknað má áætla að útgjöld vegna læknis nemi 6,8 prósentum af heildarkostnaði við björgunarflug beggja þyrlna.

Þetta er miðað við upplýsingar frá Landhelgisgæslunni um að launakostnaður fjögurra manna áhafnar á TF-GNÁ sé um 54 milljónir á ári. Leiga vélarinnar kosti 168 milljónir á ári. Um 200 árlegir flugtímar kosta 40 milljónir.

Samtals er árskostnaður við TF-GNÁ því 262 milljónir, en þess skal getið að annar kostnaður, svo sem vegna trygginga á vélinni, sem kosta nú tæpan milljarð, er ekki innifalinn.

Landhelgisgæslan greiðir nú árlega um 27,5 milljónir til Landspítala fyrir stöðugildi eins læknis á bakvakt, að sögn Sólmundar Más Jónssonar, framkvæmdastjóra rekstrarsviðs Landhelgisgæslunnar. Inni í þeim kostnaði eru meðal annars útgjöld vegna sérstakrar þjálfunar sex lækna, aðbúnaðar og fleira.

Sé miðað við að kaupverð eldri björgunarþyrlunnar, TF-LÍFar, hafi verið greitt að fullu, er kostnaður hennar nokkru minni. Á móti kemur að henni er flogið meira. TF-LÍF flaug 285 flugtíma árið 2004. Það kostaði þá um 57 milljónir.

Miðað við sömu forsendur, og utan tryggingagjalda, kostaði LÍF því 111 milljónir í rekstri. Að viðbættum kostnaði vegna læknisþjónustu nemur upphæðin um 400,5 milljónum. Læknishjálpin er 6,8 prósent af henni. klemens@frettabladid.is



**TF-LÍF Á FLUGI** Nú sjá tvær þyrluáhafnir um sjúkra- og björgunarflug Landhelgisgæslunnar, en ekki er til fé fyrir öðru stöðugildi læknis.

### TIL UPPRIFJUNAR

■ Ekki var gert ráð fyrir sérstökum lækni með nýju áhöfninni sem flýgur TF-GNÁ. Þess í stað er notast við sama stöðugildi læknis og fór áður með TF-LÍF.

■ Álag á þyrlulækna er því meira en áður var. Komi tvö útköll á sama tíma þarf að finna annan lækni í skyndi. Það tókst ekki um daginn, þegar önnur þyrlan var á Vestfjörðum, en mildi var að seinna útkallið var afturkallað.

■ Friðrik Sigurbergsson þyrlulæknir hefur sagt frá því að læknar á Landspítalanum séu að gefast upp á þessu fyrirkomulagi og byrjaðir að draga sig út úr þjónustunni.

■ Heimildir innan Landhelgisgæslunnar og Friðrik sjálfur hafa greint frá því að nauðsynlegt sé fyrir flugöryggi og heill sjúklinga að fá annað stöðugildi læknis. Forsvarsmenn Landspítalans hafa hug á að veita þá þjónustu.

■ Hins vegar kaupir Landhelgisgæslan þjónustuna af spítalanum. Georg Lárusson, forstjóri Landhelgisgæslunnar, svarar ekki beiðnum um viðtal.

### KOSTNAÐUR VIÐ SJÚKRAFLUGIÐ:

168 milljónir: Leiga á TF-GNÁ
54 milljónir: Laun áhafnar
40 milljónir: Kostnaður við flug
27,5 milljónir: Bakvakt læknis
**289,5 milljónir alls.**
111 milljónir: Áætlaður kostnaður vegna TF-LÍFar
**400,5 milljónir alls**

*Ekki er meðtalinn ýmis kostnaður, til dæmis vegna trygginga. Rekstrarkostnaður vegna TF-LÍFar er miðaður við kostnað ársins 2005.

Madeleine McCann:

## Lögregla leitar Maddie í Belgíu

**BELGÍA, AP** Lögreglan í Belgíu kannar nú vísbendingu um að breska stúlkan sem lýst hefur verið eftir í þrjá mánuði kunni að vera í Belgíu.

Vitni sem gaf sig fram við lögreglu fyrir viku síðan segist fullviss um að hafa séð Madeleine McCann í fylgd hollenskumælandi manns og enskumælandi konu á veitingastað í borginni Tongeren.

Tvær aðrar vísbendingar hafa borist í sumar frá fólki sem telur sig hafa séð Madeleine í Belgíu.

Madeleine hvarf 3. maí síðastliðinn af hótelherbergi í Algarve í Portúgal þar sem hún lá sofandi ásamt systkinum sínum á meðan foreldrar þeirra voru á veitingastað skammt frá. - sdg

Opinber gjöld á Akureyri:

## Fáar konur í hópi þeirra tekjuhæstu

**JAFNRÉTTISMÁL Engin kona er í hópi þeirra tíu einstaklinga sem greiða hæstu opinberu gjöldin á Akureyri. Í nýjasta tölublaði Vikudags, sem kom út á fimmtudag, er birtur listi yfir þá skattgreiðendur á Akureyri sem greiða yfir 1,2 milljón króna í útsvar. Í þeim hópi eru 155 einstaklingar og þar af aðeins sex konur.**

**„Þarna sér maður svart á hvítu hvað jafnréttisbaráttan á langt í land og mér þykir þetta mjög sorglegt,“ segir Margrét Kristín Helgadóttir varabæjarfulltrúi á Akureyri og formaður Samfélags- og mannréttindaráðs.**

**Hæsta konan á listanum er Andrea Elísabet Andrésdóttir læknir en hún er í 27. sæti.** - þo

## Útgáfa Fréttablaðsins

Vegna verslunarmannahelgarinnar kemur Fréttablaðið ekki út aftur fyrr en eftir helgi. Næsti útgáfudagur er þriðjudagurinn 7. ágúst.

Móttaka smáauglýsinga verður lokuð um helgina en opnuð aftur á þriðjudagsmorgun klukkan átta.

Reykjavík 871±2
Landnámssýningin
The Settlement Exhibition

Lífið á landnámsöld

Aðalstræti 16
101 Reykjavík
www.reykjavik871.is

Sýningin er opin
alla daga frá 10–17

Minjasafn Reykjavíkur

Mun færri fórust en óttast var þegar brúin í Minneapolis hrundi:

# Ástand annarra brúa kannað

**BANDARÍKIN, AP** Mun færri virðast hafa farist en óttast var í fyrstu þegar brúin í Minneapolis hrundi á háannatíma síðdegis á miðvikudag. Fimmta líkið var í gær fjarlægt úr rústum brúarinnar og tala þeirra sem saknað er lækkaði úr þrjátíu niður í átta.

„Það kom okkur á óvart að við skyldum ekki finna fleiri alvarlega slasaða eða látna,“ sagði Jim Clark, yfirmaður slökkviliðsins í Minneapolis. „Mér finnst þetta hafa verið eins konar kraftaverk.“

Staðfest var í gær að fimm manns hefðu látist, en auk þess eru fimm í lífshættu af þeim 110 manns, sem særðust í slysinu. Ennfremur er átta manna saknað, en á fimmtudaginn var óttast að tugir manna hefðu farist.

Fleiri lík hafa sést á kafi í ánni, en aðstæður voru þannig í gær að björgunarfólk treysti sér ekki til að ná þeim upp á land. Sterkir straumar eru í ánni og hætta stafar af rústum brúarinnar.

Ekki er enn komið í ljós nákvæmlega hvað olli því að brúin gaf sig, en stjórnvöld í Minnesota fyrirskipuðu að allar brýr sömu gerðar yrðu rannsakaðar ítarlega.

Meira en 70 þúsund brýr í Bandaríkjunum eru taldar hafa einhverja byggingargalla, en verkfræðingar telja að það taki heila kynslóð að gera við þær allar. - gb



**SKEMMDIRNAR KANNAÐAR** Enn hafa engin endanleg svör fengist við því hvers vegna brúin hrundi á miðvikudaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/AP




# ÚTSÖLULOK

## ALLT AÐ 90% AFSLÁTTUR

## GÖTUMARKAÐUR

### LOKADAGUR Í DAG




Verslanir opnar mán-mið 11-19, **fim 11-21**,
fös 11-19, lau 11-18 og sun 13-18,
smaralind.is / 528 8000

ENNEMM / SÍA / NM28956

## GENGIÐ 03.08.2007

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 62,26 | 62,56 |
| Sterlingspund | 126,72 | 127,34 |
| Evra | 85,21 | 85,69 |
| Dönsk króna | 11,449 | 11,515 |
| Norsk króna | 10,752 | 10,816 |
| Sænsk króna | 9,244 | 9,298 |
| Japanskt jen | 0,5224 | 0,5254 |
| SDR | 95,31 | 95,87 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
115,7093

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Ný tegund farartækja:

## Framleiða fljúgandi furðuhlut

**BANDARÍKIN** Bandarískt fyrirtæki hefur hafið framleiðslu á fljúgandi furðuhlut. Farartækið svífur þrjá metra yfir jörðinni og getur ferjað tvo farþega.

Farartækið er á stærð við lítinn bíl og getur hafið sig á loft án atrennu. Kosturinn við furðuhlutinn er að hann getur svifið yfir hvaða yfirborð sem er á áttatíu kílómetra hraða og þarfnast engra vega. Farartækið ætti því að gagnast á íslenska hálendinu.

Ódýrustu gerðir farartækisins gætu kostað rúmar 5,6 milljónir króna. - sgj

Flugfélag Íslands um helgina:

## Um 6.000 manns í 200 ferðum

**FLUG Um 6.000 farþegar verða á flugi með Flugfélagi Íslands um helgina í um 200 flugferðum.**

**Vel hefur gengið með flug það sem af er. Í gær voru tæplega 2.000 farþegar bókaðir í flug með félaginu. Flestir eru á leið til Akureyrar og Vestmannaeyja en einnig voru áætlaðar þrjár ferðir til Ísafjarðar og sex ferðir til Egilsstaða. Stærsti einstaki dagurinn verður mánudagurinn en þá eru sextán ferðir settar upp frá Vestmannaeyjum.** - pal

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Á 141 kílómetra hraða

Maður var tekinn á 141 kílómetra hraða á Mývatnsöræfum í gær. Maðurinn á yfir höfði sér 90.000 króna sekt.

## LEIÐRÉTTING

Í Fréttablaðinu í gær var sagt að ökumaður hefði keyrt út í Laxá í Aðaldal skammt frá Helluvaði í Mývatnssveit. Laxáin er vitaskuld ekki kennd við Aðaldal á þessum slóðum.

Einkahlutafélagavæðingin hefur haft afar slæm áhrif á tekjur sveitarfélaga segir bæjarstjórinn í Bolungarvík:

# Sveitarfélög verða af þremur milljörðum

**STJÓRNMÁL** Sveitarfélögin verða af þriggja milljarða króna skatttekjum vegna einkahlutafélaga, segir bæjarstjórinn í Bolungarvík. Fjármálaráðherra segir að ekki halli á sveitarfélögin vegna einkahlutafélaga, og vill meta heildarmyndina.

Áður en lög um einkahlutafélög breyttust fengu sveitarfélögin hærri hlutdeild í tekjum einyrkja á borð við trillusjómenn, segir Grímur Atlason, bæjarstjóri í Bolungarvík. Vegna breytingarinnar fái ríkið nú um þrjá milljarða króna í tekjur vegna einkahlutafélaga sem sveitarfélögin hafi fengið áður. Þetta séu gríðarlega miklir peningar sem sveitarfélögin þurfi á að halda.

Árni Mathiesen fjármálaráðherra segir það beinlínis rangt að svokölluð einkahlutafélagavæðing hafi komið illa við sveitarfélögin. Tekjuaukning sveitarfélaganna í kringum einkahlutafélögin hafi verið gríðarleg á undanförnum árum, og ekki halli á sveitarfélögin.



**EINYRKJAR** Smábátasjómenn og aðrir einyrkjar hafa margir hverjir stofnað einkahlutafélög um reksturinn. FRÉTTABLAÐIÐ/VILMUNDUR

Það að einstaklingar hafi stofnað félög um sinn rekstur hafi verið mjög jákvæð breyting sem hafi ýtt undir einstaklingsframtakið. Heildaráhrifin af því fyrir sveitarfélögin séu jákvæð.

„Það er líka rangt að taka eitt atriði eins og einkahlutafélögin út þegar verið er að meta stöðu sveitarfélaganna, hvort tekjur þeirra hafi verið að minnka eða aukast þegar búið er að gera miklar breytingar í okkar samfélagi. Það verður að skoða heildarmyndina, því það eru augljósir póstar þar sem tekjuaukning sveitarfélaga hefur verið gríðarleg, eins og í fasteignagjöldunum," segir Árni. - bj

# Sækja í fjármagnstekjurnar

**Tekjur ríkisins af fjármagnstekjuskatti aukast ár frá ári sem bitnar á sveitarfélögunum segir bæjarstjóri Bolungarvíkur. Sveitarfélögin þurfa fimm milljarða á ári segir varaformaður Sambands íslenskra sveitarfélaga.**

**STJÓRNMÁL** Hlutfall fjármagnstekjuskatts af tekjuskatti einstaklinga fer sífellt hækkandi og það bitnar harkalega á sveitarfélögunum, segir Grímur Atlason, bæjarstjóri í Bolungarvík. Hefði Bolungarvík fengið svipað hlutfall af fjármagnstekjuskatti og bærinn fékk af tekjuskatti hefðu tekjur ársins 2006 verið um 100 milljónum króna hærri.

Sveitastjórnarmenn hafa nú margir uppi háværar kröfur um að sveitarfélögin fái hlutdeild í tekjum ríkisins af fjármagnstekjuskatti. Þar eru þeir á öndverðum meiði við fjármálaráðherra, sem hefur alfarið hafnað kröfunum.

Grímur segir Bolungarvík gott dæmi um sveitarfélag sem tapi umtalsverðum upphæðum vegna þess að ákveðnir íbúar greiði einungis fjármagnstekjuskatt. Sex af þeim tíu einstaklingum sem greitt hafi hæst opinber gjöld á Vestfjörðum búi í Bolungarvík, en enginn þeirra komist á lista yfir þá sem hafi greitt hæst útsvar.

Grímur segir sínar heimildir herma að í Bolungarvík hafi verið greiddar 250-300 milljónir króna í fjármagnstekjuskatt vegna ársins 2006. „Af því hefðum við verið að fá um 100 milljónir ef þetta væri eðlileg skipting," segir Grímur. Það sé þó spurning um útfærslu hvernig deila mætti tekjum vegna fjármagnstekjuskatts niður á sveitarfélögin, til dæmis mætti nota jöfnunarsjóð sveitarfélaga til þess að sú skipting yrði sem sanngjörnust.

Hann segir fráleitt hjá fjármálaráðherra að segja vanda sveitarfélaga útgjalda- og skuldavanda, ekki tekjuvanda. Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga hafi staðfest að ýmis sveitarfélög, þar á meðal Bolungarvík, hafi ekki aukið útgjöld utan við lögbundin verkefni.

Árni Þór Sigurðsson, þingmaður Vinstri grænna og varaformaður Sambands íslenskra sveitarfélaga, segir að leiðrétta þurfi tekjustofna sveitarfélaganna. Sveitarfélögin þurfi að hafa um fimm milljörðum hærri tekjustofna en þau geri í dag til að standa undir lögbundnum verkefnum. Árni segir það hafa komið mjög á óvart að fjármálaráðherra hafi tekið svo ákveðna afstöðu gegn því að sveitarfélög fái hlutdeild í fjármagnstekjuskatti, eins og hann gerði í Fréttablaðinu á fimmtudag. Á árlegum samráðsfundi Sambands íslenskra sveitarfélaga með ráðherrum fjármála og sveitarstjórnarmála hafi verið farið yfir málið.

„Ég er ekki að segja að fjármálaráðherra hafi þar verið sammála okkur, en hann var samþykkur því að það þyrfti að fara yfir þetta. Það var rætt að sveitarfélögin þyrftu frekari tekjustofna, og hvort þetta væri ein af þeim leiðum sem þyrfti að fara. Þess vegna kom það mér á óvart að hann skyldi nú algerlega þvertaka fyrir þetta," segir Árni.

brjann@frettabladid.is



**FJÁRMAGNSTEKJUR** Þeir sem greiða eingöngu eða að mestu leyti fjármagnstekjuskatt greiða lítið sem ekkert útsvar til sveitarfélaganna sem þeir búa í.



ÁRNI ÞÓR SIGURÐSSON



GRÍMUR ATLASON

## HEIMILDIR TIL AÐ RANNSAKA FJÁRFESTA

Að líkindum er stór hluti þess hóps sem í dag greiðir eingöngu fjármagnstekjuskatt eldri borgarar og námsmenn sem borga lágan fjármagnstekjuskatt og hafa engar launatekjur, segir Árni M. Mathiesen fjármálaráðherra. Verið er að greina betur hvernig þessi hópur er samansettur.

Á tekjuárinu 2005 greiddu um 2.200 skattgreiðendur fjármagnstekjuskatt en engan tekjuskatt, en tölur fyrir síðasta ár hafa enn ekki verið birtar.

„Það virðist vera lítill hópur einstaklinga sem hefur umtalsverðar fjármagnstekjur en skráir engar launatekjur og borgar þannig eingöngu fjármagnstekjuskatt. Þar gæti verið um ósanngirni að ræða, sérstaklega í tilfellum þegar um aðila er að ræða sem raunverulega vinna við það að fjárfesta sínar eigin eignir," segir Árni.

„Þessir aðilar eiga að telja sér tekjur og borga tekjuskatt af því," segir Árni. Þetta sé þó svo nýtilkomið að skattkerfið sé varla búið að ná utan um vandann.

Skattrannsóknarstjóri hefur nægar heimildir til þess að rannsaka þá sem reikna sér engin laun en vinna við að sýsla með eigin eignir, þá sem kalla mætti sjálfstætt starfandi fjárfesta, segir Árni. Ef í ljós komi að eitthvað skorti upp á þær heimildir verði brugðist við því.

## SVEITARFÉLÖG FENGJU 5,9 MILLJARÐA

Fengju sveitarfélögin sama hlutfall af fjármagnstekjuskatti og þau fá af tekjuskatti, rúman þriðjung, hefðu þau fengið 5,9 milljarða króna vegna ársins 2006 og 4,4 milljarða vegna ársins 2005. Landsmenn greiða 35,72 prósenta tekjuskatt, sem skiptist í tekjuskatt til ríkisins, 22,75 prósent, og útsvar til sveitarfélaga 12,97 prósent.






## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**GÓÐA HELGI** Fyrir liggur að þessi helgi verður ekki sú hægviðrasamasta sem komið hefur. Það lægir og hvessir á víxl yfir helgina en almennt verður sæmilega hægur vindur. Þó er sjáanlegur nokkuð myndarlegur strengur allra vestast í dag og austan Vatnajökuls síðdegis á morgun. Fram að mánudegi verður nokkuð blautt nyrðra en þokkalega bjart syðra. Á mánudag léttir svo til á landinu austanverðu.

**REYKJAVÍK Í DAG** Nokkuð stíf norðaustanátt, 8-13 m/s. Bjart með köflum. Hiti 11-14 stig.

um hádegi »







um hádegi »

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 21°C léttskýjað | London | 25°C léttskýjað | Friedrichshafen | 26°C léttskýjað |
| Billund | 22°C léttskýað | París | 29°C hálfskýjað | Basel | 27°C hálfskýjað |
| Osló | 20°C skúrir | Eindhoven | 26°C hálfskýjað | Alicante | 31°C heiðskírt |
| Stokkhólmur | 24°C léttskýjað | Frankfurt | 27°C léttskýjað | Algarve | 31°C hálfskýjað |
| Gautaborg | 21°C hálfskýjað | Berlín | 23°C hálfskýjað | Las Palmas | 27°C hálfskýjað |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

HINIR ÁRLEGU VERSLUNARMANNAHELGARTÓNLEIKAR Í HÚSDÝRAGARÐINUM

# STUÐMENN

**Stuðmenn og gestir þeirra bjóða upp á fjölbreytta dagskrá í Hamingjulundi**
**sunnudaginn 5.ágúst 2007 kl. 20:30**

Laddi



Laddi

**Kynnir er enginn annar en hinn frábæri Laddi.**
**Upphitunarhljómsveit Eiríks Fjalar og Elsu Lund mætir á svæðið.**
**Tannsi verður tiltækur með borinn ef eitthvað skyldi útaf bera en Jón Spæjó sér um gæsluna.**

**Birgitta Haukdal og Valgeir Guðjónsson frumflytja nýtt popplag í D-dúr**

Aðgangseyrir aðeins kr 1000 fyrir 12 ára og eldri - Frítt í öll leiktækin frá kl. 20.00 - Tónleikarnir hefjast stundvíslega kl. 20:30 - Forsala er hafin í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum.

**Sérstakur gestur er hin ástsæla söngstjarna Shady Owens sem elskar alla**

**Shady**



**Owens**

FJÖLSKYLDU - OG HÚSDÝRAGARÐURINN - ÍTR - RÁS 2 - RÚV

**KJÖRKASSINN**



*Er réttlætanlegt að vera með aldurstakmörk á tjaldstæðum?*

| | |
|---|---|
| Já | 65% |
| Nei | 35% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Finnst þér rétt að banna nektardans á skemmtistaðnum Goldfinger?*

Segðu skoðun þína á visir.is

Togari sökk við Færeyjar:

## Fimmtán tonn af olíu í sjóinn

**FÆREYJAR** Rússneski togarinn Olshana sökk í Tangarfirði í Færeyjum á fimmtudagskvöld. Skipið var á leið til fiskveiða þegar það strandaði, og var nýbúið að taka olíu.

Samkvæmt færeyska fréttavefnum Sosialurin var reynt að draga skipið á flot en björgunaraðgerðum lauk með því að það sökk á hafsbotn. Talið er að um fimmtán tonn af olíu hafi lekið í sjóinn, en tæplega þrjú hundruð tonn af gasolíu voru í skipinu þegar það sökk.

34 manna áhöfn var um borð í togaranum þegar hann strandaði, og var öllum bjargað. **- sþs**



**SKIPIÐ SEKKUR** Togarinn var á leið úr höfn þegar hann strandaði. Björgunaraðgerðir fóru ekki betur en svo að skipið sökk niður á hafsbotn. MYND/JENS KRISTIAN VANG

Fangi í Serbíu fær félaga:

## Fær nautið sitt í fangaklefann

**SERBÍA Serbneskur bóndi hefur fengið leyfi til að taka naut með sér í fangelsi. Maðurinn fékk árslangan fangelsisdóm fyrir að ráðast á mann eftir rifrildi á bar.**

**Dómarar komust að þeirri niðurstöðu að ef bóndinn fengi ekki að taka með sér verðlaunanautið Micko, sem vegur eitt og hálft tonn, yrði að slátra því. Enginn væri til staðar til að hugsa um nautið og það væri bóndanum of dýrmætt til að slátra því.**

**Sérútbúinn klefi hefur verið hannaður fyrir Micko. Ef hann og bóndinn hegða sér vel fá þeir að fara heim fyrir jól. - sgj**




**SITTING BULL** grjónasekkur, fæst rauður og beige.
11.490
áður: 22.980
Gildir meðan birgðir endast
HÚSGAGNAHÖLLIN
HÚSGAGNAHÖLLIN • Bíldshöfða 20 • 110 Reykjavík • 585 7200 • opið í dag frá kl. 11-18


# Umferðin úr bænum á við venjulega helgi

**Verslunarmannahelgin í ár virðist ekki ætla að verða stærsta ferðahelgi ársins. Bílaumferðin úr bænum í gær var á við venjulega helgi, segir varðstjóri lögreglu. Flestir sem eru á leið í ferðalag um helgina ætla til Akureyrar og Vestmannaeyja.**

**FERÐALÖG** Færri virðast leggja land undir fót um þessa verslunarmannahelgi en áður. Straumurinn liggur að mestu leyti til Akureyrar, þar sem fjölskylduhátíðin Ein með öllu verður haldin, og á þjóðhátíð í Vestmannaeyjum.

Rúnar Sigurpálsson, varðstjóri umferðardeildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, segir bílaumferðina út úr borginni hafa verið á við venjulega helgi í gær, jafnvel minni. „Ég giska á að veðurspáin hafi dregið úr ferðaáhuga fólks. Þessi helgi hefur verið stærsta ferðahelgi ársins fram að þessu, en mínir menn segja mér að umferðin sé bara eins og um hverja aðra helgi.“

Tryggvi Már Sæmundsson hjá þjóðhátíðarnefnd segist búast við um níu þúsund gestum til Eyja, ef allt gengur eftir. „Það virðast allir vera að komast til Vestmannaeyja sem áttu bókað far, um fjögur þúsund manns hafa komið með Herjólfi og rétt rúmlega tvö þúsund áttu bókað flugfar á miðvikudag, fimmtudag og á föstudag,“ segir hann.

Helstu skemmtiatriðin í Eyjum segir Tryggvi vera tónleika Stefáns Hilmarssonar ásamt hljómsveit í kvöld og upphitun Bubba Morthens fyrir brekkusönginn á sunnudag.

Samkvæmt fulltrúa lögreglunnar á Akureyri var straumurinn til bæjarins ekki mikill um klukkan sjö í gærkvöldi, en þar standa Vinir Akureyrar að fjölskylduhátíðinni Ein með öllu. Þar er spáð rigningu fram á mánudag, en þá á að stytta upp. Á Einni með öllu spila meðal annarra Páll Óskar, Stuðmenn, Jógvan úr X-Factor og Tortímandinn.

Auk hátíðanna tveggja á Akureyri og í Vestmannaeyjum verður Síldarævintýri á Siglufirði, Neistaflug í Neskaupstað, Kúrekamót á Hótel Bjarkalundi og Fjölskyldufjör á Úlfljótsvatni um helgina, svo eitthvað sé nefnt. Þeir sem verða í höfuðborginni geta síðan skellt sér á Innipúkann sem haldinn verður á tónleikastaðnum Organ. **salvar@frettabladid.is**



**Á VESTURLANDSVEGI** Umferðin úr höfuðborginni var ekki mjög þung í gær, en leið flestra ferðalanga lá til Akureyrar eða Vestmannaeyja. Verslunarmannahelgin hefur hingað til verið stærsta ferðahelgi ársins, en veðurspáin virðist hafa komið í veg fyrir að svo verði í ár. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

Erlendir starfsmenn sem fá ekki laun sín útborguð þurfa neyðaraðstoð:

## Gæti tekið ár að fá borgað

**VINNUMARKAÐUR** Lettnesku starfsmennirnir sem ekki fengu útborgað frá vinnuveitanda sínum um mánaðamótin, hafa engin lögbundin úrræði til að bjarga sér út mánuðinn.

Fyrirtæki mannanna, Stokkar, á við greiðsluörðugleika að stríða. Forsvarsmenn þess hafa þó ekki lýst yfir gjaldþroti.

Tryggingarsjóður launa greiðir einungis laun til starfsmanna gjaldþrota fyrirtækja. Það er hins vegar í verkahring verkalýðsfélaga að sækja rétt mannanna og innheimta launin. Tryggvi Gunnarsson, þjónustufulltrúi Eflingar, segir það geta tekið allt að eitt ár.

„Stundum borga fyrirtækin en annars þarf þetta að fara fyrir dómstóla. Það getur farið fyrir Hæstarétt og tekið upp í eitt ár,“ segir hann. Efling veiti ekki fjárhagsaðstoð til skjólstæðinga sinna við þessar aðstæður.

Því þurfa mennirnir að segja upp vinnunni eða biðja atvinnurekandann að reka sig og skrá sig svo atvinnulausa.

Það tæki þó sinn tíma að fá bæturnar. Þangað til gætu þjónustumiðstöðvar borgarinnar veitt neyðaraðstoð, að sögn Áshildar Emilsdóttur, deildarstjóra í Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða. **- kóþ**



**LETTARNIR FIMM** Eiga ekki fyrir húsaleigu eða mat og óttast að lenda á götunni í mánuðinum. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

# Sprengitilboð

## Keyptu sófasett og fáðu flatskjá í kaupbæti

Einungis fáanlegt í Smáralind og á markaði Hagkaupa Akureyri



### 32" JVC LCD skjár

- 1366x768 punkta upplausn
- 1.000:1 skerpa og 7ms svartími
- Birta 500cd/m2
- 10w Nicam stereó hljóðkerfi
- 2 scart (með RGB), HDMI, component, CVBS og heyrnartólstengi
- Textavarp með 1.000 síðna minni
- Fjarstýring, borðstandur fylgir
- Stærð í cm (bxhxd): 82x55x13, þyngd: 16kg

**Með hverju seldu 8138M eða 8160 sófasetti fylgir JVC - 32" LCD breiðtjaldssjónvarp að andvirði 99.990kr***

*Gildir á meðan birgðir endast



**329.000kr** GOTT VERÐ

**Svefnsófasett** úr leðri 8138M



**335.500kr** GOTT VERÐ

**Leðursófasett** 3+2 8160



### 20" Dantax LCD skjár

- 20" 4:3 LCD sjónvarp • Upplausn: 800x600 punktar
- Svartími: 8ms og sjónsvið (h/v): 150/130°
- Skerpa: 700:1 og 500cd/m2 • 12v og 220v
- Nicam stereó hljóðkerfi
- 2 Scart, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi
- VGA tengi • Textavarp með 7 síðna minni
- Barnalæsing og fjarstýring • Borðstandur og veggfesting fylgja
- Mál í cm (bxhxd): 52,3x43,5x7,9 og þyngd: 9kg

**Með hverju seldu 8181 eða 8183 sófasetti fylgir Dantax - 20" LCD breiðtjaldssjónvarp að andvirði 49.990kr***

*Gildir á meðan birgðir endast



**199.000kr** GOTT VERÐ

**Leðursófasett** 3+1+1 8181



**199.000kr** GOTT VERÐ

**Leðursófasett** 3+1+1 8183

## BORÐSTOFUSTÓLAR Á SPRENGITILBOÐI



| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| TILBOÐ | TILBOÐ | TILBOÐ | TILBOÐ | TILBOÐ | TILBOÐ | TILBOÐ | TILBOÐ |
| 9.900kr | 8.990kr | 12.990kr | 8.330kr | 8.330kr | 11.900kr | 11.900kr | 14.900kr |
| Verð áður 14.900,- | Verð áður 12.900,- | Verð áður 18.900,- | Verð áður 11.900,- | Verð áður 11.900,- | Verð áður 18.900,- | Verð áður 14.900,- | Verð áður 24.900,- |

Gildir til 7. ágúst eða á meðan birgðir endast.
Með fyrirvara um villur í texta.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

## VEISTU SVARIÐ?



1. Hvar fæddust kókaínsmyglararnir sem eru fyrir dómi?
2. Hvenær gaus síðast á Öskjusvæðinu?
3. Hversu margir bílar þykja „visthæfir“ á landinu?

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 46

Þjóðhátíðarnefnd segir Árna Johnsen hafa viðhaft ömurlega framkomu:

# Gátu ekki borið ábyrgð á Árna

**VESTMANNAEYJAR** „Það hvessir stundum í Eyjum, en það gengur yfir,“ segir Árni Johnsen, þingmaður Sjálfstæðisflokks, um tilkynningu frá þjóðhátíðarnefnd. Í henni segir að nefndin „treysti sér einfaldlega ekki lengur til að bera ábyrgð á Árna Johnsen sem kynni á Brekkusviðinu“.

Árni lét þau ummæli falla í Þjóðhátíðarblaðinu á dögunum að honum hefði verið „hent fyrir borð“ sem kynni á þjóðhátíðinni í Vestmannaeyjum. Ákvörðunin hefði jafnframt verið pólitísk af hálfu þjóðhátíðarnefndar.

Í kjölfarið sendi nefndin frá sér tilkynningu. Í henni kom fram að ákveðið hefði verið að láta Árna víkja í kjölfar hátíðarinnar 2005, en bjóða honum að segja sjálfur af sér, í virðingarskyni við hann. Við lokaathöfn hátíðarinnar það árið hefði hann misst stjórn á skapi sínu og slegið söngvarann Hreim Hreimsson á sviðinu.



**ÁRNI JOHNSEN** Þjóðhátíðarnefndin segir ummæli Árna „aumkunarvert yfirklór“.

Nefndin segir framkomu Árna hafa verið ömurlega og þetta hafi ekki verið eina skiptið sem hann hafi misst stjórn á skapi sínu á sviðinu. Nefndin geti ekki lengur borið ábyrgð á hegðun hans og líti á ummæli hans í Þjóðhátíðarblaðinu sem „tæknileg mistök“.

Árni vildi ekki tjá sig um tilkynningu nefndarinnar, en sagði hana hafa verið senda út í fljótfærni og að svona lagað gengi yfir. Hann haldi sínu striki og mæti að sjálfsögðu á þjóðhátíð, þar sem hann sjái um Brekkusönginn. - sgj

Losnaði út og braut af sér:

# Ívar Aron Hill enn ákærður

**DÓMSMÁL Ívar Aron Hill Ævarsson, 21 árs síbrotamaður, hefur verið ákærður fyrir þjófnaðar- og umferðarlagabrot sem hann framdi dagana eftir að honum var sleppt lausum úr gæsluvarðhaldi í byrjun júlí.**

**Ívar var dæmdur í 30 mánaða fangelsi fyrir mikla afbrotahrinu 12. júlí síðastliðinn ásamt stórum hópi brotamanna.**

**Hann er nú ákærður fyrir að hafa brotist inn í bifreið 4. júlí, daginn sem hann losnaði úr varðhaldi, og stela úr henni. Daginn eftir reyndi hann að brjótast inn í íbúð og sama dag ók hann próflaus og undir áhrifum. - sh**

Könnun á höfuðborgarsvæðinu:

# Hafnfirðingar lengi í vinnuna

**SAMGÖNGUR Hafnfirðingar eru að meðaltali 15 mínútur á leið sinni í vinnuna, lengst þeirra sem búa á höfuðborgarsvæðinu. Þetta kemur fram í þjóðarpúlsi Capacent Gallup.**

**Mikill meirihluti aðspurðra, 59 prósent, sagðist ferðast einn í bíl til vinnu.**

**Um 19 prósent fara með öðrum í einkabíl og 12 prósent fara fótgangandi. Um þrjú prósent fara á reiðhjóli í vinnu og tvö prósent taka strætisvagn.** - bj

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Sóttur eftir trampólínslys

Drengur lenti í alvarlegu samstuði við annan á trampólíni á Höfn laust fyrir klukkan tíu á fimmtudagskvöld. Þyrla Landhelgisgæslunnar var kölluð til að flytja hann á Landspítala. Sjúkrabíll keyrði drenginn til móts við þyrluna og sótti hún hann á Skeiðarársandi upp úr miðnætti.

### Vinnslys við virkjun

Vinnumaður við efra svæði Hellisheiðarvirkjunar fékk stangarklemmu í höfuðið um tíuleytið í gærmorgun. Fékk hann fjögurra til fimm sentimetra skurð á höfuðið. Búið var um sárið en hann sakaði ekki að öðru leyti.



**TURNARNIR TVEIR** Á miðri myndinni sjást turnarnir tölvuteiknaðir. Myndin er úr kynningu frá Hanza-hópnum á verkinu.

# Turnbygging veldur deilum í Hafnarfirði

**Íbúar við Strandgötu í Hafnarfirði eru ósáttir við fyrirhugaðar breytingar á skipulagi. Hanza-hópurinn hyggst reisa tvo sambyggða turna sem ná upp níu hæðir. Breyta þarf deiliskipulagi miðbæjarins til að turnarnir verði byggðir.**

**SKIPULAGSMÁL** Hanza-hópurinn hefur keypt lóðirnar að Strandgötu 26 til 30 í Hafnarfirði og hyggst byggja þar sex hæða turna ofan á þriggja hæða verslunar- og þjónustuhúsnæði, alls níu hæðir.

Í skýrslu um vindafar í Strandgötu, sem Hanza-hópurinn lét vinna fyrir sig og Fréttablaðið hefur undir höndum, kemur fram að fyrirhugaðir turnar hafi áhrif á vindafar. Við turnana gætu myndast hvirflar og vindstrengir sem geti valdið óþægindum og í versta falli hættu fyrir þá sem eiga leið hjá.

„Þessi skýrsla er unnin fyrir okkur einmitt til að sjá hvaða áhrif turnarnir hefðu að óbreyttu,“ segir Sigrún Þorgrímsdóttir, framkvæmdastjóri Hanza-hópsins.

Að sögn Sigrúnar er þessi skýrsla unnin án þess að mið sé tekið af ýmsum mögulegum aðgerðum til að draga úr vindstrengjum. Það séu ýmsar leiðir til að draga úr vindstrengjum frá turnunum.

„Ég er mjög ósáttur við þessar breytingar,“ segir Ellert Gissurarson íbúi í grennd við lóðina þar sem turnarnir eiga að rísa.

Ellert er ósáttur við að erfitt sé að fá upplýsingar um gang mála og breyting á skipulagi miðbæjarins sé illa auglýst. „Ef ég ætla að leggja inn andmæli við breytingum á skipulaginu þarf ég að færa rök fyrir máli mínu. Það er alveg sama hvert ég leita, ég fæ nánast engin gögn að sjá og þau gögn sem eru til miðast við tíu eða tólf hæða turna. Ekki níu hæða eins og stendur til að reisa,“ segir hann.

Ellert bendir einnig á að bílastæðamál verði í ólestri. „Það er gert ráð fyrir einu bílastæði fyrir hverja íbúð en ekki gert ráð fyrir neinum bílastæðum fyrir verslunarhúsið,“ segir hann.

Í greinargerð Hanza-hópsins er bent á mögulega staði í nágrenninu til byggingar bílastæðahúss sem eru í vinnslu.

Sigrún segir að það verði alltaf einhverjir ósáttir við svona breytingar. „Við erum að vinna í að setja upp heimasíðu til kynningar fyrir fólk. Við erum búin að halda einn kynningarfund þar sem fáir mættu.“

Annar kynningarfundur á fyrirhugaðri breytingu verður haldinn þann sextánda ágúst í Hafnarborg. Frestur til andmæla rennur út þann 22. ágúst.

Ekki náðist í neinn hjá Hafnarfjarðarbæ þar sem þeir sem hafa með málið að gera eru í sumarfríi.

andriv@frettabladid.is


Orkuveita Reykjavíkur

Ganga um Hengilssvæðið

Sunnudaginn 5. ágúst verður farin gönguferð um Engidal og inn í Marardal í Vestanverðum Henglinum. Gangan er létt og tekur þrjár til fjórar klukkustundir. Mæting við Hellisheiðarvirkjun við Kolviðarhól klukkan 14:00. Þátttaka er ókeypis og allir velkomnir. Leiðsögumaður er Almar Sigurðsson kynningarfulltrúi Hellisheiðarvirkjunar.



• Orkuveita Reykjavíkur rekur stærstu jarðvarmaveitu í heimi. www.or.is

Lykill að fortíðinni



Reykjavík 871 ±2

Landnámssýningin The Settlement Exhibition

Landnámssýningin við Aðalstræti veitir gestum tækifæri til að skyggnast inn í lífið á landnámsöld. Miðpunktur sýningarinnar er skálarúst frá 10. öld. Einnig má þar finna fornleifar frá því um 871 og eru það elstu mannvistarleifar sem fundist hafa á Íslandi.

Einstök margmiðlunartækni gerir gestum kleift að ímynda sér hvernig lífi heimilisfólks í fyrstu byggð Reykjavíkur var háttað og hvernig umhverfi og landslag borgarinnar var við landnám.

Aðalstræti 16
www.reykjavik871.is

Minjasafn Reykjavíkur

# Opið á morgun




## sunnudag **11-19**
## í Skútuvogi

HÚSASMIÐJAN
...ekkert mál



**SKEGGPRÚÐUR API** Í dýragarðinum í Hamborg er að finna þennan keisaraskeggapa, sem flaggar sínu fagra skeggi ófeiminn með öllu. Keisaraskeggapar draga nafn sitt af því hve skegg þeirra þykir líkjast skeggi Vilhjálms II. Þýskalandskeisara. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Skattur á áfengi hækkaður um tíu til fimmtán prósent í Finnlandi:

# Drykkjan fellir flesta Finna

**HELSINKI, AP** Ofdrykkja er orðin helsta dauðaorsök finnskra karlmanna á aldrinum 15 til 64 ára. Sautján prósent allra sem látast á þessu aldursskeiði hafa drukkið sig til dauða. Ofdrykkja er einnig önnur tveggja helstu dauðaorsaka finnskra kvenna. Rúm tíu prósent þeirra eru lögð að velli af Bakkusi, svipaður fjöldi og verður undir í baráttu við brjóstakrabba. Finnska ríkisstjórnin hyggst bregðast við þessu með skattahækkunum.

Áfengisgjöld Finna verða hækkuð um 10 til 15 prósent á næsta ári og verður mest lagt á sterkt áfengi.

Árið 2004 voru gjöldin lækkuð um fjörutíu prósent til að bregðast við ásókn Finna í áfengiskaupaferðir til Rússlands og Eistlands, þar sem áfengi fæst ódýrt.

Lögregluyfirvöld hafa síðan greint frá aukinni ölvun á almannafæri og andfélagslegri hegðun.

Heilbrigðisyfirvöld bera skattalækkuninni ekki heldur góða söguna og hefur kostnaður vegna áfengistengdra heilbrigðiskvilla aukist um 14 prósent. Hann er nú 73 milljarðar króna. - kóþ



**EINUM OF MIKIÐ** Ofdrykkja leggur nú fleiri Finna að velli en hjartasjúkdómar. Ríkisstjórnin telur því ráðlegast að hækka skatta á áfengi.

Nektardansstað lokað:

## Lögreglan lokar Strawberries

**LÖGREGLUMÁL Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu hefur afturkallað starfsleyfi veitingastaðarins Strawberries til reksturs. Ástæðan er að þar var stundaður nektardans, en starfsleyfið heimilaði það ekki.**

**„Það er alveg klárt og skýrt í lögunum og leyfunum að ef starfsemin fer út fyrir það sem leyfið heimilar má afturkalla það samstundis," segir Jón H. B. Snorrason aðstoðarlögreglustjóri. Afturköllun leyfisins fylgir engin lögreglurannsókn, en veitingastaðnum var lokað. Ekki náðist í eiganda eða rekstraraðila.** - sgj

61 árs karlmaður:

## Sviptur lyklum og vasapening

**ÍTALÍA 61 árs gamall karlmaður mætti á lögreglustöðina í Caltagirone á Ítalíu með 81 árs gamalli móður sinni og kvartaði yfir því að hún hefði hætt að gefa honum vasapeninga. Móðirin hafði líka tekið húslyklana hans þegar hann kom ekki heim á réttum tíma.**

**Móðirin sagði lögreglunni að sonurinn bæri enga virðingu fyrir sér, segði henni aldrei hvert hann færi á kvöldin og kæmi heim þegar honum sýndist. Hann væri líka alltaf að kvarta yfir kvöldmatnum.**

**Lögreglumennirnir töldu mæðginin á að fara heim og móðirin ákvað að gefa syninum aftur lyklana og vasapeninga.** - sgj



**VAÐIÐ Í VATNINU** Þorpið Sirajganj í Bangladess hefur orðið einna verst úti í monsúnrigningunum í ár. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Milljónir hafa þurft að flýja heimili sín

**Nærri 200 manns hafa látist í monsúnflóðunum í Asíu. Verst er ástandið í Bangladess og á norðanverðu Indlandi. Margir standa uppi allslausir.**

**INDLAND, AP** Nærri 200 manns hafa látist og 19 milljónir flúið að heiman vegna monsúnflóðanna í Bangladess og á Indlandi. Uppskera eyðilagðist víða og vegir fóru á kaf í flóðunum, sem stafa af hinni árlegu monsúnrigningu.

Á Indlandi voru flóðin mest norðan til en í höfuðborginni Mumbai þurfti fólk einnig að ösla vatnið upp í hné. Rigningarnar eru mikilvægar fyrir gróður í þessum heimshluta, en þegar rignt hefur dögum saman fara ár og fljót að flæða yfir bakka sína.

Monsúntímabilið í Suður-Asíu er frá júní fram í september ár hvert og jafnan lífshættulegt íbúum í þessum heimshluta. Á síðasta ári fórust þúsund manns, ýmist drukknuðu, létu lífið í aurskriðum, urðu fyrir rafmagni eða fórust þegar hús hrundu. Það sem af er þessu ári hafa 14 milljónir misst heimili sín á Indlandi og 5 milljónir í Bangladess.

Eitt versta atvikið varð á Indlandi á miðvikudaginn þegar 28 manns fórust með bát í vatnsmiklu fljóti. Of margir voru um borð í bátnum, en fólkið var að flýja heimaþorp sitt þar sem allt var komið á kaf.

Í Bangladess hefur þorpið Sirajganj orðið einna verst úti. Þar hafa tvö þúsund þorpsbúar neyðst til þess að yfirgefa heimili sitt.

„Flóðin hafa tekið frá mér allt sem ég á," segir Rahmat Sheikh, fertugur bóndi í Sirajganj. „Hrísgrjónareitirnir, tvær kýr og húsið mitt. Allt er þetta farið og ég veit ekki hvernig ég á að sjá mér farborða núna."

Heilbrigðisstarfsfólk hefur ferðast um flóðasvæðin til að reyna að koma í veg fyrir útbreiðslu smitsjúkdóma á borð við taugaveiki, niðurgang og kóleru.

Í Uttar Pradesh á Indlandi unnu hermenn við að koma 500 íbúum burt úr einu þorpinu. Víða í Uttar Pradesh reis vatnsyfirborðið svo hratt að fólki tókst ekki að koma sér burt í tæka tíð.

„Vatnselgurinn kom svo hratt að við höfðum engan tíma til að bregðast við," sagði Vinod Kumar, íbúi í einu þorpanna í Basti-héraði. „Öllum eigum okkar hefur skolað burt. Við erum ekki með neinn mat, enga steinolíu og ekki einu sinni eldspýtustokk. Embættismennirnir segja að aðstoð sé á leiðinni, en ekkert hefur komið enn."

gudsteinn@frettabladid.is



**HÁSKÓLINN Á BIFRÖST** Fasteignir á Bifröst hafa verið seldar Nýsi.

Háskólinn á Bifröst:

## Nýsir kaupir allar fasteignir

**VIÐSKIPTI** Nýsir hf. hefur keypt allar húseignir Háskólans á Bifröst. Mun háskólinn leigja fasteignirnar og hafa endurkauparétt á fimm ára fresti.

„Þetta er tímamótasamningur," segir Ágúst Einarsson rektor Háskólans á Bifröst. Hann segir samninginn bæta erfiða fjárhagsstöðu. „Við munum einbeita okkur að því að reka skólann, kenna og gera allt það sem við kunnum vel á meðan þessi ágæti samstarfsaðili okkar, Nýsir, einbeitir sér að eignarhaldi og rekstri fasteigna, sem hann kann mjög vel." - þeb



**SAMNINGUR** Jón Þ. Frantzson, framkvæmdastjóri Gámafélagsins, og Björn H. Halldórsson, framkvæmdastjóri Sorpu, handsala samkomulagið.

Sorpa og Gámafélagið semja:

## Auknar kröfur um útlit stöðva

**IÐNAÐUR** Sorpa bs. og Íslenska gámafélagið ehf. hafa gert fimm ára samning um gámaleigu og gámaflutninga á endurvinnslustöðvum. Samningurinn hljóðar upp á 650 milljónir fyrir allt samningstímabilið.

SORPA bs. starfrækir sjö endurvinnslustöðvar víðs vegar á höfuðborgarsvæðinu. Í nýjum samningi eru gerðar auknar kröfur um útlit og ástand gáma og kröfur um að verktaki noti í það minnsta eina metanknúna bifreið við flutninga. - þo

Heilbrigðisráðuneytið:

## Steingrímur Ari formaður

**STJÓRNSÝSLA Steingrímur Ari Arason hagfræðingur hefur verið skipaður formaður samninganefndar heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra. Nefndin verður óbreytt að öðru leyti.**



**STEINGRÍMUR ARI ARASON**

**Samninganefnd heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra starfar samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu og hefur það hlutverk að semja við sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmenn um greiðsluþátttöku almannatrygginga vegna heilbrigðisþjónustu. Eins semur nefndin við fyrirtæki og stofnanir vegna sambærilegrar þjónustu sem þar er veitt.** - þo

Málefni miðborgarinnar:

## Lögreglustjóri á fund borgarráðs

**REYKJAVÍK Lögreglustjóri verður kvaddur á næsta fund borgarráðs til að ræða skilyrði rekstrarleyfa veitingahúsa sem og ofbeldi og aukna löggæslu í miðborginni. Umsagnir um rekstrarleyfi fjölda veitingastaða voru rædd á fundi borgarráðs á miðvikudag.**

**Samkvæmt nýjum lögum gefur lögreglustjóri út rekstrarleyfi til veitingahúsa sem borgin gerði áður. Borgin gefur bindandi umsögn til lögreglustjóra.**

**Öllum afgreiðslum um endurnýjun var frestað til næsta fundar borgarráðs þar sem stefnt er á að ræða skilyrði fyrir rekstrarleyfi veitingahúsanna.** - aví

Önnur sveitarfélög ætla ekki að fylgja fordæmi Garðabæjar í kolefnisjöfnun:

# Kjósa aðrar aðgerðir gegn mengun

**UMHVERFISMÁL** Bæjarstjórn Garðabæjar hefur ákveðið að láta kolefnisjafna þær bifreiðir sem sveitarfélagið rekur. Fulltrúar annarra sveitarfélaga hyggjast ekki fylgja fordæmi Garðbæinga.

„Áður en orðið kolefnisjöfnun komst í tísku höfðum við hjá Reykjavíkurborg kynnt grænu skrefin og þar kemur fram að við ætlum að stórauka skógrækt og jafnframt reyna að menga minna. Við teljum okkur því sinna þessum málum vel þótt það heiti kannski ekki kolefnisjöfnun," segir Gísli Marteinn Baldursson, borgarfulltrúi og formaður umhverfisráðs Reykjavíkurborgar.

Ekki stendur til að kolefnisjafna bílaflota Kópavogsbæjar og í Hafnarfirði líta menn til annarra lausna. „Mér finnst kolefnisjöfnun frekar takmörkuð lausn. Við erum að vinna að því núna að metangasstöð rísi í Hafnarfirði og þegar af því verður stendur til að metanvæða bílaflota sveitarfélagsins," segir Guðfinna Guðmundsdóttir, formaður umhverfisnefndar Hafnarfjarðar.

Hjalti Jón Sveinsson, bæjarfulltrúi á Akureyri, tekur í sama streng og á ekki von á því að bílafloti Akureyrarbæjar verði kolefnisjafnaður. Hann segir að aðgerðir bæjaryfirvalda á borð við að gefa frítt í strætó vegi þyngra í baráttunni við mengunina. „Ég tek þessari kolefnisjöfnun með ákveðnum fyrirvara," segir Hjalti. - þo



**SKÓGRÆKT GEGN ÚTBLÆSTRI** Fyrirtæki keppast við að kolefnisvæða bílaflota sinn. Allir bílar Stjórnarráðsins verða kolefnisjafnaðir frá og með næstu áramótum og nú hefur Garðabær bæst í hópinn.

Undirbúningur nýs safns:

## Sjávarheimar í Sandgerði

**DÝRAHALD** Verið er að kanna möguleika á að reisa sjávardýrasafn í Sandgerði. Sandgerðisbær stofnaði nýlega einkahlutafélagið Sjávarheima í þessum tilgangi. Undirbúningsvinna að safninu er vel á veg komin. Þetta kemur fram á vef Víkurfrétta.

Safninu er ætlað að sérhæfa sig í söfnun og sýningu dýra úr lífríki Norður-Atlantshafsins. Meðal þess sem sýningargestir geta átt von á að sjá þar eru ísbirnir, selir, hákarlar, hitabeltisfiskar, kóralar og hryggleysingjar.

Ef allt gengur eftir ættu framkvæmdir við safnið að hefjast á næsta ári. - þeb

Tilboð á stafrænni framköllun:

# Hundrað myndir á 2500 krónur!



## Ekki gleyma að sækja!

Tilboðið gildir út ágúst 2007.
Kr. 25 myndin óháð magni.

**Frábært tilboð!**

Kodak EasyShare
C653
6.1 megapixlar ásamt
512mb minniskorti
á **kr. 15.900**

Takmarkað upplag!



HANS PETERSEN

Bankastræti • Fjörður • Kringlan • Laugavegur 178 • Smáralind

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Tvær grímur að renna á stuðningsmenn RÚV:

## Velkomnir í hópinn

**JÓN KALDAL SKRIFAR**

Björn Bjarnason dómsmálaráðherra og Sigurður Kári Kristjánsson, formaður menntamálanefndar Alþingis, eru boðnir velkomnir í hóp þeirra sem setja spurningarmerki við stöðu Ríkisútvarpsins á fjölmiðlamarkaði. Um leið er þeim þakkað fyrir að halda lifandi umræðunni um þá ójöfnu stöðu sem sannarlega ríkir í samkeppni Ríkisútvarpsins við einkarekna fjölmiðla.

Nú vill svo til að Björn og Sigurður Kári greiddu báðir atkvæði með umdeildu frumvarpi um hlutafélagavæðingu Ríkisútvarpsins á síðasta þingi. Frumvarpið var gagnrýnt úr ýmsum áttum, meðal annars á þeim nótum að breyting á rekstrarforminu væri tilgangslítil nema það væri hugsað sem undanfari sölu stofnunarinnar. Sá sem hér skrifar var ekki sammála þeirri gagnrýni, en var hins vegar eindreginn andstæðingur frumvarpsins á þeim forsendum að hvergi var þar tekið á því augljósa ranglæti að Ríkisútvarpið keppir við einkareknu miðlana á auglýsingamarkaði en þiggur jafnframt milljarða rekstrarfé úr ríkissjóði.

Birni og Sigurði Kára hefur verið núið því um nasir að sinnaskipti þeirra um málefni Ríkisútvarpsins séu ekki trúverðug í ljósi þess hversu skammt er liðið frá stuðningi þeirra við frumvarpið.

Þetta er ósanngjörn gagnrýni. Full ástæða er til að ætla að tvær grímur séu að renna á ýmsa stuðningsmenn Ríkisútvarpsins nú þegar gleggri mynd er að fást af stefnu nýs stjórnanda stofnunarinnar. „Hlutafélagavæðing RÚV var ekki til þess að kaupa starfsmenn annarra stöðva og veita þeim ríkisskjól," skrifar Björn á heimasíðu sína og er þar augljóslega að vísa í kaup Ríkisútvarpsins á Silfri Egils fyrr í sumar.

Á þessum stað í Fréttablaðinu hefur líka verið efast um kaup Ríkisútvarpsins á Silfrinu, sem átti að sýna í opinni dagskrá á Stöð 2. Og hér hefur líka verið velt vöngum yfir af hverju Ríkisútvarpið yfirbauð tvær einkastöðvar og keypti Evrópukeppnina í knattspyrnu fyrir um hundrað milljónir króna. Var þó vitað að einkastöðvarnar hugðust sýna meirihluta keppninnar í opinni dagskrá. Hvort tveggja finnst manni undarleg viðskipti og illa farið með fé stofnunarinnar. Til hvers er Ríkisútvarpið að eyða háum fjárhæðum af takmörkuðu ráðstöfunarfé í efni sem átti að sýna annars staðar í opinni dagskrá? Hefði ekki verið nær að verja fénu í framleiðslu á nýju innlendu efni? Útvarpsstjóri mun ef til vill svara því einhvern daginn.

Dómsmálaráðherra er greinilega misboðið því hann gengur svo langt í pistli sínum að stinga upp á sölu Ríkisútvarpsins, en halda eftir Rás eitt. Sigurður Kári hefur lýst stuðningi við þessa hugmynd.

Fyrirætlanir um sölu Ríkisútvarpsins hræða hins vegar okkur sem þykir vænt um stofnunina og kunnum að meta menningarhlutverk hennar. Þegar það sögulega hlutverk er hins vegar á hraðleið með að leysast upp í dagskrárstefnu sem er kirfilega mörkuð meginstraumnum, er kannski alveg eins gott að selja.

Hitt er svo annað mál að erfitt er að una lengur við að gengið sé á rétt þeirra sem keppa við ríkið með því að láta Ríkisútvarpið leika lausum hala á auglýsingamarkaði. Björn og Sigurður Kári mega gjarnan beita sér fyrir leiðréttingu í þeim efnum.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Björgvin Guðmundsson og Sigríður Björg Tómasdóttir **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

ÆVINTÝRAHEIMUR

DAVID ATTENBOROUGH Á DVD




– opið til kl. 22.00 öll kvöld

BÓKABÚÐ MÁLS & MENNINGAR LAUGAVEGI 18

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Ný verkefni fram undan

Þau eru eflaust mörg verkefnin fram undan hjá nýjum fréttastjóra Stöðvar 2, Steingrími Sævari Ólafssyni. Eitt er það sem hann má huga að og það er síða fréttastofunnar á heimasíðu Stöðvar 2. Þar má nefnilega sjá að Sigmundur Ernir er enn fréttastjóri. Varafréttastjórar eru sagðir Eva Bergþóra Guðbergsdóttir og Þór Jónsson. Meðal fréttamanna eru taldir Bryndís Hólm, Jóhann Hlíðar Harðarson og Ingólfur Bjarni Sigfússon. Ekki alveg nýjustu fréttir.



### Heh! Verum óskýr

Það voru margir sem stóðu og klóruðu sér í höfðinu eftir útspil Björns Bjarnasonar þar sem hann virtist hvetja til þess á heimasíðu sinni að RÚV yrði selt, án þess þó að útskýra nánar um hvað hann var að tala. Hefði hann talað við fréttamenn hefði hann meðal annars getað útskýrt hvort hann var að hvetja til þess að selja Ríkissjónvarpið, Rás 2, Textavarpið og ruv.is, eða hvort hann var bara að setja ofan í við Pál Magnússon fyrir að laða til sín starfsmenn á allt of háu verði og veita þeim ríkisskjól. Ætli Egill Helgason taki þetta til sín?



### Og þá var hlegið kátt

Það eru ekki allir sem taka tillögu Björns alvarlega. Að minnsta kosti virðist samstarfsráðherra Björns, Össur Skarphéðinsson iðnaðarráðherra, taka þessu með léttleika. „Væntanlega er það framlag Björns til að létta ríkisstjórnarfundina og bæta starfsandann," skrifar Össur. En hann ætti að geta rætt yfir flokkslínur um helstu fréttamál þessa dagana, því hann er á ferðalagi með Árna M. Mathiesen fjármálaráðherra sem tókst að ergja alla sveitarstjórnarmenn fyrr í vikunni með því að segja það fráleita hugmynd að sveitarfélög fengju hlutdeild í fjármagnstekjuskatti.

svanborg@frettabladid.is

# Perlum kastað fyrir svín



ELLERT B. SCHRAM

**Í DAG** | Náttúruvernd

Hvað skyldi ég vera búinn að fara oft austur yfir Þjórsá? Þúsund sinnum? Eða oftar? Ég fór þangað í sveitina í Landeyjarnar forðum daga og í Þórsmörk og alla leið í Öræfin, ég fór með Ingólfi á Hellu í kosningaleiðangra austur fyrir fjall. Í ferðalög fyrir íþróttahreyfinguna í Kirkjubæjarklaustur og Höfn og svo náttúrlega allar bílferðirnar og sumarbústaðaheimsóknirnar og þessar ferðir mínar eru óteljandi um Suðurlandsundirlendið eins og reyndar flestra annarra Íslendinga sunnan heiða. Svo ekki sé minnst á allar ferðirnar upp með Þjórsá í þau fögru útivistar- og gróðurlendi sem þar er að finna.

En ef ég segi alveg eins og er, þá hef ég ekki oft tekið mér tíma til að skoða mig um í landslaginu, heldur ganað áfram á hundrað kílómetrum á klukkustund og einbeitt mér að keyrslunni eftir þjóðveginum, næsta bíl, næstu beygju, næstu lífshættu á þessum fjölfarna vegi. Ég er ekki einn á báti í þeim efnum. Við þeysum gegnum sveitirnar og framhjá náttúrunni og það er þá helst að fólk stöðvi við sjoppurnar til að bæta á sig pylsu og kók.

**Hvar er Urriðafoss?**

Og svo er líka saga á bak við hvern stein allt frá landsnámstíð og til vorra daga. Saga af fólki, lífskjörum og atburðum. Hvernig fóru ferðalangar yfir Þjórsá, þegar enginn var bíllinn eða brýrnar? Hvaða hlutverk lék þessi farartálmi í sögu þjóðarinnar? Og það var bara núna í vor sem ég spurði kunningja minn: hvar er Urriðafoss? Ímyndið ykkur, eftir allar þessar ferðir og eftir alla þessa löngu ævi, þurfti ég að spyrja af fávisku minni, hvar þessi foss væri, sem nú eru í umræðunni og snýst um það hvort Urriðafoss fær að lifa eða deyja. Mér segir svo hugur um að ég sé ekki einn um þessa fáfræði. Jafnvel þótt fossinn sé rétt neðan Þjórsárbrúar, í raun og veru í alfaraleið, þá blasir hann ekki við, hvað þá að hann sé þekktur áningarstaður. Milljónir bifreiða streyma þar framhjá ár hvert og farþegarnir láta sér fátt um finnast. Á hraðferð á annan áfangastað.

Það er margt fallegt í henni Þjórsá, en þessi foss tekur öllu fram. Beljar fram af klettunum, iðandi af litadýrð og stórfengleik. Margbreytileg fegurð náttúrunnar, sem enginn mannlegur máttur gæti nokkru sinni skapað. Heillandi sýn sem dolfellur hverja þá manneskju sem hefur snefil af smekk og lotningu fyrir fegurð landsins og gersemum þess.

Um þessa perlu er nú verið að höndla á teikniborðum verkfræðinga og í fundarsölum orkuframleiðenda. Urriðafoss er sem sagt fórnarkostnaður í þeirri áætlun að virkja Þjórsá neðri til að framleiða orku fyrir komandi álver. Eftir því sem ég fæ best skilið er gert ráð fyrir að reisa lón fyrir ofan fossana, sem veldur því að þeir hverfa og koma aldrei aftur.

**Hótel okkar er jörðin**

Jú kannski er þörfin fyrir rafmagnið svona þýðingarmikil að menn fórni náttúrugersemum eins og að depla auga? Kannski dettur mönnum þetta í hug að því að Íslendingar vita fæstir um fossinn, þótt hann sé í alfaraleið? Kannski finnst einhverjum þetta réttlætanlegt af því að Einar Ben barðist fyrir þessu þegar hann stofnaði Títanfélagið? Þegar ég, sem nýkjörinn þingmaður lýsi yfir því að aldrei mun ég greiða atkvæði með þessu skemmdarverki, þá er mér bent á að málið sé ekki lengur í höndum Alþingis!! Rannsóknarleyfið hefur verið afgreitt og er nú á valdi Landsvirkjunar og heimamanna. Og af mér detta allar dauðar lýs.

Við lifum ekki á náttúruverndinni einni saman segja ábyrgir þungavigtarmenn í íslensku atvinnulífi. Það þarf að byggja álver, segja þeir og það þarf að útvega álverunum orku og síðan er ráðist á náttúrugersemi, af því það veit hvort sem er enginn um þau og nennir ekki að skoða þau! Og jafnvel þótt næstu kynslóðir skilji það að lokum að við eigum ekki landið og hótel okkar er jörðin, þá verður það of seint í rassinn gripið ef við eyðileggjum Urriðafoss til að geta selt Rio Tinto rafmagn fyrir slikk. Ég skora á ferðalanga að staldra við þegar ekið er yfir Þjórsárbrúna og skoða fossinn áður en við köstum þessari perlu okkar fyrir svín.

# Hvað eiga bílaumboðið Hekla og Hekluskógar sameiginlegt?

**UMRÆÐAN**

Hekluskógar



ÍSÓLFUR GYLFI PÁLMASON

Staðfestur hefur verið merkilegur samstarfssamningur landbúnaðarráðuneytis, fjármálaráðuneytis, Landgræðslu ríkisins og Skógræktar ríkisins. Markmið þessa merkilega verkefnis er að nýta birkiskóga til að verjast náttúruhamförum, bæta landgæði og binda kolefni. Lögheimili þessa verkefnis er í Gunnarsholti. Það er vel við hæfi þar sem Landgræðslan er elsta stofnun sinnar tegundar í heiminum og þar hefur, eins og hjá Skógrækt ríkisins, verið lyft Grettistaki í landgræðslu og skógrækt. Í Gunnarsholti er afar fjölbreytt starfsemi, þar sem fara saman vísindalegar rannsóknir sem og afar sýnileg og áþreifanleg verkefni og er árangurinn ótrúlegur á þeim eitt hundrað árum sem stofnunin hefur starfað. Hekluskógaverkefnið er sjálfstætt verkefni með sjálfstæðan fjárhag og stjórn.

Hekluskógaverkefnið er stærsta verkefni sinnar tegundar í Evrópu. Verkefnið er því mjög metnaðarfullt og þar er m.a. verið að endurheimta hina fornu Hekluskóga. Stjórnvöld hafa heitið 500 milljónum króna til verkefnisins með jöfnum framlögum til ársins 2016. Einnig er gert ráð fyrir því að fyrirtæki og einstaklingar geti tekið þátt í þessu frábæra verkefni.

Bifreiðaumboðið Hekla og Hekluskógar hafa undirritað samstarfssamning þar sem Hekluskógar selja Heklu kolefniskvóta sem nemur þeirri $CO_2$ mengun sem allir nýir Volkswagen-bílar sem Hekla hf. selur frá 17. maí sl. og á meðan samningurinn er í gildi. Í framhaldi af þessu samkomulagi geta kaupendur Volkswagen-bifreiða haldið áfram að kolefnisjafna með litlu framlagi til Hekluskóga. Hér er um nýtt og spennandi nýmæli að ræða þar sem fyrirtæki og einstaklingar geta beint og óbeint beitt sér í umhverfismálum. Starfsmenn bifreiðaumboðsins hafa þegar tekið til hendinni og gróðursett fjölda plantna í verkefninu.

Umhverfismál eru og verða í brennidepli í umræðu manna í millum. Það er bæði gott og eðlilegt. Allt of margir sitja á kaffihúsum og ræða spekingslega um umhverfismál í manngerðu umhverfi höfuðborgarinnar. Þeir taka hins vegar aldrei til hendinni með beinni þátttöku í umhverfismálum. Hér opnast nýjar víddir varðandi þátttöku almennings og nýir útivistarmöguleikar; verkefnið kemur til með að auka og auðga dýralíf og gróður og endurheimtir læki og tjarnir upp við Heklu. Kolviðarverkefnið og Hekluskógaverkefnið eru náskyld og stefnt er að auknu samstarfi þessara merkilegu verkefna landi og þjóð til sóma.

*Höfundur er formaður Hekluskógaverkefnisins.*

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**OMX ÍSLAND 15**
8.402 **-1,74%**

**Fjöldi viðskipta:** 636
**Velta:** 10.611 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **ÖSSUR** | +0,46% | **FLAGA** | -3,96% |
| **EIK BANKI** | +0,27% | **FL GROUP** | -3,04% |
| **MAREL** | +0,10% | **EXISTA** | -2,55% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Atorka 9,38 -0,74% ... Bakkavör 66,90 -0,89% ... Eimskipafélagið 40,85 -0,61% ... Exista 36,35 -2,55% ... FL Group 27,10 -3,04% ... Glitnir 29,25 -1,02% ... Icelandair 28,80 -0,52% ... Kaupþing 1.185 -2,07% ... Landsbankinn 39,70 -1,73% ... Mosaic Fashions 17,20 +0,00% ... Straumur-Burðarás 20,85 -1,42% ... Össur 108,50 +0,46% ... Teymi 5,62 -0,88%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# Danske varar við krónunni

**Danske Bank er enn svartsýnn um íslensk efnahagsmál. Í nýrri greiningu eru fjárfestar varaðir við krónunni. Illa grunduð skrif segir Ólafur Ísleifsson.**

Ísland er fyrsta land í heimi sem byggist á skuldsettum yfirtökum, segir í áliti Lars Christensen, sérfræðings Danske Bank, sem birt var í gær. Í álitinu varar Christensen fjárfesta sérstaklega við íslenskum mörkuðum, sér í lagi ef horfur versna á alþjóðamörkuðum.

Sérfræðingar segja skrif Christensen í takt við fyrri umfjallanir hans um íslensk efnahagsmál sem verið hafi fram úr hófi svartsýnar. Í mars í fyrra gaf Danske Bank til að mynda út skýrslu þar sem Íslandi var líkt við Taíland og Tyrkland í aðdraganda efnahagskreppu.

Christensen segir í nýja álitinu að fjárfestar sem tekið hafi þátt í íslensku útrásinni gætu lent í örðugleikum með fjármögnun í kjölfar óróa sem verið hefur á alþjóðlegum mörkuðum og rakinn er meðal annars til bandarísks fasteignamarkaðar. Þá segir hann líklegt að krónubréf upp á 70 milljarða króna með gjalddaga í september gætu grafið enn undan krónunni.

Ólafur Ísleifsson, lektor við viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík, segir lækkun krónu á mörkuðum síðustu daga verða að skoðast í ljósi þess að hún hafði áður styrkst verulega yfir allangt tímabil.

„Krónan er lítil mynt í hreggviðrum alþjóðamarkaðarins og ekkert nýtt að hún sveiflist. Þetta einkenni hennar hefur borið hátt í umræðu um framtíðarskipan gjaldeyris- og gengismála hér,“ segir hann og kveður skrif Danske Bank mættu vera betur grunduð. „Þetta eru vangaveltur sem kastað er fram án nýtilegra tölulegra gagna eða athugana,“ segir hann og bendir á að yfirlýsingar Seðlabankans um háa stýrivexti áfram þar sem hækkun er ekki útilokuð séu fallnar til að ýta undir frekari viðskipti með krónubréf.

Þá furðar Ólafur sig á fullyrðingu bankans um að íslenskt efnahagslíf byggist á skuldsettum fyrirtækjakaupum í útlöndum. „Útrásin í þeirri mynd sem við þekkjum hana er um það bil fimm ára gömul og er mikilvæg viðbót við íslenskt efnahagslíf. Þeir tala eins og hér hafi ekkert atvinnulíf verið fyrir aldamót,“ segir hann og bendir á að sérfræðingar Danske Bank hafi áður sýnt að þeir mættu skerpa á sérþekkingunni. „Þeir höfðu þá uppi sverar spár um íslensk efnahagsmál sem reyndust markleysa. Árið 2006 var mjög gott í íslensku efnahagslífi og 2007 hefur verið það líka. Fyrirtækin birta góðar afkomutölur í Kauphöllinni hvert af öðru, atvinna er næg, mikil verkefni framundan og ríkissjóður firnasterkur, svo gott sem skuldlaus. Hafandi farið erindisleysu í fyrra hefði verið hyggilegt að lesa aðeins betur heima núna.“



**Á FUNDI Í APRÍL Í FYRRA** Lars Christensen, sérfræðingur Danske Bank, er höfundur nýrra skrifa bankans um íslensk efnahagsmál. Svartsýnisspár hans í fyrra gengu ekki eftir. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**olikr@frettabladid.is**



**KAUPÞING** Markaðsvirði bankans lækkaði um 18,5 milljarða í gær.

## Um 56 milljarðar hurfu í Kauphöll

Markaðsvirði hlutabréfa í Kauphöll Íslands féll alls um 56 milljarða króna í gær þegar Úrvalsvísitalan lækkaði um 1,74 prósent. Endaði hún í 8.402 stigum.

Úrvalsvísitalan lækkaði um 3,4 prósent í vikunni sem er að líða. Þetta gerðist samfara lækkunum á erlendum mörkuðum og á gengi krónunnar.

Stóru fjármálafyrirtækin og fjárfestingafélögin lækkuðu öll. Mest lækkuðu hlutabréf FL Group eða um þrjú prósent. Exista fór niður um 2,6 prósent og Kaupþing um rúm tvö prósent.

Viðskipti með hlutabréf í Kaupþingi námu um fimm milljörðum króna sem var tæpur helmingur af heildarveltu gærdagsins. **- eþa**

## Kögun hagnast

Hagnaður Kögunar hf. fyrir afskriftir (EBITDA) hefur aukist um 22 prósent frá fyrri helmingi síðasta árs til fyrri helmings þessa árs. Hagnaður eftir skatta á fyrri helmingi ársins nemur 876 milljónum króna. Í fyrra tapaði félagið 394 milljónum.

Kögunarsamstæðan samanstendur af fjórum félögum, Kögun, Skýrr, EJS og Eskli. Kögun er svo hluti af fjarskipta- og upplýsingatæknifélaginu Teymi. **- óká**

## Starfsmenn fá yfir 1,4 milljarða

**Starfsmenn í Actavis Group, sem höfðu gert kaupréttarsamninga við félagið, fengu í gær 16,58 milljónir evra, um 1.450 milljónir króna, þegar fyrirtækið greiddi upp alla samningana. Um var að ræða greiðslu sem tók mið af mismuni á yfirtökutilboðsverði Novators í Actavis, sem hljóðaði upp á 1,075 evrur á hlut, og kaupverði af kaupréttarsamningum.**

**Félagið greiddi aðstoðarforstjóra og níu framkvæmdastjórum rétt um 6,15 milljónir evra, um 538 milljónir króna. Aðrir starfsmenn Actavis fengu 10,43 milljónir evra í sinn hlut, sem svarar til 913 milljóna króna.**

**Sigurður Óli Ólafsson aðstoðarforstjóri, fjármálastjórinn Mark Keatley og Stefán Jökull Sveinsson, framkvæmdastjóri þróunarsviðs, fengu hver í sinn hlut tæpar 922 þúsund evrur, rúmar 80 milljónir króna.** **- eþa**

## Raungengi með sterkara móti

Raungengi í júlí mældist 113,4 stig miðað við 111,5 í júní og hefur ekki verið sterkara í 16 mánuði, samkvæmt nýbirtum tölum Seðlabanka Íslands. Raungengi er gengisvísitala krónunnar þar sem fram kemur meðalverð hennar í öðrum gjaldmiðlum og búið er að leiðrétta miðað við verðbólgu í hverju landi.

„Sterk íslensk króna og mikil verðbólga miðað við viðskiptalönd okkar hafa valdið því að raungengi hefur hækkað mikið síðustu mánuði,“ segir í umfjöllun greiningardeildar Kaupþings, en raungengi er 16,7 prósentum hærra en á sama tíma í fyrra og 1,7 prósentum hærra en í fyrri mánuði. Frá áramótum hefur raungengi hækkað um 12,2 prósent. **- óká**




Verslunarmenn, til hamingju með frídaginn.
REYKJAVÍK
GOTT FÓLK / Myndskreyting: Halldór Baldursson


Halló
ÍSLAND
Landsbankinn

Danshljómsveit Friðjóns Jóhannssonar í kvöld
Kringlukráin
Fjölbreyttur sérréttaseðill og tilboðsmatseðill á leikhúskvöldum

Landnámssetur Íslands
MR. SKALLAGRÍMSSON
- höf. og leikari Benedikt Erlingsson
Sjá sýningadagatal á www.landnamssetur.is
Miðapantanir í síma: 437-1600




Viltu skjól á veröndina?
Eigum við ekki að hætta þessari þrjósku.



www.markisur.com
Veðrið verður ekkert vandamál.



REX
Dalbraut 3, 105 Reykjavík. Nánari upplýsingar í síma 567-7773 og 893-6337 um kvöld og helgar



MAÐUR VIKUNNAR

# Dagfarsprúður gleðigjafi

Þeim sem þekkja til Loga Ólafssonar var flestum brugðið þegar hann tók við stjórnartaumunum hjá KR í vikunni. Logi hefur verið í hvíld frá þjálfun meistaraflokks frá því hann hætti með A-landslið karla fyrir tæpum tveimur árum og hans helstu kunningjar bjuggust við því að hann væri sestur í helgan stein – hvað úrvalsdeildarþjálfun varðar. Áskorunin um að koma Vesturbæjarstórveldinu til vegs og virðingar á ný reyndist hins vegar of stór fyrir Loga, sem þrífst á að ögra sjálfum sér. Nýlegt hliðarspor, sem fól í sér að gera mestu nörda landsins að frambærilegum fótboltamönnum fyrir framan sjónvarpsmyndavélarnar, er annað dæmi um slíka áskorun – sem Logi stóðst með sóma eins og honum er tamt.

Logi Ólafsson ætti að vera flestum knattspyrnuáhugamönnum landsins að góðu kunnur. Hann skaust upp á sjónarsviðið árið 1991 þegar hann gerði lið Víkings að Íslandsmeisturum, öllum að óvörum, og fjórum árum síðar endurtók hann leikinn með Skagamönnum. Í framhaldinu, árið 1996, var hann gerður að þjálfara A-landsliðs karla, þar sem hann var síðar aftur við stjórnvölinn sem hægri hönd Ásgeirs Sigurvinssonar. Logi hefur einnig unnið frábær störf í þágu kvennaknattspyrnunnar á Íslandi, bæði sem þjálfari Vals og A-landsliðs kvenna á sínum tíma.

Á síðustu árum hefur Logi starfað fyrir sjónvarpsstöðina Sýn og verið íþróttafréttamönnum hennar innan handar í sjónvarpsútsendingum kappleikja, bæði hérlendis og erlendis. Öllum sem fylgst hafa með útsendingum Meistaradeildar Evrópu síðustu ár ætti að vera ljóst að í Loga blundar mikill húmoristi og eru þeir einstaklingar vandfundnir sem hafa meira nef fyrir fimmaurabröndurum. Kunningjar Loga segja sjónvarpsútsendingarnar endurspegla vel þann innri mann sem hann hefur að geyma; hans viðhorf er fyrst og fremst að hafa gaman af hlutunum og taka sjálfan sig ekki of hátíðlega.

Undir léttleikanum kraumar hins vegar agi og alvara, sem lærisveinar hans úr boltanum þekkja manna best. Sem þjálfari stendur Logi fast á sínu og hefur skýra sýn á hvernig fótbolti skuli spilaður. Þessi festa og ákveðni veldur því að Logi, þrátt fyrir að vera mærður brandarakall, nýtur mikillar virðingar í knattspyrnuheiminum. Samhliða þjálfun hefur Logi haft það að aðalstarfi í hartnær 20 ár að kenna menntskælingum við Hamrahlíð og sem íþróttakennari er hann afar vel liðinn á meðal nemenda og samstarfsmanna. „Sannkallaður gleðigjafi“ lét einn samkennari hans úr MH hafa eftir sér.

Allir viðmælendur blaðsins voru á því að Logi sé fremur lokuð týpa sem hleypi fáum að sér. Hann á fjölmarga kunningja en titlar fáa sem vini sína. Hann er dagfarsprúður rólyndismaður að eðlisfari og eyðir frístundum sínum í að rækta sambandið við sína nánustu. Þá er Logi mikill hestamaður og til að gleyma dagsins amstri finnst honum fátt betra en að skreppa í útreiðartúr. Hestamennskan gegnir augljóslega stóru hlutverki hjá Loga því fyrir skemmstu festi hann kaup á 130 hektara jörð í Flóahreppi þar sem aðstaðan til hestamennsku verður öll hin glæsilegasta.

Á síðustu misserum hefur áður óþekkt viðskiptagen látið á sér kræla í Loga og tekur hann virkan þátt í starfi og uppbyggingu fyrirhugaðrar knattspyrnuakademíu í Kópavogi, þar sem hann vinnur í slagtogi við feðgana Arnór og Eið Smára Guðjohnsen, Guðna Bergsson, Ásgeir Sigurvinsson og fleiri nafntogaða menn úr boltanum. Margir kynnu að halda að viðskipti og sveitasælan sé það sem koma skal hjá Loga í hinni nánustu framtíð en eins og fleiri en einn viðmælandi benti á sannar sú óvænta ákvörðun hans að taka við KR að ómögulegt er að spá fyrir um hvað hann tekur sér fyrir hendur næst. Hitt er þó víst að húmorinn og gleðin verða aldrei langt undan, enda er það helsta forgangsatriði Loga í lífinu að hafa gaman af því.

## LOGI ÓLAFSSON




## ÆVIÁGRIP

Logi Ólafsson fæddist 14. nóvember 1954 og verður því 53 ára gamall síðar á árinu. Hann sleit barnsskónum innan um hænsni og hesta í Bólstað í Garðabæ og var sannkallað óskabarn allra foreldra; hélt sig frá vandræðum og stundaði íþróttir af miklum móð. Fimmtán ára skipti Logi úr Stjörnunni yfir í FH, félagið sem í dag skipar stóran sess í hjarta hans. Eftir að hafa lokið námi í íþróttafræðum frá Noregi sneri Logi sér að þjálfun hjá yngri flokkunum hjá FH en nokkrum árum síðar gerði hann Valsstúlkur að Íslandsmeisturum tvö ár í röð, 1988-89. Síðar stýrði hann Víkingi og ÍA til Íslandsmeistaratitils í karlaflokki auk þess sem hann hefur þjálfað A-landslið karla og kvenna.
Samhliða knattspyrnuþjálfuninni hefur Logi starfað sem íþróttakennari í Menntaskólanum við Hamrahlíð í bráðum tvo áratugi. Hann á fjögur börn og býr nú í Hafnarfirði ásamt sambýliskonu sinni.

## VANN SÉR TIL FRÆGÐAR

Er eini íslenski þjálfarinn sem getur státað af þeim árangri að hafa orðið Íslandsmeistari með karla- og kvennaflokki, auk þess að þjálfa A-landslið beggja kynja.

## HVAÐ SEGIR HANN?

„Ég hef fulla trú á því að við munum þoka liðinu upp töfluna, því Landsbankadeildin verður aldrei söm ef KR er þar ekki.“ Logi Ólafsson tjáir sig um verkefnið sem bíður hans hjá KR. Morgunblaðið 31. júlí 2007.

# Étur þorskur laxaseiði?

**UMRÆÐAN**
Laxveiði


**LÚÐVÍK GIZURARSON**

Þetta er skrifað fimmtudaginn 19. júlí 2007 þegar vikuleg laxasíða birtist í sjónvarpinu. Textavarpið segir okkur á síðu 355 að enn sem komið er sé veiðin á laxi í mörgum laxveiðiám aðeins brot af því sem hún var í fyrra og verri en allt sem menn hafa séð áður eða lengi. Samt geta göngur komið enn í sumar, sérstaklega ef rignir. Enn er von á laxi. Við lifum í voninni. Laxinn kemur.

Margir hafa spurt greinarhöfund um orsakir á þessu ástandi og fer hluti skýringa hans hér á eftir, en þær eru getgátur.

Laxaseiði fóru eðlilega til sjávar í fyrra vorið 2006 en þá mætti þeim aldrei þessu vant svangur þorskur í verulegu magni sem flúið hafði inn að ströndinn í leit að æti. Öll fyrri loðna er horfin vegna ofveiði og sjórinn dauður eins og skortur á sandsíli bendir til. Kríuvarp er víða lélegt vegna skorts á æti og lítið er af lunda í Vestmannaeyjum. Ungana vantar sandsíli þriðja árið í röð. Komast ekki upp vegna ætisskorts. Deyja úr hungri.

Upp í hugann kemur frásögn af Noregi, þó nokkurra ára gömul. Þar safnaðist þorskur í torfur þar sem laxaseiðum var sleppt í sjó og hreinsaði þorskurinn þau upp. Svo mætti hann á réttum tíma næsta ár til að éta aftur laxaseiði. Þorskurinn hefur sitt vit.

Lætin í togurunum eru stórum miklu meiri á miðunum en áður. Minna er um þorsk og þess vegna þurfa togararnir að hamast og hamast með trollið út um allan sjó til að fá sama afla og áður. Þeir æra þorskinn með hávaða og trollinu og hann flykkist upp í harða land til að sleppa. Þar eru laxaseiðin að ganga út úr ánum á vorin og halda sig oft nærri landi fram eftir sumri. Það sýna rannsóknir. Þarna kemst þorskurinn í æti og étur laxaseiði glorhungraður.

Menn undrast það að tveggja ára lax er nánast horfinn. Hafa enga skýringu. Greinarhöfundur telur þetta stafa af veiðum á loðnu. Það er samhengi á milli mikilla loðnuveiða síðustu ár og minna og minna af tveggja ára laxi. Um leið og loðnuveiðar fóru að aukast verulega og stærri og stærri loðnunætur hreinsuðu loðnuna þá hrundi veiði á tveggja ára laxi.

*Höfundur er hæstaréttarlögmaður.*

# Barnið heitir „Magga“!

Í Dagbók Þráins Bertelssonar er fjallað um skipulagða glæpastarfsemi án erlendrar sérfræðiaðstoðar; sagt frá plokkun dauðra hænsna, húmoristunum Bergman og Antonioni og einnig er uppljóstrað hinu raunverulega nafni á ríkisstjórn Íslands.



## KÆRA DAGBÓK

**Þráinn Bertelsson skrifar**

**FIMMTUDAGUR, 26. JÚLÍ.**

### Menn í jakkafötum og skipulögð glæpastarfsemi

Las þessa óhugnanlegu frétt á netinu í dag:

„Mér var bara stillt upp við vegg. Annaðhvort seldi ég eða þeir myndu opna apótek í Borgarnesi og setja mig á hausinn,“ segir Þór Oddsson, fyrrverandi lyfsali í Borgarnesi, en hann segir stóru lyfsölukeðjurnar, Lyfju og Lyf og heilsu, hafa neytt sig til að selja.“



Á uppvaxtarárunum horfði ég mikið á svonefnt „Kanasjónvarp“ sem skýrir eflaust margt í mínu fari. Það var fróðlegt að sjá hvernig kaupin gerðust í útlandinu.

Sérstaklega þóttu mér athyglisverðir þættir sem sögðu frá því að menn í jakkafötum gengu milli smáfyrirtækja og verslana og tjáðu eigendum þeirra að hætta væri á því að þeir yrðu fyrir miklu óláni nema þeir borguðu vikulegt verndargjald, „protection money“.

Jakkafatamennirnir sem kúguðu smælingjana voru frá stórfyrirtækjum eins og Cosa Nostra. Síðan fjölluðu þættirnir um hvernig snjallir lögreglumenn höfðu hendur í hári glæpamannanna ef þeir skutu þá ekki fyrst til bana með fornlegum vélbyssum.

Framferði af þessu tagi heitir á ensku „organized crime“, á íslensku „skipulögð glæpastarfsemi“.

Manni skilst að lögregluyfirvöld hafi þungar áhyggjur af því að erlendir óþokkar flytji hingað þessa svonefndu skipulögðu glæpastarfsemi. Vonandi tekst að koma í veg fyrir að útlendingar sölsi undir sig þessa gömlu atvinnugrein sem samkvæmt fréttinni hér að framan stendur í miklum blóma í höndum innlendra aðila.

**FÖSTUDAGUR, 27. JÚLÍ.**

### Dautt hænsni

Fyrir milligöngu Amazon.uk keypti ég bók hjá fornsala í Bretlandi og hún kom í mínar hendur í dag.

Útsöluverð bókarinnar var 4 pund og 73 pens. Eitt pund eru 125 krónur.

Það gera 590,25 kr.

Við innkaupsverðið bætist gjald fyrir innpökkun og póstburð, 7 pund. 11,73 x 125 kr.

Þá er bókin komin upp í 1.466 krónur.

Því næst borga ég 103 krónur í virðisaukaskatt af bókinni og til að rúnna þetta af er smurt 450 krónum til viðbótar ofan á bókarræfilinn fyrir eitthvað sem kallað er „tollmeðferðargjald“.

Þegar ég tek við bókinni kostar hún samtals 2.119 krónur.



Til að reyna að átta mig á því hvernig þetta tollmeðferðargjald er tilkomið reyndi ég að slá því upp á heimasíðu Alþingis – en leitarvélin fann það hvergi í lagasafni lýðveldisins.

Ekki svo að skilja að ég sjái eftir 553 krónum til samneyslunnar og reksturs bráðnauðsynlegra sendiráða en mér leiðist að láta plokka mig eins og dauða hænu fyrir þá sök eina að fá senda pappírskilju í pósti.

Ekki komst ég til að líta í þessa dýru bók í kvöld því að frú Sólveig dreif mig með sér í dýrlegt matarboð til Möggu Björns vinkonu okkar.

Hina nýju ríkisstjórn í landinu okkar kalla ég aldrei annað en „Möggu“ eftir þessari sömu Margréti sem margir vilja meina að sé guðmóðir þessarar stjórnar.

Ríkisstjórnin var nefnilega mynduð samkvæmt pólitískri hugmyndafræði sem Magga rökstuddi í frægri grein í Mogganum á sínum tíma og fjallar um samvinnu hinna ólíku stjórnmálaafla til hægri og vinstri sem æskilegan valkost.

Ef maður skoðar hlutina í stærra samhengi má sjá fyrirmyndina að svona samkrulli allt í kringum okkur því að frá gamalli tíð virðast tvö andstæð öfl stjórna hegðun mannkynsins. Annað kýs breiðar hraðbrautir, hitt mjóa sveitavegi.

**SUNNUDAGUR, 29. JÚLÍ.**

### Blóðsúthellingar

*Þetta hefur verið blóðug helgi. Tveir menn í blóma lífsins liggja í valnum eftir óhugnanlega atburðarás þar sem morðinginn skaut mann til bana og framdi síðan sjálfsvíg á eftir.*



Að öðru leyti voru fastir liðir eins og venjulega nema hvað knattspyrnuhetjan okkar, Eiður Smári, var eitt fórnarlamba hins hefðbundna helgarofbeldis.

Viðbjóðurinn sem viðgengst um hverja helgi í höfuðborginni er yfirgengilegur og hvorki lögregla né borgaryfirvöld hræra legg né lið. Gífurleg eiturlyfjaneysla og fáránlega langur opnunartími veitingahúsa gera það að verkum að um hverja helgi er beðið eftir nýjum tölum yfir fjölda líkamsárása. Lögreglumenn híma inni í bílum eða á lögreglustöðinni og kíkja svo á ofbeldið í góðu tómi úr öryggismyndavélum.

Ef biskupinn eða forsetinn færu á rall og löbbuðu niður Laugaveginn einhvern tímann síðla nætur er hundrað prósent víst að þeir yrðu báðir lamdir í klessu og hugsanlega til ólífis. Þetta vita þessir ágætu herramenn og eru ekki að þvælast úti á nóttunni.

Því miður virðast löggan og borgaryfirvöld draga þá ályktun af skynsamlegri hegðan þessara heiðursmanna að lausnin á ofbeldisvandanum sé fólgin í því að betri borgarar og lögreglan haldi sig innandyra meðan villimennskan geisar úti fyrir.

Án gamans: Þetta gengur ekki lengur!



SAMSETT MYND

**MÁNUDAGUR, 30. JÚLÍ.**

### Leifsbúð – ekki Breiðfirðingabúð

Við frú Sólveig fórum á Leifsbúðarfund sem haldinn var í Landnámssetrinu í Borgarnesi og fengum höfðinglegar móttökur hjá Sirrí og Kjartani. Þar voru heiðurshjónin Ía og Þórir sem búa í Tékklandi og hafa það fyrir tómstundagaman að skaffa íslenskum listamönnum ókeypis aðstöðu til að vinna að list sinni.

Leifsbúð í Tékklandi heitir ekki eftir Leifi Eiríkssyni heldur eftir Leifi Breiðfjörð. (Á sínum tíma stakk ég upp á að Leifsbúð héti fremur Breiðfirðingabúð til að forðast misskilning. Það þótti ekki góð latína).

Þetta var mjög skemmtilegt – nema hvað ég fann að einhver pest var að hreiðra um sig í skrokknum á mér.

**ÞRIÐJUDAGUR, 31. JÚLÍ.**

### Þráinn Capital Group

Þetta var ekki nema í meðallagi góður dagur.

Í fyrsta lagi er ég með pest.

Í öðru lagi fengum við frú Sólveig kalda kveðju frá skattinum. Endurskoðandinn okkar hafði greinilega ekki náð að skila inn skattframtali í tæka tíð. Fengum áætlun.

Það vildi ég óska að tekjur mínar væru eitthvað í námunda við það sem bjartsýnismennirnir á skattinum eru að vona.

Fjármál mín eru dáldið snúin að því leyti að þótt tekjupóstarnir séu fáir eru útgjaldaliðirnir að sama skapi svo margir að mér finnst ég stundum vera risafyrirtækið Þráinn Capital Group. Ég vona samt að fólkið á Skattstofunni gefi sér tíma til að leiðrétta þetta áður en það lokar sjoppunni og fer í frí.

Í þriðja lagi skyggir það á þennan dag að Ingmar Bergman er látinn. (Hrafn Gunnlaugsson vinur hans segir á visir.is að þar sé fallinn frá mikill húmoristi).

Sömuleiðis er Antonioni burtkallaður á sama sólarhring. Í samanburði við hann get ég tekið undir að Bergman hafi verið húmoristi.

**MIÐVIKUDAGUR, 1. ÁGÚST.**

### Á sóttarsæng

Enn þá slappur. Get þó lesið. Merkilegt að þrátt fyrir að ég gæti horft á kvikmyndir í tölvunni kýs ég frekar að lesa. Hryllilega er ég gamaldags. Og eins gott að fólk veit ekki hvað ég er að lesa mér til skemmtunar. Jú. Króníku hins elliæra Jean de Joinville um ævi Lúðvíks IX Frakkakóngs sem eftir dauða sinn árið 1270 var tekinn í helgra manna tölu. Sjálfur tórði de Joinville til 1317 og lét skrá króníkuna eftir sér þegar hann var kominn á níræðisaldur. Frábær bók!




Perlur Kína

22. okt. – 6. nóv.

Einstök ferð á frábærum kjörum!



Allra leiðir liggja nú til Kína enda gífurlega spennandi að sjá og upplifa breytingar og uppbygginguu sem á sér stað í landinu. Stórbrotið og fjölbreytt landslag, merk saga og framandi menning og mannlíf. Heimsferðir bjóða frábæra tveggja vikna ferð til Kína í haust, þar sem nokkrir af athyglisverðustu og fegurstu stöðum landsins verða sóttir heim í fylgd okkar reynda Kínafararstjóra, Héðins S. Björnssonar og innlendra staðarleiðsögumanna. Gist er á góðum 4 stjörnu hótelum.

- Peking
- Xian
- Kínamúrinn
- Terra Cotta herinn
- Guilin
- Suzhou
- Shanghai o.fl., o.fl.

Verð kr. 279.900

Verð er netverð á mann, m.v. gistingu í tvíbýli. Kynnisferðir, innanlandsflug í Kína og flest allar máltíðir eru innifaldar í verði. Aukagjald fyrir einbýli kr. 33.000. Lágmarksþátttaka er 12 manns.

Heimsferðir

Skógarhlíð 18 • sími 595 1000
Akureyri • sími 461 1099
www.heimsferdir.is




UNGNAUTALUND
**3.698** kr. kg
Nóatún mælir með!




LAMBAFILLET M/FITURÖND
**2.698** kr. kg
Þú sparar 600 kr. kg




STÓRLÚÐA Í SNEIÐUM
**1.498** kr. kg
Þú sparar 500 kr. kg




LAMBAINNRALÆRI SPJÓT TOSCANA
**498** kr. stk.
Þú sparar 150 kr. stk.




UNGNAUTAFILLET Í KRYDDOSTI
**2.698** kr. stk.
Nóatún mælir með!




LAXASTEIK MEÐ HVÍTLAUK
**998** kr. kg
Þú sparar 500 kr. kg




SCHWEEPES TONIC 200 ML
**35** kr. stk.




GÓU DÚNDUR TVENNA
**389** kr. pk.

## Lay's snakk á góðu kvöldi!




LAY'S S FLÖGUR 200 G
**199** kr. pk.




GUNNARS PIPARRÓTARSÓSA
**149** kr. stk.



NÓATÚN
Bestir í kjöti
Tilboð á grísalundum!
Úr Kjötborði Nóatúns
25% afsláttur
SS NY hamborgarar
2x125 grömm
388 kr. pk.
Nóatún mælir með!
GRÍSALUNDIR MEÐ SÆLKERAFYLLINGU
2.629 kr. kg.
Gleðilega verslunarmannahelgi!
SS GRAND ORANGE LAMBAFILLET
2.768 kr. kg
20% afsláttur
NÓATÚNS LAMBALÆRI MEÐ FERSKUM KRYDDJURTUM
1.499 kr. kg
Þú sparar 399 kr. kg
KJÚKLINGASPJÓT 3 TEGUNDIR
2.559 kr. kg
20% afsláttur
HÚSAVÍKUR
PILSNER
Gott og þjóðlegt ferðanesti!
Verði ykkur að góðu!

BARACK OBAMA ER 46 ÁRA Í DAG.

*„Ég er ekki á móti öllum stríðum. Ég er bara á móti heimskulegum stríðum.“*

***Þessi orð lét bandaríski demókratinn Barack Obama falla um Íraksstríðið. Hann er einn þeirra sem sækjast nú eftir forsetaembættinu.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 4. ÁGÚST ÁRIÐ 1973

## *Custer berst við Sioux í fyrsta sinn*

Þennan dag árið 1973 átti sér stað fyrsta orrustan milli herflokks sem stjórnað var af hershöfðingjanum George Armstrong Custer og Siouxindíána. Custer var í forsvari fyrir lítinn herflokk sem sá um að verja járnbrautalagningu í Montana-ríki og í einni af könnunarferðum sínum rakst flokkurinn á hóp Sioux-indíána. Einn indíáni og einn hermanna Custer féllu í orrustunni. Baráttan markaði upphafið að endalokum Custer.

Áður fyrr hafði Custer barist af mikilli hörku við Cheyenna-indíána og meðal annars tekið þátt í orrustunni við ána Washita. Herferill hans var með skrautlegasta móti en hann var ýmist lækkaður eða hækkaður í tign til skiptis. Eitt skiptið var hann rekinn úr hernum tímabundið fyrir að yfirgefa hersveit sína og fara heim til konunnar sinnar.

Custer lést árið 1876 í baráttunni við Litla-Stórahorn (Little Bighorn). Þar réðst hann með hersveit sína á stórt þorp Sioux-indíána sem voru þrisvar sinnum fleiri en hermenn Custer. Á líki Custer fundust tvö skotsár, annað í gagnauga og hitt rétt fyrir ofan hjartað. Búið var að troða ör upp í þvagrás hans.



GEORGE ARMSTRONG CUSTER

### MERKISATBURÐIR

**1753** George Washington verður æðsti maður innan Frímúrarareglunnar í Bandaríkjunum.

**1914** Bandaríkjamenn lýsa yfir hlutleysi í fyrri heimsstyrjöldinni.

**1928** Ásta Jóhannesdóttir syndir fyrst kvenna frá Viðey til Reykjavíkur. Sundið tók tæpa tvo tíma.

**1944** Gestapólögreglan í Amsterdam handsamar Önnu Frank og fjölskyldu hennar sem höfðu verið í felum í tvö ár.

**1982** Knattspyrnuliðið Manchester United keppir við Val í vináttuleik á Laugardalsvelli. United vinnur, 5-1. George Best lék með Valsliðinu sem gestur.

---



✝

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Halldóra Svava Benediktsdóttir Clausen**

Arahólum 2, Reykjavík,

lést á líknardeild LSH, Kópavogi, þriðjudaginn 31. júlí. Jarðarförin fer fram frá Seljakirkju þriðjudaginn 7. ágúst kl. 13.00.

**Axel Axelsson Clausen** — **Kristbjörg Magnúsdóttir**
**Kristrún Þóra Clausen**
**Svava Viktoría Clausen** — **Hermann Gunnarsson**
**Jenni Guðjón Axelsson Clausen** — **Ólöf Eir Halldórsdóttir**
**Svanfríður Clausen**
**Halldóra Jóhannsdóttir** — **Vilhjálmur Vilhjálmsson**
**ömmubörn og langömmubörn**

---



✝

*Innilegar þakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð, vináttu og hlýhug vegna andláts og útför elskulegs eiginmanns míns, föður, tengdaföður og afa,*

**Ólafs Ólafssonar**

Njálsgötu 43a, Reykjavík.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Landspítalans á deild 13G við Hringbraut og Sigurði Ó. Blöndal lækni.

**Jenney Þorláksdóttir**
**Vigdís Ólafsdóttir** — **Guðmundur Agnar Ernuson**
**Ólafur Ólafsson**
**Jóna Guðrún Sigurðardóttir**
**Þorlákur Magnús Sigurðsson**
**Ólafur Guðmundsson**
**Thelma Rut Guðmundsdóttir**

---

✝



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,*

**Ragnheiður Guðbrandsdóttir Guðjohnsen**

áður til heimilis að Hvassaleiti 58, Reykjavík,

lést miðvikudaginn 1. ágúst að hjúkrunarheimilinu Skógarbæ, Árskógum 2, Reykjavík.

**Stefán Guðjohnsen** — **Árný J. Guðjohnsen**
**Eiður Guðjohnsen** — **Arnrún Sigfúsdóttir**
**Guðbrandur Þór Guðjohnsen**
**barnabörnin og fjölskyldur þeirra.**

---



✝

*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Guðjón Bjarnason**

frá Bæjarstæði, Höfðagrund 1, Akranesi,

lést 2. ágúst á Sjúkrahúsi Akraness. Útför auglýst síðar.

**Sigurður Guðjónsson** — **Gígja Garðarsdóttir**
**Vigdís H. Guðjónsdóttir** — **Kristján Jóhannesson**
**Bjarni Guðjónsson** — **Margrét Grétarsdóttir**
**Ástríður L. Guðjónsdóttir** — **Margeir Þorgeirsson**

---

UNGMENNAFÉLAG ÍSLANDS: FAGNAR 100 ÁRA AFMÆLI Á HÖFN

# Fimmtán metra löng rjómaterta

„Hreyfingin var stofnuð 2. ágúst 1907 og er því hundrað ára í ár. Við notum allt árið til að fagna þeim tímamótum en höldum sérstaka afmælishátíð á Höfn í Hornafirði um helgina. Þar fer fram árlegt unglingalandsmót félagsins, sem er alltaf haldið um verslunarmannahelgina og í tilefni þess bjóðum við öllum upp á fimmtán metra langa afmælistertu á sunnudaginn,“ segir Björn B. Jónsson, formaður Ungmennafélags Íslands.

Ásamt veglegri afmælishátíð um helgina segir Björn setningahátíð síðasta landsmóts hafa verið einkar veglega í tilefni áfangans. Auk þess nefnir hann frímerki félagsins sem kom út í apríl og veglega sögusýningu félagsins í Gerðarsafni sem lauk fyrir helgi.

Fram undan er síðan þing félagsins sem er haldið annaðhvert ár og fer fram á Þingvöllum 20. október þar sem félagið var stofnað fyrir hundrað árum. Á þinginu verður einnig kynnt til sögunnar vegleg bók sem fjallar í máli og myndum um hundrað ára sögu félagsins. Jón Magnús Ívarsson sagnfræðingur tekur saman efnið og skrifar bókina.

Í haust verður síðan ráðist í byggingaframkvæmdir á aðalmiðstöð félagsins í miðbæ Reykjavíkur. „Við tökum fyrstu skóflustungu að aðalmiðstöð félagsins sem verður að Tryggvagötu 13 í haust. Þar verður alhliða þjónustuhús félagsins, meðal annars fundarherbergi, fjölnota salir og íþróttasalir sem verður vígð vorið 2009. Hönnun er á lokastigi og þetta er í fyrsta sinn í hundrað ára sögu félagsins sem við byggjum yfir okkur,“ segir Björn.

Einkunnarorð félagsins, ræktun lands og lýðs, hafa verið þau sömu frá upphafi að sögn Björns. Ásamt því að stuðla að íþróttaiðkun eru menningar- og umhverfismál einnig ofarlega á lista.

„Við höfum alla tíð verið upptekin af íþróttum, menningu og umhverfismálum. Til gamans má nefna að félagið var í forsvari fyrir að hreinsa rusl meðfram þjóðvegum á þeim tíma sem fólki fannst það ekkert tiltökumál. Í dag þykir sjálfsagt mál að halda náttúrunni hreinni og óspilltri og það er mikið gleðiefni,“ segir Björn sem nefnir einnig eitt helsta verkefni félagsins þessa dagana sem er forvarnaverkefnið „Flott án fíknar“.

Af ýmsum menningartengdum verkefnum hefur félagið einnig komið að byggingu samkomuhúsa víða um land, stofnað bókasöfn, sinnt sundkennslu, skipulagt málfundi og gefið út ýmis rit.

Ungmennafélag Íslands eru regnhlífarsamtök fyrir um þrjú hundruð félög, héraðssambönd og hreyfingar. Félagar eru um áttatíu og þrjú þúsund að sögn Björns sem fjölgar um tvö til þrjú þúsund árlega. Nánari upplýsingar um félagið er að finn á www.umfi.is. **rh@frettabladid.is**



**UNGMENNAFÉLAG ÍSLANDS** Stjórn Ungmennafélags Íslands er samankomin á Höfn í Hornafirði ásamt fjölda þátttakenda og fagnar með risatertu á sunnudag. MYND/JÓN KRISTJÁN SIGURÐSSON

---



✝

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Ásta Einarsdóttir**

lést á hjúkrunarheimilinu Víðinesi hinn 30. júlí.

**Ágústa Guðmundsdóttir, Ólafur Gunnarsson**
**Egill Guðmundsson,**
**Böðvar Guðmundsson** — **Hólmfríður Kolka**
**Zophoníasdóttir**
**Einar Guðmundsson** — **Björg Anna Björgvinsdóttir**
**barnabörn og langömmubörn.**

---







Rúnar Geirmundsson — Sigurður Rúnarsson — Elís Rúnarsson — Þorbergur Þórðarson

**Alhliða útfararþjónusta**

**Símar: 567 9110 & 893 8638**

www.utfarir.is • runar@utfarir.is

Útfararþjónustan ehf.

Stofnað 1990


### AFMÆLISBÖRN



**Jóhanna Jónas** leikkona er 43 ára í dag.



**Steingrímur J. Sigfússon,** formaður Vinstri grænna, er 52 ára í dag.



**Billy Bob Thornton** leikari er 52 ára í dag.

---



## 70 ára afmæli

**Svavar Þorvaldsson**

Framkvæmdastjóri Sölu & þjónustu
Kristnibraut 14

Svavar og eiginkona hans Hrafnhildur Árnadóttir verða að heiman.

Developed with

# Shell V-Power

## Þróað með Ferrari

Upplifðu ánægjuna sem fylgir eldsneyti
sem þróað er í samstarfi við Ferrari.



Vörumerki Shell eru notuð af Skeljungi með leyfi Shell Brands International AG.

Made to move



**MÓÐIR OG BARN BÍÐA LÆKNISAÐSTOÐAR** Friðargæslulið Afríkubandalagsins hefur aðstoðað við rekstur þessarar læknamiðstöðvar í Haskanita í sunnanverðu Darfúrhéraði. Átökin í héraðinu hafa kostað að minnsta kosti 200 þúsund manns lífið. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

## ➜ SÚDAN



Súdan er stærsta land Afríku, rúmlega 2,5 milljónir ferkílómetra að flatarmáli og þar með tíunda stærsta ríki jarðarinnar. Darfúrhérað eitt er á stærð við Frakkland.

Íbúafjöldinn í Súdan er talinn vera um það bil 37 milljónir. Ekki er vitað nákvæmlega hve margir búa í Darfúrhéraði, en talið er að íbúafjöldinn þar geti verið á bilinu 6 til 7 milljónir.

Höfuðborgin er Kartúm en stærsta borgin er Omdúrman.

Opinber tungumál Súdans eru arabíska og enska.

Íbúarnir skipast í marga hópa eftir þjóðflokkum, trúarbrögðum og tungumálum. Meginskiptingin er þó milli arabísku íbúanna í norðaustanverðu landinu og afrísku íbúanna suðvestan til.

Forseti landsins er Omar al-Bashir. Hann hefur verið við stjórnvölinn síðan 1989, fyrstu fjögur árin sem forsætisráðherra en síðan forseti.

# Gleymda stríðinu veitt athygli

Sameinuðu þjóðirnar hafa ákveðið að senda 26 þúsund manna friðargæslulið til Darfúrhéraðs. Borgarastyrjöldin þar hefur staðið í fjögur ár og kostað hundruð þúsunda lífið. *Guðsteinn Bjarnason* skoðar átökin í Darfúr.

Einhverjar vonir hafa vaknað á síðustu dögum um að loksins fari hugsanlega að sjá fyrir endann á átökunum í Darfúrhéraði í Súdan, sem umheimurinn hefur árum saman sýnt harla lítinn áhuga. Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna samþykkti á þriðjudaginn að senda 26 þúsund manna friðargæslulið til héraðsins, þar sem arabar frá norðurhluta landsins hafa átt í stríði við uppreisnarsveitir heimamanna allt frá árinu 2003.

Óljóst er reyndar hvernig á að manna þetta lið, en þó hafa Frakkar, Danir, Indónesar og Malasíumenn boðist til að senda þangað liðsafla auk þess sem sjö þúsund manna friðargæslulið Afríkubandalagsins, sem fyrir er í héraðinu, verður innlimað í nýju gæslusveitirnar. Reiknað er með að fleiri Asíuríki sendi þangað liðsmenn og svo er búist við að Afríkubandalagið fjölgi í sínum sveitum.

### Blóðsúthellingar í fjögur ár

Átökin í Darfúr síðustu fjögur ár eru talin hafa kostað að minnsta kosti 200 þúsund manns lífið og 2,5 milljónir manna hafa þurft að flýja að heiman. Sumir halda því reyndar fram að mannfallið hafi verið miklu meira, allt upp í hálf milljón manna, en á hinn bóginn segir Súdanstjórn þessar tölur mjög ýktar.

Átökin hófust árið 2003 þegar heimamenn í hinu fátæka Darfúrhéraði gerðu uppreisn gegn ríkisstjórn landsins. Darfúrbúar saka stjórnina um að hafa vanrækt héraðið árum saman og mismunað íbúum þess gagnvart arabaþjóðinni í norðrinu.

Íbúar héraðsins eru flestir bændur af afrískum uppruna en ríkisstjórnin er alfarið skipuð arabískumælandi múslimum frá norðurhluta landsins. Herskáir hópar arabískra janjaweed-stríðsmanna tóku í framhaldi af þessu að ráðast af miklu miskunnarleysi á þorp í Darfúr, og ríkisstjórnin er sökuð um að standa að einhverju leyti á bak við þessar árásir.

### Stöðug átök í hálfa öld

Átökin í Darfúr eru þó aðeins ein af mörgum smærri og stærri átökum sem geisað hafa í Súdan, oftast milli stjórnarinnar og ýmissa uppreisnarhópa, allar götur síðan landið fékk sjálfstæði í byrjun árs 1956. Í suðurhlutanum áttu til dæmis kristnir íbúar, sem þar eru í meirihluta, í harðri borgarastyrjöld við stjórnarherinn allt frá árinu 1983 uns friðarsamkomulag var loks undirritað í janúar árið 2005. Samkvæmt því samkomulagi er gert ráð fyrir að árið 2011 verði haldnar þar kosningar um stofnun sjálfstæðs ríkis í Suður-Súdan.

Nú síðast hafa borist fréttir af því að arabaþjóðflokkarnir frá norðurhluta landsins séu farnir að berjast innbyrðis í Darfúrhéraði. Þau átök kostuðu tugi manna lífið í vikunni sem er að líða.

Talið er að þau snúist um ræktarog beitarland í suðurhluta Darfúrhéraðs. Sumt af þessu landsvæði var áður undir yfirráðum heimamanna, sem nú eru flúnir undan arabísku janjaweed-vígasveitunum.

Farah Mustafa Abdullah, aðstoðarríkisstjóri í Suður-Darfúr, vill þó gera sem minnst úr þeim átökum: „Þetta er ekkert nýtt, svona átök verða um vatnsból og beitarlönd, þau verða að skoðast í því samhengi," sagði hann í viðtali við AP-fréttastofuna.



**AUÐNIN EIN ER EFTIR** Árið 2004 réðust janjaweed-sveitirnar á þorpið Terbeba og skildu við það í rúst og mannlaust með öllu. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP



**LEIÐTOGAR SPJALLA** George W. Bush Bandaríkjaforseti og Gordon Brown, forsætisráðherra Bretlands, ræddu Darfúrvandamálið á fundi sínum í Camp David á mánudaginn. Daginn eftir samþykkti Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna að senda 26 þúsund manna friðargæslulið til héraðsins. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP



**LIÐSMENN JANJAWEED-SVEITANNA** „Janjaweed" mun þýða „maður með byssu á hestbaki". Þessar „riddarasveitir" eru sagðar hafa haft stuðning Súdansstjórnar til að fara með ofbeldi gegn íbúum Darfúrhéraðs. Þessi mynd er tekin árið 2004. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP



**UPPREISNARMENN Í DARFÚR** Heimamenn í Darfúrhéraði hófu uppreisn sína gegn stjórninni árið 2003. Þessir liðsmenn Súdanska frelsishersins eru meðal þeirra fáu sem undirrituðu friðarsamkomulag á síðasta ári, en flestir uppreisnarhópanna hafa haldið áfram baráttu sinni. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP



Full búð af frábærum tilboðum
Frábært á grillið
GOÐI
449 kr/2 stk í pakka
Lúxusborgari m/beikoni, osti og sósu
40% afsláttur
GOÐI
1.699 kr/kg
Goða ferskar íslenskar grísalundir
KJÖTSEL
svína Grillkjöt án MSG
Ótrúlegt verð!
499 kr/kg, áður 998 kr/kg
Kjötsels grill-svínalærissneiðar
25% afsláttur
749 kr/kg, áður 999 kr/kg
Humar 1 kg
36% afsláttur
Ferskur kjúklingur
895 kr/kg
Holta bl. grillbakki
31% afsláttur
899 kr/kg, áður 1.299
Fjörfisks grill-laxabitar
89 kr með afslætti!
PEPSI MAX
89 kr/fl
Egils Pepsi Max 2 ltr
45% afsláttur
Verulegt verðhrun
49 kr/kg
Vatnsmelónur
FRÁBÆRT VERÐ!
GOÐI
799 kr/10x80 g
Goða frosnir hamborgarar
allt í matinn á einum stað
Birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda: 1.–5. ágúst eða á meðan birgðir endast
www.netto.is
netto
Akureyri - Grindavík - Mjódd Reykjavík - Salahverfi Kópavogi - Höfn



**HUGSJÓN** Þó að tónlist Sigur Rósar og annarra krútthljómsveita sé barnsleg, einlæg og falleg býr á bak við hana ákveðin hugsjón og sköpunarkraftur sem ekki er rétt að tengja við eitthvað sem er eingöngu lítið og sætt, líkt og nýfætt barn. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

> Oft hef ég rekið mig á það að fólk segir við mig: „Já, þú ert af þessari krúttkynslóð og ert svona og hitt og lalala“ og „Æi, þessi blessuðu krútt, þau eru nú svo sæt. Maður getur bara klappað þeim á hausinn.
>
> MARÍA HULD MARKAN Í AMIINU

# Meira en bara eitthvert krútt

Flestir Íslendingar ættu að kannast við fyrirbærið krútt sem hefur tröllriðið íslensku tónlistarlífi í hartnær áratug. Allir virðast vita hvað er verið að ræða um þegar krútt ber á góma en þegar kemur að því að útskýra hugtakið nánar standa margir á gati. Tónlistarmönnunum sjálfum er líka í nöp við orðið enda oft notað í háði. *Steinþór Helgi Arnsteinsson* grófst nánar fyrir um þetta þekkta fyrirbæri, sem virðist orðið jafn íslenskt og íslenska kindin.

Hugtakið krútt birtist fyrst í grein Ragnars Péturssonar í Mannlífi haustið 2002. Nafnið sjálft er þó komið frá ritstjóra Mannlífs á þeim tíma, Gerði Kristnýju. Gerður segir að þarna hafi einfaldlega komið fram á sjónarsviðið hópur listamanna sem var krúttlegur. Minnist hún sérstaklega þess að önnur tvíburasystirin úr múm hafi eitt sinn svarað því í viðtali að uppáhaldsmaturinn hennar væri súkkulaðikaka og mjólk. „Opinberlega birtist þetta fólk manni eins og það æti ennþá sand,” útskýrir Gerður Kristný. Hún bætir einnig við að þrátt fyrir þetta finnist henni tónlistin algjörlega frábær og hafi lítið með smábarn á róló að gera. Þarna kemur Gerður inn á mikilvægt atriði. Krútt er ekki hugtak sem nær eingöngu yfir einhverja ákveðna og sértæka tónlistarstefnu heldur meira hugtak um ákveðinn hóp af fólki sem á margt sameiginlegt.Í eftirmála bókarinnar Eru ekki allir í stuði? veltir Dr. Gunni einmitt fyrir sér nýrri tónlistarbylgju á Íslandi, þar sem fylgismenn Sigur Rósar, klæddir úlpum og húfum, ráði för. Hugtakið krútt var þá reyndar ekki komið fram en Dr. Gunni segist oft nota orðið til þess að kynna tónlist og segist hann aldrei nota það á neikvæðan hátt þó honum finnst orðið að vissu leyti óheppilegt. Sjálfur segir hann tónlistina vera „notalega og að mestu testósterónlausa“.

## Svipað og grunge

Þorkell Máni Pétursson, útvarpsmaður á X-inu 977, hefur líkt og Dr. Gunni oft notað orðið krútt til þess að lýsa tónlist sem hann kynnir. Máni segir það fara eftir aðstæðum hvort hann noti orðið krútt sem níðyrði eða á góðan hátt, að það fari eftir tónlistinni og ekki síst aðdáendunum. Í þessu samhengi vitnar hann í Sigurjón Kjartanson. „Hann lýsti þessu einu sinni vel. Þegar Sigur Rós var að spila á Klambratúni og það kom eitthvert par með baunapottrétt og var að borða þarna. Ég meina, hvað rugl er það? Þetta er bara vitleysa. Hversu langt er upp á Klambratún að maður þurfi að mæta með pott og mat með sér?“ Máni segir jafnframt að tónlistin sem slík sé ekki krútt enda „er ekkert krúttlegt við músík,“ eins og hann orðar það sjálfur. Krútt sé einfaldlega samheiti yfir ákveðna týpu af fólki og tónlist þess. Ekki ósvipað og grunge.

Haukur S. Magnússon, liðsmaður hljómsveitarinnar Reykjavík! og blaðamaður Reykjavík Grapevine, líkir einnig krúttinu við grunge. „Á sínum tíma vildi enginn flokka sig undir grunge. Það þorir enginn að viðurkenna að hann sé að spila inn í ákveðna senu. [...] Ég sem blaðamaður veit að orð eru til þess fallin að láta fólk vita hvað maður meinar. Sem slíkt held ég að krútt virki mjög vel og fólk átti sig á hvað þú átt við. Þessi tónlist eða þessi hópur gæti samt heitið hvað sem er.“

Í ágætri plötugagnrýni sem birtist í Blaðinu fyrr í mánuðinum um nýju plötu amiinu, Kurr, hikar gagnrýnandinn einmitt ekki við að nota orðið krútt og tengingar í kringum hugtakið. Dómurinn er frekar jákvæður en í lok dómsins segir samt orðrétt: „Öllu má þó ofgera og ekki er laust við að Amiina [sic] gangi á köflum of langt í krúttleikanum. Textar um lúpínur og sumar ruglur (hvað svo sem það þýðir) eru kannski í það krúttlegasta, svo ekki sé talað um Teletubbies-leg hljóð sem heyra má í einstaka lagi.“

## Er ekki eitthvað lítið og sætt

María Huld Markan, einn meðlima amiinu, segir að það sé einmitt fjölmiðlafólk sem noti þetta orð til þess að skilgreina eitthvað. Þróunin hafi hins vegar orðið sú að hugtakið hafi fengið neikvæða merkingu, ekki endilega hjá fjölmiðlafólki, heldur almennt í þjóðfélaginu, hjá fólki sem skilji ekki tónlistina og hópinn sem tilheyri senunni. Hann klæði sig öðruvísi, fari ekki eftir settum reglum og tónlistin sé ekki þessi týpísku popplög. „Oft hef ég rekið mig á það að fólk segir við mig: „Já, þú ert af þessari krúttkynslóð og ert svona og hitt og lalala“ og „Æi þessi blessuðu krútt, þau eru nú svo sæt. Maður getur bara klappað þeim á hausinn,“ og það er hræðilegt því þá er fólk búið að grípa þetta á lofti og slengja þessu yfir allt það sem mjög víður hópir gerir og hvað þessi hópur stendur fyrir. Það er mjög mikið af listamönnum sem tilheyra þessum hópi sem hafa mjög mikið og merkilegt fram að færa og er ekkert endilega sætt og lítið. Þetta er fullorðið fólk sem virkilega meinar það sem það er að gera,“ útskýrir María.

María segist ekki líka illa við flokkunina sem slíka heldur nafnið og hvernig það hafi verið notað á neikvæðan hátt. „Í rauninni er mér alveg sama en mér finnst mjög leiðinlegt ef það á að dæma heila kynslóð eða heilan hóp af fólki sem eitthvað svona lítið og sætt eingöngu fyrir tilstuðlan einnar skilgreiningar.“ María segir samt jafnframt að orðið sé búið að smitast til útlanda. Þar vita menn að sjálfsögðu ekki hvað orðið þýðir og þykir orðið nokkuð kúl og flott. Spurning hvort íslenska krutt-bylgjan fái á sig jafn goðsagnakenndan stimpil og þýska kraut-stefnan?

## Umhverfið ekki flúið

Goddur, prófessor við Listaháskóla Íslands, hefur haldið fyrirlestra um krútt sem hann telur að sé ekki bundið við Ísland. „Þetta er fólk sem er að gerjast upp úr aldamótunum og er að greina sig frá 90s-liði. Það er raunverulega í eðli sínu rómantískt, þar sem verið er að leita að innri sannindum, barninu í sjálfu sér, einhverju sem er göfugt og ekta.“ Goddur segir að þetta sé hópur sem sé alinn upp í hátæknisamfélagi þar sem fólk kunni að gera copy og paste en sé að uppgötva að hægt sé að klippa út og líma. Lágtækni sé því blandað við hátækni sem foreldrarnir héldu að þeim. „Orðið krútt er heldur ekki skapað af þeim sjálfum, heldur af kynslóð foreldra þeirra.“

Eftir sem áður segir Goddur að ekki sé hægt að ráða stefnum sem þessum meðvitað. Fólk fæðist inn í ákveðið umhverfi og geti ekkert að því gert. Þeir sem skeri sig úr verði hins vegar á endanum dæmigerðastir. „Við verðum að hafa eitt í huga, að það eru tiltölulega fáir sem gera þetta, eins og var til dæmis í tilfelli hippanna og pönkaranna. Heil kynslóð er stimpluð út af fáu fólki því þessi fámenna stefna er síðan gerð að verslunarvöru, húsbúnaði, veggfóðri, kvikmyndum, músík og svo framvegis og verður einkenni ákveðins tímabils.“

Þorgerður Ingólfsdóttir, kórstjóri Hamrahlíðarkórsins, en margir tengja einmitt krúttkynslóðina beint við Menntaskólann við Hamrahlíð, segir að löngunin til listsköpunar sé alltaf sú sama. Eingöngu umhverfi, tækifæri og möguleikar breytist. Henni líkar samt ekki vel við að orðið krútt sé notað til þess að lýsa þessum hópi enda tengi hún orðið frekar við ósnortið lítið barn, sem þekki ekki neina illsku og sé því líkast engli. Sjálf notar hún orð á borð teskeiðatónlist og gluggaopnarahljómsveitir.

## Post-krútt = Prútt

Nú hefur þessi svokallaða krúttkynslóð verið við lýði í um áratug en svo virðist sem ný kynslóð sé að ryðja sér til rúms. Í það minnsta er áberandi að í íslensku tónlistarlífi eru komnar fram á sjónarsviðið margar hljómsveitir sem bera með sér áberandi meiri léttleika, stuð og fleiri liti en sveitir í hinni margnefndu krúttkynslóð. Má í því samhengi minnast á sveitina <3 Svanhvít! sem lenti í í öðru sæti í síðustu Músíktilraunum. Þar gerði hún góðlátlegt grín að krúttinu, notaði potta sem hljóðfæri og í einu viðlaginu heyrðust línurnar: „Við erum svo indí, við erum svo indísleg.“

Undanfarið hafa nokkrar sveitir verið nefndar sem nýjar krútthljómsveitir og þar á meðal Hjaltalín. En finnst þessum hljómsveitum þær vera krútt? „Mér finnst við ekki falla inn í skilgreininguna að vera krútt því fyrir mér er þetta hugtak að vissu leyti mjög ákveðinn hópur eða samfélag hljómsveita, til dæmis múm, Sigur Rós og Rúnk,“ svarar Guðmundur Óskar Guðmundsson, bassaleikari Hjaltalín. Nýtt samfélag, ný kynslóð, virðist því þannig vera að ryðja sér til rúms en auk Hjaltalín má einnig nefna Sprengjuhöllina og Retro Stefson. Hljómsveitirnar eru vissulega frábrugðnar fyrri krútthljómsveitum en leita að ákveðnu leyti í hugmyndafræði þeirra. Hljómsveitirnar eru ekki að reyna að þóknast einhverjum öðrum, heldur gera tónlist sem er hreinskilin og án allrar markaðshyggju. Fyrirbærið krútt er langt því frá að hverfa úr íslensku samfélagi og ekki víst að það muni nokkurn tíman gera. Og þó hugtakið krútt sé að mörgu leyti rammgallað er ekki hægt að neita tilvist þess og það liggur alveg ljóst fyrir að hugtakið verður alltaf minnst í tónlistarsögu Íslendinga.



## ➜ ÞEKKT KRÚTT

Opinberlega birtist þetta fólk manni eins og það æti ennþá sand,” útskýrir Gerður Kristný, rithöfundur. Hún bætir einnig við að þrátt fyrir þetta finnist henni tónlistin algjörlega frábær og hafa lítið með smábarn á róló að gera.

**AÐ OFAN FRÁ VINSTRI TIL HÆGRI:** Tónlistarkonan Ólöf Arnalds, hljómsveitin Skakkamanage, tónlistarhópurinn Amiina, rafhljómsveitin múm og tónlistarkonan Kira Kira. LJÓSMYNDIR/FBL



**Söguslóðir** Hrafnkels Freysgoða verða kannaðar í dag undir leiðsögn sérfróðra. Veitingar verða í boði KS og Ölgerðarinnar og á Sámsbar verða sýndar myndir við Hrafnkelssögu. Rúta fer frá Esso-skálanum Egilsstöðum kl. 13 og dagskrá hefst á Aðalbóli kl. 18.

**Toyota** hefur fest kaup á einu stærsta fyrirtæki á sviði réttinga- og bílamálunarþjónustu á Suðurlandi, Bílamálun Agnars á Selfossi. Þar með þéttist enn þjónustunet Toyota hér á landi.



**Pólitík og femínismi** í Njálu er yfirskrift erindis Katrínar Jakobsdóttur kl. 17 í dag í Sögusetrinu á Hvolsvelli. Konurnar í Brennu-Njálssögu setja sterkan svip á söguna og erindi Katrínar verður án efa eitthvað til að minnast.

# allt




OPIÐ ALLA HELGINA

Yfirhafnir í úrvali

50 - 70%
afsláttur af öllum síðum kápum

Jakkar aðeins 2 verð
2.900
5.900

Stuttkápur 2.900

Regnkápur 2.900

Opnunartími :
Laugardagur 10 - 16
Sunnudagur 12 - 16
Mánudagur 10 - 18

TOPPHÚSIÐ
Mörkinni 6, Sími 588-5518

Auglýsingasími
512 50 50
– Mest lesið




Eyrún Björnsdóttir og dóttir hennar, Signý Stefánsdóttir, sem varð þriðja á Íslandsmótinu í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIDA.IS

# Hjólin eru forvörn til framtíðar fyrir börnin

***Eyrún Björnsdóttir og fjölskylda eru öll á kafi í mótorkrossinu og eru með fjögur hjól á heimilinu.***

„Strákurinn okkar, Jónas, sem er nítján ára í dag, byrjaði í sportinu fyrir um fimm árum síðan. Þá vildi litla systir hans, Signý, líka vera með, þá níu ára, og í kjölfarið byrjuðum ég og maðurinn minn, Stefán Gunnarsson, líka,“ segir Eyrún Björnsdóttir mótorkrosskona.

Fjölskyldan býr í Mývatnssveit og æfir mest inni á Akureyri ásamt því að fara í ferðir saman á þartilgerðum slóðum. Á heimilinu eru fjögur hjól en að sögn Eyrúnar láta þau sér nægja einn bíl.

„Krakkarnir eru bæði í Kawasaki-liðum og við erum öll á Kawasaki-hjólum frá 85-450, árgerð 2004 til 2007,“ segir Eyrún og bætir við:

„Það eru þó nokkrar fjölskyldur í sportinu og konum er alltaf að fjölga. Bæði ungum stelpum og mæðrum sem fara í þetta með krökkunum sínum. Við erum um tuttugu til þrjátíu konur sem keppum og margfalt fleiri sem æfa,“ segir Eyrún.

Við höfuðborgarsvæðið er mjög góða aðstaða í Jósepsdal við Litlu kaffistofuna þar sem öll fjölskyldan getur verið úti að leika sér, að sögn Eyrúnar.

Hún segir jafnframt öryggisbúnað mjög góðan og sportið sé ekki hættulegra en til dæmis skíðaiðkun.

„Sportið kostar að sjálfsögðu sitt en miðað við það sem unglingar geta lent í er það ekki dýrt. Þátttaka okkar í áhugamáli barnanna okkar er að okkar mati forvörn til framtíðar. Krakkarnir fá samverustund með foreldrum og hafa aldrei verið með gelgjustæla. Þau eru mjög einbeitt og fá sína útrás á hjólunum,“ segir Eyrún, sem stefnir á keppni í allt sumar með krökkunum.

Hún segir þó að það geti verið erfitt að vera mamma í mótorkrossi. „Ég keppi stundum við stelpuna og þá kemur fyrir að ég velti fyrir mér hvort ég eigi að leyfa henni að vera á undan. Enda getur verið erfitt að spóla yfir hana sandi og æða framhjá henni ef hún liggur einhvers staðar í brautinni. Þá kemur móðureðlið upp,“ segir Eyrún hlæjandi. *rh@frettabladid.is*



ÁGÚST TILBOÐ
Góður afsláttur af öllum vörum
sia
Laugavegur 86 - 94
S. 511 6606

**Þjónustuvakt** Félags íslenskra bifreiðaeigenda, FÍB, er opin allan sólarhringinn um verslunarmannahelgina. Síminn er 5 112 112.

# Vandræðalegt!

***Haldinn var stuttur kappakstur upp fjallshlíð þar sem Hummer H2 og Ford T-model árgerð 1921 öttu kappi. Keppnin var ekki sanngjörn.***


Ford T-model.

Hver verða úrslitin ef 316 hestafla Hummer H2 og 100 hestafla Ford T-módel, árgerð 1921, eru látin keyra upp sömu fjallshlíðina í keppni við klukkuna og hvorn annan? Þau verða vandræðaleg.

Það fannst hinum 70 ára gamla ökumanni T-módelsins, Gary Le Fever, í það minnsta. Hann gat þó ekki varist brosi er hann stóð efst á 145 metra háu fjallinu (eða hæðinni) og horfði á Hummerinn koma í mark á eftir honum. Hummerinn komst upp á 70,74 sekúndum en T-módelið á 9,96 sekúndum. Eins og áður sagði: Vandræðalegt!

*- tg*


Hummer H2

**Þýskar álkerrur**

fyrir fjölskylduna, verktakann, sveitarfélagið. Vandaðar kerrur frá einum stærsta framleiðanda Evrópu. Kerrur sem slegið hafa í gegn síðustu ár. Sumarsendingin nýkomin. Leitið upplýsinga og skoðið hið mikla úrval. Margar stærðir og gerðir.
N1 Langatanga 1a - Mosfellsbæ - Sími: 566 8188
Fjarðanet hf. - Grænigarður - Ísafjörður - S.470 0836

JCB TRACKMAKERS Slitsterk og endingargóð
Eigum til á lager GÚMMÍBELTI undir flestar gerðir mini- beltavéla.
"Kynntu þér verðin"

VÉLAVER HF
Krókhálsi 16, Reykjavík - Gleráreyrum 2, Akureyri - Sími 588 2600 - www.velaver.is

Vinnuvélaeigendur!
Veljið réttu dekkin undir vélarnar
GALAXY
Þrautreynd vinnuvéladekk fyrir flestar gerðir vinnuvéla.
"TRAUST vara á góðu verði"
Iðnaðarmynstur fyrir Traktorsgröfur og Skotbómulyftara
Afturdekk - felgustærðir 24 - 28 tommur.
Framdekk - felgustærðir 18 og 20 tommur
Flestar stærðir til á lager!

Krókhálsi 16, Reykjavík - Gleráreyrum 2, Akureyri - Sími 588 2600 - www.velaver.is
VÉLAVER HF


Opel Antara er vel búinn bíll, svo ekki sé minnst á vel útlítandi. Hann er ekki fremstur í sínum flokki en miðað við verðið er hann afar samkeppnishæfur. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Góður kostur fyrir þá sem leita að jepplingi

***Opel Antara er fyrsti jepplingurinn frá Opel í níu ár. Bíllinn er ríkulega búinn og lítur vel út en er ekki alveg nógu lipur.***

Það kann að hljóma undarlega en þrátt fyrir sífelldar áhyggjur af El Nino og gatinu á ósonlaginu virðast Evrópubúar stöðugt leita í stærri bíla. Ameríkanar aftur á móti eru að minnka við sig, það er að segja sá hluti sem er nógu upplýstur til að vita að tunglið er minna en sólin og að útblástur er mengun, ekki ilmgjafi.

Sameiginleg lending heimsálfanna í þessari menningarkrísu eru jepplingar, en þeir mynda þann bílaflokk sem er nú í hvað örustum vexti.

Nú er enginn framleiðandi með framleiðendum nema bjóða juppling sem part af framleiðslulínu sinni. Þess vegna, og auðvitað til að græða smá pening í leiðinni, hefur Opel sent frá sér nýjan fjórhjóladrifinn juppling, Antara, en hann er fyrsti jepplingur Opel frá því fyrirtækið hætti framleiðslu Frontera árið 1998.

Skemmst er frá því að segja að Opel Antara er skemmtileg viðbót við jepplingaflóruna, án þess að umbylta flokknum.

Bíllinn er fallegur á að líta enda hafa hönnuðir Opel verið iðnir að senda frá sér vel útlítandi bíla undanfarin misseri.

Innviðir bílsins eru vel heppnaðir, mælaborðið læsilegt og af plássi er nóg. Antara er nefnilega frekar rúmgóður, sér í lagi fyrir farþega aftur í. Þrátt fyrir það er skottplássinu ekki fórnað og þar má vel koma fyrir því sem til þarf í útileguna.

Fjöðrunin í Antara skilar sínu vel. Hún dregur úr flestum ójöfnum og holum á malarvegunum, án þess þó að vera óþarflega mjúk þegar komið er á malbikið. Hún er hins vegar nógu mjúk til að hafa áhrif á stjórn bílsins á meiri hraða, en þegar komið er upp undir 90 km/klst tapast tilfinningin fyrir veginum.

Tveggja lítra vélin skilar fínum krafti en maður finnur vel að hún er dísilvél, með öllum þeim kostum og göllum sem þeim fylgja. Bíllinn er sjálfskiptur en það eru fáir ef nokkrir jepplingar fáanlegir með dísilvél sjálfskiptir hérlendis. Það er samt hálf sorglegt að ekki sé boðið upp á bílinn beinskiptan því það gefur meira næmi í aksturinn, betri eldsneytisnýtingu og minni útblástur.

Antara er eins og áður sagði skemmtileg viðbót í jepplingaflokkinn. Hann er ekki jafn skemmtilegur og Freelander, en verðið er aftur á móti mun skemmtilegra, sérstaklega þegar horft er til staðalbúnaðar. Hann skilar ekki sömu snerpu og Honda CR-V og það er ekki hægt að fá hann sjö manna eins og Captiva eða Santa Fe. Hann er hins vegar mjög sterkur er kemur að heildarmyndinni og miðað við verðið á honum geta ferðaþyrstir Íslendingar gert góð kaup í bílnum.

*tryggvi@frettabladid.is*

**OPEL ANTARA 2.0 CDTI COSMO**

**Vél**: 2,0 lítra dísil
150 hö 320 Nm
**Þyngd:** 1.845 kg
Meðaleyðsla: 8,6 l/100 km
**Verð:** 3.890.000 kr.
**Plús:** Mikill staðalbúnaður
Gott pláss
**Mínus**: Einungis ein útfærsla
Ekki nógu næm stýring


Antara er rúmgóður bíll og afar þægilegur í ferðalagið.


Það er engu líkara en bílahönnuðir láti alla drauma sína rætast í handbremsum. Á meðan allt annað er dempað niður frá hugmyndabíl til markaðsvöru fær handbremsan einhverra hluta vegna að lifa í mörgum bílum, þar á meðal Opel Antara.



**Jóga og gönguferð** á Mallorca er góð leið fyrir þá sem vilja fara í heilsubótarfrí og gera eitthvað nýtt. Sjá nánar: www.gonguhrolfur.is

# Flott í ferðalaginu

*Gott er að vera vel útbúinn þegar haldið er í fjallgöngur og ferðalög.*

Nú þegar ferðalagavertíðin stendur sem hæst er um að gera að koma sér upp rétta búnaðinum.

Hér koma nokkrar uppástungur að ferðabúnaði fyrir kvenþjóðina.



Nylonbuxur sem þorna fljótt ef þær blotna. Hægt að breyta þeim úr síðbuxum í kvartbuxur eða stuttbuxur. Útilíf 8.990 kr.



Dúnvesti úr 66°N. Sniðugt í útiveru ef peysa er ekki nógu hlý ein og sér. 13.800 kr.

FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR



Vindheldur og vatnsfráhrindandi jakki. Fæst í 66°N á 23.500 kr.



Klassískir gönguskór frá Scarpa fyrir alvöru göngufólk. Þeir eru með goretex-filmu, anda og eru vatnsheldir. Fást í Útilífi á 26.990 kr.



Buff úr 66°N, meðal annars hægt að nota sem klút, eyrnaband, hárteygju eða svitaband. 1.850 kr.



Göngusandalar, léttir og fljótir að þorna, fullkomnir í útileguna. Útilíf 6.990 kr.



Allt sem þarf í lautarferðina. Diskar, glös, servíettur, hnífapör, salt- og piparstaukur, skurðarbretti og fleira. Útilíf 3.990 kr.





**Ferðamannabólusetningar og ráðgjöf**

tímapantanir í síma: 535-7700

ferðavernd

Læknasetrið Mjódd, Þönglabakka 1
www.ferdavernd.is ferdavernd@ferdavernd.is

vísir www.visir.is

FYRSTUR MEÐ FRÉTTIRNAR

**Króatía**

**19. eða 26. ágúst**

**frá kr. 59.990**

**Frábært tilboð**



**Sértilboð á Hotel Laguna Istra - m/hálfu fæði**

Heimsferðir bjóða frábært tilboð til Króatíu í ágúst. Bjóðum örfá herbergi á hinu vinsæla hóteli Laguna Istra á frábæru verði. Glæsilegt þriggja stjörnu hótel á Zelena Laguna ströndinni. Herbergin eru vel búin með loftkælingu, sjónvarpi, síma og baðherbergi með hárþurrku. Einstaklega falleg útisundlaug og barnalaug með sólbaðsaðstöðu. Á hótelinu eru veitingastaðir, barir o.fl.. Í göngufæri eru matvöruverslanir, kaffihús og veitingastaðir. Frábær valkostur. Gríptu tækifærið og tryggðu þér sumarfrí á frábærum kjörum á einum vinsælasta sumarleyfisstað Íslendinga.

Verð kr. **59.990**
Netverð á mann, m.v. 2 í herbergi á hótel Laguna Istra með hálfu fæði í viku, 19. eða 26. ágúst.

Heimsferðir
Skógarhlíð 18 • sími 595 1000
Akureyri • sími 461 1099
www.heimsferdir.is

**AF STAÐ á Reykjanesið**
Um verslunarmannahelgina
**Menningar- og sögutengd gönguferð**
Fyrir alla fjölskylduna mánudaginn 6 ágúst
Engin þátttökukostnaður

FJÖLSKYLDU-STEMNING | VEITINGAR | FJÖLBREYTTAR GÖNGULEIÐIR | SALTFISKSETUR ÍSLANDS




**Opnun sýningar**
"Rúnir í Silki" Listasal Saltfiskseturs Íslands, Grindavík, 4. ágúst kl.16:00
sýningin stendur til 20. ágúst 2007

Sigrún Lára Shanko hefur vakið verðskuldaða athygli fyrir silki veggteppi sem hún byggir á fornsögum okkar.
Sigrún Lára Shanko sýnir hér, meðal annars, í fyrsta sinn Ragnars sögu loðbrókar og er hún sögð á fimm veggteppum.

**Nú getur fjölskyldan sameinast í göngu um verslunarmennahelgina og gengið um Reykjanesið með leiðsögn. Nesti, góðir skór og góða skapið er allt sem þarf.**

Gengið verður um hið litskrúðuga lónsvæði að Lækningalindinni, um svæði Hitaveitu Suðurnesja og inn á Baðsvelli. Þar er ætlunin m.a. að kíkja á þjófaslóðir og hin fornu sel Grindvíkinga. Þá verður gengið með Þorbirni inn á Skipsstíg, sem er falleg gömul þjóðleið, og honum fylgt um Illahraun, eitt nútímahraunanna á svæðinu. Gangan endar síðan á upphafsstað. Leiðsögumenn Reykjaness miðla fróðleik og leiða gönguna.

**Gangan hefst kl 13:00 við bílastæðið Bláa Lónsins**
**Og er áætlað að hún taki um 3 klukkustundir.**

**Bláa lónið býður uppá 2 fyrir 1 ofan í lónið að göngu lokinni**

GRINDAVÍK



## Frístundamiðstöðin GUFUNESBÆR leitar eftir öflugum starfskrafti

### UMSJÓNARMAÐUR FRÍSTUNDA-HEIMILISINS BROSBÆJAR Í ENGJAHVERFI

**Ábyrgðarsvið**
- Umsjón með starfsemi frístundaheimilisins fyrir börn á aldrinum 6–9 ára, ásamt öðrum verkefnum tengdum tómstundastarfi barna í hverfinu.

**Menntunar- og/eða hæfniskröfur**
- Háskólamenntun á uppeldissviði eða sambærileg menntun.
- Reynsla af starfi með börnum.
- Stjórnunarreynsla æskileg.
- Skipuleg og fagleg vinnubrögð.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.
- Frumkvæði og sjálfstæði.
- Almenn tölvukunnátta.

Starfsmenn Gufunesbæjar vinna á sviði íþrótta og tómstunda og eru lykillinn að því að veita íbúum fyrsta flokks þjónustu. Gufunesbær leggur áherslu á að starfsfólki líði vel og að það nái að þróast í starfi. Hjá Gufunesbæ vinnur starfsfólk á öllum aldri með fjölbreyttan bakgrunn.

**Umsóknarfrestur er til 15 ágúst 2007**
Umsóknum skal skilað til skrifstofu ÍTR, Bæjarhálsi 1, merkt: Gufunesbær.
Nánari upplýsingar veitir Þóra Melsted, deildarstjóri barnastarfs í síma **520 2300** og í gegnum netpóst: **thora.melsted@reykjavik.is.**

Umsækjendur þurfa að hefja störf sem fyrst.
Laun eru skv. kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar.

Íþrótta- og tómstundasvið Reykjavíkur | Bæjarhálsi 1
Sími 411 5000 | Bréfsími 411 5009 | www.itr.is | itr@itr.is

## KÓPAVOGSBÆR

### LAUS STÖRF

**Áhaldahús Kópavogs:**
- Starfsmaður með reynslu í frárennslislögnum

**Bæjarskipulag:**
- Ritari og aðstoðarmaður skipulagstjóra

**Félagssvið:**
- Rekstrarfulltrúi - Bókhald

**Félagsstarf aldraðra:**
- Gjábakki, matráður 80% sími 554 3400 kl. 10-11

**Félagsþjónusta Kópavogs:**
- Liðveitandi/persónulegur ráðgjafi og tilsjón
- Aðstoð við heimilisstörf
- Stuðningsfjölskyldur

**GRUNNSKÓLAR KÓPAVOGS:**

**Digranesskóli:**
- Umsjónarkennari á yngsta stig
- Skólaliði 100%

**Hjallaskóli:**
- Kennari í leikrænni tjáningu
- Umsjónarkennari á yngsta stig
- Umsjónarkennari á miðstig

**Hörðuvallaskóli:**
- Forstöðumaður Dægradvalar

**Kársnesskóli:**
- Starfsmaður í Dægradvöl 50%

**Kópavogsskóli:**
- Störf við ræstingar (75%)
- Starfsmaður í Dægradvöl 50%

**Salaskóli:**
- Umsjónarkennari í 1. – 4. bekk
- Kennari með þekkingu á táknmáli
- Stuðningsfulltr.m/þekkingu á táknmáli
- Stuðningsfulltrúi á unglingastig
- Stuðningsfulltrúi á yngsta stig
- Þroskaþjálfi til að vinna m/einhverfum
- Starfsfólk í Dægradvöl, gangavörslu og ræstingar

**Smáraskóli:**
- Tónmenntakennari 100%

**Snælandsskóli:**
- Dægradvöl 50%

***Nánari upplýsingar á: www.kopavogur.is og www.job.is***



## KÓPAVOGSBÆR

### LAUS STÖRF
### Í LEIKSKÓLUM KÓPAVOGS:

***Leikskólakennarar! Kynnið ykkur nýjar samþykktir Kópavogsbæjar í tengslum við bókanir í kjarasamningum Félags leikskólakennara og Launanefndar sveitarfélaga***

**Arnarsmári: 564 5380**
- Leikskólakennarar
- Aðstoð í eldhús 75%

**Álfatún: 564 6266**
- Leikskólakennarar (í haust)
- Matreiðslufólk/matráður 100%

**Baugur, NÝR LEIKSKÓLI: 570 1600**
- Deildarstjórar
- Leikskólakennarar

**Dalur: 554 5740**
- Aðstoð í eldhúsi
- Leikskólakennari
- Deildarstjóri y.d.100%
- Leikskólasérkennari/þroskaþjálfi

**Efstihjalli: 554 6150**
- Leikskólakennarar
- Leiksk.sérk/leikskólak/þroskaþj.

**Fífusalir: 570 4200**
- Sérkennari/þroskaþjálfi
- Leikskólakennarar
- Deildarstjóri
- Dagræsting

**Kópahvoll: 554 0120**
- Leikskólakennari 100%

**Kópasteinn: 564 1565**
- Leikskólak/þroskaþjálfi önnur uppeldismenntun - hlutastarf
- Leikskólakennari 100%
- Starfsmaður/leiðbeinandi í afleysingu í 1 mánuð

**Marbakki: 564 1112**
- Leikskólakennarar (í haust)

**Núpur: 554 7020**
- Leikskólakennarar
- Starfsmaður í sérkennslu

**Rjúpnahæð: 570 4240**
- Deildarstjóri á yngri deild
- Leikskólakennarar
- Dagræsting 50%, sem fyrst

**Smárahvammur: 564 4300**
- Leikskólakennarar
- Sérkennsla – starfsmaður í stuðning

**Urðarhóll – Heilsuleikskóli: 554 7789**
- Leikskólakennarar
- Fagstjórn í listum

***Nánari upplýsingar á: www.kopavogur.is og www.job.is***



## ERTU RÉTTUR MAÐUR Á RÉTTUM STAÐ?

Kíktu á www.capacent.is

capacent RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

## Vaktstjóri á Pizza Hut:

Pizza Hut leitar að öflugum vaktstjórum í eldhús og veitingasal. Um er að ræða framtíðarstarf. Starfið felst í: stjórnun vakta, þjónustu og mannastjórnun í samráði við veitingastjóra.
Hæfniskröfur: Þjónustulund, samviskusemi, reglusemi, hæfni í mannlegum samskiptum. Lágmarksaldur er 22 ár.

Áhugasamir sendi inn umsókn á www.pizzahut.is .
Nánari uppl. hjá veitingastjórum á Pizza Hut,
Nordica sími 533-2002, Sprengisandi sími 568-8088,
Smáralind sími 533-2005.



Pizza Hut

# Atvinna.is

Ráðningarþjónusta

þar sem leitin hefst

## Vantar þig fólk í atvinnu!

Atvinna.is veitir fyrirtækjum snögga og góða þjónustu. Skoðið heimasíðu okkkar.

| Dugguvogur 17 | 104 Reykjavík | Sími 552-9300 | netfang atvinna@atvinna.is

LANDSPÍTALI

## Ýmis störf

Öryggis- og flutningadeild auglýsti þann 22. júlí 2007 laus til umsóknar störf vaktmanna og starfsmanna í póstþjónustu, sýnaflutningum, sjúklingaflutningum. Dag- eða vaktavinna.

Samviskusemi ásamt lipurð í samskiptum og góð þjónustulund eru skilyrði.
Við hvetjum konur jafnt sem karla til að sækja um.

Samkvæmt áður birtri auglýsingu skulu umsóknir berast fyrir 8. ágúst nk. til Pálma Þórs Ævarssonar, öryggisstjóra, netfang palmiaev@landspitali.is, sími 543 1806 og veitir hann jafnframt upplýsingar.

Laun samkvæmt gildandi samningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra. Umsóknareyðublöð fást í upplýsingum Fossvogi og Hringbraut, skrifstofu starfsmannamála Eiríksgötu 5, á heimasíðu www.landspitali.is. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar í störf á Landspítala - háskólasjúkrahúsi. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.
Landspítali - háskólasjúkrahús er reyklaus vinnustaður.

# Söluskáli Shell á Sauðárkróki

Skeljungur hf. leitar aðila með brennandi áhuga á rekstri og vilja til að veita góða þjónustu til að taka við rekstri söluskála Shell á Sauðárkróki. Reksturinn samanstendur af söluturni, grilli, myndbandaleigu og sölu eldsneytis.

Hér er um gott atvinnutækifæri að ræða fyrir einstakling eða samhent hjón til að byggja upp sjálfstæðan atvinnurekstur og vinna að frekari þróun verslunar og þjónustu í fallegu umhverfi við Skagafjörð.

Nánari upplýsingar veita Ingvi J. Ingvason, rekstrarstjóri Shell stöðva, og Rebekka Ingvarsdóttir, starfsmannastjóri Skeljungs hf. í síma 444 3000. Umsóknarfrestur er til 17. ágúst n.k. Umsóknir sendist til Skeljungs hf., Hólmaslóð 8, 101 Reykjavík eða ri@skeljungur.is.
Umsóknareyðublöð eru að finna á **www.skeljungur.is**.

Vörumerki Shell eru notuð af Skeljungi með leyfi Shell Brands International AG.

Shell umboð

# Rautt, traust og kraftmikið!



## Þjónustufulltrúar óskast í þjónustuver Vodafone

Í starfi þjónustufulltrúa felst meðal annars að veita upplýsingar og ráðgjöf um þjónustu, verðskrá, tilboð, dreifingu og fleira. Nýir starfsmenn fá góða fræðslu í upphafi starfs.

**Hæfniskröfur:**
- Rík þjónustulund
- Reynsla af þjónustustörfum æskileg
- Stúdentspróf eða önnur sambærileg menntun æskileg
- Góð enskukunnátta
- Góð tölvukunnátta
- Frumkvæði og metnaður í starfi

Um er að ræða vaktavinnu og fullt starf. Í þjónustuveri Vodafone er þéttur hópur sem vinnur vel saman í leik og starfi. Aðeins umsækjendur sem hafa náð 20 ára aldri koma til greina. Frekari upplýsingar veitir Atli Stefán Yngvason, þjónustustjóri, **atliy@vodafone.is**. Umsóknir óskast sendar um **www.vodafone.is** fyrir **18. ágúst 2007**.

## Sölumenn í verslun

Vodafone rekur þrjár verslanir á höfuðborgarsvæðinu: í Kringlunni, Smáralind og að Skútuvogi 2. Í starfi sölumanns felst meðal annars að veita upplýsingar og ráðgjöf um þjónustu og vörur Vodafone. Nýir starfsmenn fá góða fræðslu í upphafi starfs.

**Hæfniskröfur:**
- Góð framkoma og rík þjónustulund
- Reynsla af sölumennsku og/eða þjónustustörfum æskileg
- Stúdentspróf eða sambærileg menntun æskileg
- Góð enskukunnátta
- Almenn tölvukunnátta
- Snyrtimennska
- Frumkvæði og metnaður í starfi

Í boði er fullt starf og hlutastarf í krefjandi og skemmtilegu starfsumhverfi. Aðeins umsækjendur sem hafa náð 20 ára aldri koma til greina. Frekari upplýsingar veitir Guðrún Bjarnadóttir, rekstrarstjóri verslana, **gudrunb@vodafone.is**. Umsóknir óskast sendar um **www.vodafone.is** fyrir **18. ágúst 2007**.

**Vodafone er þjónustufyrirtæki og góð þjónusta er okkar einkunnarorð. Við höfum ríka þjónustulund og erum ávallt jákvæð, jafnt inn á við sem út á við.**

**Gríptu augnablikið og lifðu núna**

vodafone

Fíton/SÍA

Atvinna.is
Ráðningarþjónusta
þar sem leitin hefst

## Starfsmannastjóri !

Þarftu að ráða starfsmann fyrir haustið !

**Láttu okkur aðstoða þig**

Atvinna.is veitir fyrirtækjum snögga og góða þjónustu. Skoðið heimasíðu okkkar.

| Dugguvogur 17 | 104 Reykjavík | Sími 552-9300 | netfang atvinna@atvinna.is

## Reykjagarður hf

Reykjagarður hf er leiðandi fyrirtæki í kjúklingaframleiðslu á Íslandi. Okkar markmið er að framleiða heilnæmar og hollar afurðir fyrir neytendur. Mikilvægur þáttur til að ná settum markmiðum er hreinlæti í kjúklingaeldinu. Auglýst er hér með eftir:

### FLOKKSTJÓRI í þrifadeild

Reykjagarður hf auglýsir hér með eftir flokksstjóra til að byggja upp þrifadeild í kjúklingaeldi. Flokkstjóri mun vera ábyrgur fyrir og leiða þrif og sótthreinsun á kjúklingahúsum. Önnur verkefni er tengist kjúklingaeldi gætu einnig komið til greina. Um er að ræða fullt starf með góðum möguleika á yfirvinnu. Starf flokkstjóra krefst sjálfstæði, nákvæmni og skipulagningu í vinnubrögðum.

Kjúklingaeldi Reykjagarðs er aðallega staðsett á Ásmundarstöðum við Hellu, en fer einnig fram á nokkrum stöðum til viðbótar á Suðvesturlandi.

Umsóknir skulu berast fyrir 10. ágúst 2007 til Reykjagarðs hf, Fosshálsi 1, 110 Reykjavík.

Fyrirspurnum verður svarað af Matthíasi H. Guðmundssyni, framkvæmdastjóra, í síma 575 6440 eða 856 4400.

ST. JÓSEFSSPÍTALI SÓLVANGUR

### Hjúkrunarfræðingar

Við viljum ráða hjúkrunarfræðinga til starfa á lyflækningadeild og handlækningadeild á St Jósefsspítala og á hjúkrunardeildir Sólvangs.

Við sækjumst eftir áhugasömum og metnaðarfullum einstaklingum, sem búa yfir góðri þekkingu og reynslu og hafa áhuga á að starfa með samhentum hópi fagfólks að uppbyggingu og þróun hjúkrunar.

**Í boði er:**
• Einstaklingsmiðuð aðlögun, fræðsla, starfshlutfall eftir samkomulagi og sveigjanlegur vinnutími.

• Góður starfsandi og teymisvinna þar sem markmiðið er að veita skjólstæðingum og fjölskyldum þeirra bestu heilbrigðisþjónustu sem völ er á.

**St. Jósefsspítali Sólvangur er vinnustaður sem leggur áherslu á umyggju fyrir starfsfólki, jákvætt og hvetjandi starfsumhverfi og að sérhver starfsmaður fái að njóta sín í starfi.**

Nánari upplýsingar gefa: Birna Steingrímsdóttir deildarstjóri lyflækningadeildar, birna@stjo.is, Dóróthea Sigurjónsdóttir deildarstjóri handlækningadeildar, dora@stjo.is, í síma 5550000. Erla M. Helgadóttir hjúkrunarstjóri Sólvangi, erla@solvangur.is, í síma 5906500.

Umsóknir berist til Birnu G. Flygenring, ramkvæmdastjóri hjúkrunar fyrir 20. ágúst n.k. á Suðurgötu 41, 220 Hafnarfirði eða netfang: bgf@stjo.is

**Laun ofangreindra starfa er samkvæmt gildandi samningi viðkomandi stéttarfélags og fjármála. Umsóknareyðublöð fást í upplýsingum, Suðurgötu 41 og skrifstofu Sólvangsvegi 2, Hafnarfirði og á heimasíðu stofnunarinnar www.stjo.is. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.**



Kristján með dótturina Katrínu Erlu. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

# Byrjaði sjö ára að bera út blöð

***Kristján Arason framkvæmdastjóri og fyrrum handboltastjarna var beðinn um að lýsa minningum frá fyrstu störfunum.***

„Ég byrjaði að bera út blöð þegar ég var sjö ára og bar fyrst út Tímann og Þjóðviljann. Mamma var umboðsmaður fyrir bæði blöðin í Hafnarfirði. Ég bar út í Vesturbænum í Hafnarfirði til að byrja með og það versta sem gat komið fyrir var ef maður setti Tímann hjá manni sem var áskrifandi að Þjóðviljanum og öfugt. Það var ekki vinsælt hjá flokkshollustumönnum og þá fékk mamma skammirnar heim. Síðan bættist Alþýðublaðið við svo ég var með þrjú blöð og þurfti að vakna um sjö leytið allt árið um kring. Jú, stundum var erfitt að vakna á morgnana.

Í blaðburðinum var ég til 12 ára aldurs en þá fékk ég fyrsta sumarstarfið í fiskverkun hjá Villa Sveins. Hann var vinur pabba sem var sjómaður í Firðinum. Þarna var ég að hjálpa til við að setja fisk uppí hjalla og taka hann niður og dálítið í saltfiski líka. Síðan fór ég í Bæjarútgerðina þannig að flest mín störf á unglingsárum tengdust fiskverkun. Eftir það fór ég í hvalinn, líka í Hafnarfirði. Ég á skemmtilegar minningar frá þessum tíma en vinnudagarnir voru langir. Það þætti ekki vinsælt á höfuðborgarsvæðinu í dag að láta unglingana vinna frá átta á morgnana til tíu á kvöldin. Þannig var það í hvalnum. Þá var vertíð og unnið gífurlega mikið. Eftir 18 ára aldur fór ég svo að sinna handboltanum meira.“

*gun@frettabladid.is*

Reykjavíkurborg
Leikskólasvið



## Skapandi störf með skapandi fólki

### Laus störf í leikskólum Reykjavíkurborgar næsta vetur

**Leitað er eftir:**
• Leikskólakennurum
• Starfsfólki með uppeldis- og háskólamenntun
• Starfsfólki með menntun eða reynslu á sviði lista
• Starfsfólki með fjölbreytta menntun og/eða starfsreynslu

**Deildarstjóri**
• Blásalir, Brekknaási 4, sími 557-5720
• Fellaborg, Völvufelli 9, sími 557-2660
• Foldaborg, Frostafold 33, sími 567-3138.
• Heiðarborg, Selásbraut 56, sími 557-7350
• Njálsborg, Njálsgötu 9, sími 551-4860
•Rauðaborg, Viðarási 9, sími 567-2185

**Sérkennsla, þroskaþjálfi eða sérkennari**
• Álftaborg, Safamýri 32, sími 581-2488/ 693-9833
• Fífuborg, Fífurima 13, sími 587-4515
• Ösp, Iðufelli 16, sími 557-6989/896-2109

**Leikskólakennari/leiðbeinandi**
• Álftaborg, Safamýri 32, sími 581-2488/ 693-9833
• Árborg, Hlaðbæ 17, sími 587-4150
• Ásborg, Dyngjuvegi 18, sími 553-1135
• Bakki, Bakkastöðum 77, sími 557-9270
• Berg, v/Kléberg, Kjalarnesi, sími 566-6039/ 693-9837
• Blásalir, Brekknaási 4, sími 557-5720
• Dvergasteinn, Seljavegi 12, sími 551-6312
• Fálkaborg, Fálkabakka 9, sími 557-8230
• Fellaborg, Völvufelli 9, sími 557-2660
• Fífuborg, Fífurima 13, sími 587-4515
• Foldaborg, Frostafold 33, sími 567-3138
• Garðaborg, Bústaðavegi 81, sími 553-9680
• Hálsakot, Hálsaseli 29, sími 557-7275
• Heiðarborg, Selásbraut 56, sími 557-7350.
• Hraunborg, Hraunbergi 10, sími 557-9770
• Hulduheimar, Vættaborgum 11, sími 586-1870.
• Jöklaborg, Jöklaseli 4, sími 557-1099
• Jörfi, Hæðargarði 27a, sími 553-0347
• Klettaborg, Dyrhömrum 5, sími 567-5970.
• Kvistaborg, Kvistalandi 26, sími 553-0311
• Laugaborg, v/ Leirulæk, sími 553-1325/ 693-9808
• Njálsborg, Njálsgötu 9, sími 551-4860
• Nóaborg, Stangarholti 11, sími 562-9595/693-9830
• Rauðaborg, Viðarási 9, sími 567-2185
• Reynisholt, Gvendargeisli 13, sími 517-5560/693-9849
• Seljakot, Rangárseli 15, sími 557-2350
• Skógarborg, Efstalandi 28, sími 553-1805
• Sólborg, Vesturhlíð 1, sími 551-5380. Stöður 50% og 100%
• Sólhlíð, v/Engihlíð 6-8, sími 551-4870
• Steinahlíð, v/Suðurlandsbraut, sími 553-3280
• Ösp, Iðufelli 16, sími 557-6989/896-2109

**Yfirmaður í eldhús**
• Bakki, Bakkastöðum 77, sími 557-9270
• Berg, v/Kléberg, Kjalarnesi, sími 566-6039/ 693-9837
• Jörfi, Hæðargarði 27a, sími 553-0347
• Lyngheimar, Mururima 2, sími 577-3077/ 693-9850
• Nóaborg, Stangarholti 11, sími 562-9595 / 693-9830.

**Aðstoðarfólk í eldhús**
• Fífuborg, Fífurima 13, sími 587-4515
• Hálsakot, Hálsaseli 29, sími 557-7275

Allar upplýsingar um störfin veita leikskólastjórar í viðkomandi leikskólum eða starfsmannaþjónusta Leikskólasviðs í síma 411-7000.

Allar lausar stöður í leikskólum Reykjavíkurborgar eru auglýstar á www.leikskolar.is.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum hjá borginni.
Atvinnuauglýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar: www.reykjavik.is/storf
Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11, færð þú allar upplýsingar
um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

## Fjölsmiðja stofnuð á Akureyri

NÝ TÆKIFÆRI FYRIR UNGT FÓLK Á KROSSGÖTUM



Í Fjölsmiðjunni verður ungmennum af Eyjafjarðarsvæðinu hjálpað við að finna sér stað í lífinu.

Fjölsmiðja hefur verið stofnuð á Akureyri. Fjölsmiðja er atvinnutengt úrræði fyrir ungt fólk á krossgötum sem hefur flosnað upp úr námi eða vinnu. Þar er ungmennum hjálpað við að finna sér stað í lífinu og byggja sig upp fyrir framtíðina. Með því að virkja verkþáttinn öðlast unga fólkið reynslu og verður hæfara til að finna sér starfsgrein eða að fara í frekara nám.

Fjölsmiðjunni á Akureyri er ætlað að aðstoða ungt fólk á Eyjafjarðarsvæðinu sem er á aldrinum 16-24 ára og atvinnulaust vegna reynsluleysis, menntunarskorts, félagslegra og/eða andlegra vandamála. Um 25% allra sem eru á atvinnuleysisskrá á svæðinu tilheyra þeim aldurshópi.

Fjölsmiðjan er vinnusetur og felst starfsemi hennar einkum í framleiðslu vara, faglegri verkþjálfun og ýmis konar þjónustu. Byggt verður á reynslu Fjölsmiðjunnar í Kópavogi sem starfað hefur frá árinu 2001.

Stofnaðilar að Fjölsmiðjunni á Akureyri eru Rauði krossinn, Akureyrarbær, Vinnumálastofnun, Eining-Iðja, og Félag verslunar- og skrifstofufólks á Akureyri.

**SECURITY AND DETECTION GUARD**

The U.S. Embassy in Reykjavik is seeking an individual for the position of Security and Detection Guard. The closing date for this postion is August 12, 2007. Application forms and further information can be found on the Embassy's home page:
http://iceland.usembassy.gov/vacancies.html



# Húsnæði óskast til leigu í Garðabæ

Norðurál óskar að taka á leigu snyrtilegt 5 herbergja hús eða íbúð á góðum stað í Garðabæ. Æskilegt er að húsnæðið sé laust til afhendingar sem fyrst.

*Vinsamlega hafið samband við Helgu Björg Hafþórsdóttur hjá Norðuráli í síma 696 9506 eða með tölvupósti: helga@nordural.is*

NORÐURÁL
Century ALUMINUM
Grundartanga • 301 Akranesi • Sími 430 1000 • Fax 430 1001 • nordural@nordural.is • www.nordural.is



V&V
VÖRUBÍLA OG VINNUVÉLAVERKSTÆÐIÐ

**Bifvélavirki eða vanur viðgerðarmaður óskast**

Vörubíla- og vinnuvélaverkstæðið ehf er rótgróið fjölskyldufyrirtæki sem undanfarin 17 ár hefur sérhæft sig í viðgerðum og þjónustu á tengi- og festivögnum hvers konar ásamt þjónustu vörubíla, vinnuvéla og lyftara.

**Við óskum eftir að ráða til starfa sem fyrst:**
Bifvélavirkja / eða manni vönum viðgerðum vinnuvéla, með meirapróf (kostur- ekki skilyrði) og rafsuðukunnáttu.

Viðkomandi þarf að vera reglusamur og eiga gott með mannleg samskipt og lynda vel við aðra.

Áhugasamir geta haft samband við Guðmund Björnsson í síma 588-4970 milli kl 8-18.






## Starfsfólk á þjónustu- og upplýsingaborð

MEST óskar eftir starfsfólki til framtíðarstarfa í sölusetri sínu við Norðlingabraut.

Um er að ræða fjölbreytt störf sem snúa að þjónustu við viðskiptavini og hinar ýmsu deildir innan söluseturs MEST. Vinnutími: Alla virka daga frá 08.00-18.00.

Nánari upplýsingar hjá **Aðalheiði Bjarnadóttur**, sími 4 400 103 eða 665 0103.

Æskilegir eiginleikar:
Umsækjendur þurfa að geta unnið sjálfstætt, hafa jákvætt og hlýlegt viðmót auk þess að búa yfir almennri snyrtimennsku.
**Fólk á öllum aldri er hvatt til að sækja um.**

mest
– allt til bygginga

MEST er eitt öflugasta fyrirtæki landsins á byggingamarkaði. Nafnið endurspeglar styrk þess og djarfa framtíðarsýn. MEST er framsækið framleiðslu- og þjónustufyrirtæki sem hefur það markmið að bjóða viðskiptavinum sínum verðmætar heildarlausnir. Traust og persónuleg þjónusta eru aðalsmerki MEST þar sem áhersla er lögð á einföld og þægileg samskipti. Hjá MEST starfa 270 manns á 8 starfsstöðum. Við hjá MEST leggjum áherslu á krefjandi og skemmtilegt starfsumhverfi hjá öllu okkar starfsfólki.





# Viltu vinna með skemmtilegu fólki?

Skeljungur hf. óskar eftir starfsfólki til afgreiðslu- og þjónustustarfa á Shell- og Select stöðvarnar á höfuðborgarsvæðinu.

**Vaktstjórar** - almenn afgreiðsla og þjónusta við viðskiptavini auk þess að hafa umsjón með vaktinni. Sveigjanleiki og jákvæðni eru lykilatriði.

**Afgreiðslufólk** - afgreiðslustörf á kassa ásamt öðrum tilfallandi störfum. Um er að ræða dag- eða næturvaktir. Lifandi starf þar sem þjónustulundin og brosið gegna stóru hlutverki.

**Hlutastörf á Shellstöðvunum** - almenn afgreiðsla og þjónusta við viðskiptavini. Tilvalið t.d. fyrir skólafólk.

Unnið er á vöktum og er um mismunandi vaktaskipulag að ræða.

Nánari upplýsingar veitir Rebekka Ingvarsdóttir í síma 444 3000. Einnig er hægt að sækja um á heimasíðu fyrirtækisins www.skeljungur.is eða senda upplýsingar á ri@skeljungur.is.

Vörumerki Shell eru notuð af Skeljungi með leyfi Shell Brands International

## Leikskólinn Sólbrekka Seltjarnarnesi

Laus störf:
- leikskólakennari
- deildarstjóri (hlutastaða)
- leikskólasérkennari
- þroskaþjálfi (atferlisþjálfun)
- starfsmaður með áhuga á uppeldisstörfum

*Kynnið ykkur leikskólann á heimasíðu hans www.seltjarnarnes.is/solbrekka*

*Upplýsingar gefur Soffía Guðmundsdóttir leikskólastjóri í síma 595 9291.*

*Laun skv. kjarasamningi Launanefndar sveitarfélaga við Félag leikskólakennara eða Starfsmannafélag Seltjarnarness.*

*Í samræmi við jafnréttisáætlun Seltjarnarnesbæjar eru karlmenn hvattir til að sækja um störf í leikskólum bæjarins.*

SELTJARNARNESBÆR
Skólaskrifstofa

Augl. Þórhildar 2200.370

## Grunnskóli Seltjarnarness

### Mýrarhúsaskóli – Valhúsaskóli

### Laus eru til umsóknar eftirfarandi störf

**Íþróttir** Starf íþróttakennara, afleysing til áramóta.

**Tónmennt** 50% starf á yngsta stigi.

**Upplýsingar/umsókn:**
Ólína Thoroddsen, aðstoðarskólastjóri.
olina@seltjarnarnes.is
Sími 5959 200.

**Náttúru- og samfélagsfræði** Kennsla í náttúrufræði og samfélagsfræði á elsta stigi.

**Upplýsingar/umsókn:**
Baldur Pálsson, aðstoðarskólastjóri.
baldur@seltjarnarnes.is
Sími 5959 250.

**Sérkennsla** Starf sérkennara, þroskaþjálfa og stuðningsfulltrúa.

**Upplýsingar/umsókn:**
Edda Óskarsdóttir, deildarstjóri sérkennslu.
eddao@seltjarnarnes.is
Sími 5959 200.

**Skólaliðar** óskast til starfa með samhentum hópi á líflegum vinnustað.

**Upplýsingar/umsókn:**
Hafsteinn Jónsson, umsjónarmaður fasteigna, sími 822 9120.

Á Seltjarnarnesi eru um 640 nemendur í heildstæðum grunnskóla. Skólinn er rekinn í tveimur starfsstöðvum; Mýrarhúsaskóla fyrir nemendur í 1. - 6. bekk og Valhúsaskóla fyrir nemendur í 7. - 10. bekk.

Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningum viðkomandi stéttarfélags.

SELTJARNARNESBÆR
Skólaskrifstofa

*www.grunnskoli.is*

Augl. Þórhildar 2200.376

## Laus staða lögfræðings hjá Persónuvernd

Persónuvernd

Hjá Persónuvernd er laust starf lögfræðings frá og með 1. september nk. Um er að ræða fullt starf og er embættis- eða meistarapróf skilyrði.

Persónuvernd starfar að áhugaverðum og lifandi viðfangsefnum á sviði sem er í stöðugri þróun, m.a. á vettvangi Evrópusamvinnu. Vinnustaðurinn er sveigjanlegur og fjölskylduvænn.

Um starfskjör fer samkvæmt kjarasamningi Félags háskólamenntaðra starfsmanna stjórnarráðsins og fjármálaráðherra. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Skriflegar umsóknir, þar sem gerð er grein fyrir menntun og starfsferli, berist Persónuvernd fyrir 17. ágúst nk.

Upplýsingar veitir Sigrún Jóhannesdóttir, forstjóri í síma 510 9600.

**Persónuvernd**
Rauðarárstíg 10 - 105 Reykjavík
Sími: 510 9600 - Fax: 510 9606
www.personuvernd.is - postur@personuvernd.is

www.mos.is MOSFELLSBÆR

Þverholti 2 · 270 Mosfellsbæ · Sími 525 6700 · Fax 525 6729

## Varmárskóli auglýsir

**Eftirtaldar stöður eru lausar til umsóknar:**

**Kennsla á unglingastigi**
• Kennslugreinar stærðfræði og enska
Í skólanum fer fram öflugt þróunarstarf í þessum greinum

**Kennsla á yngsta stigi**
•1. og 2. bekkur
Í skólanum fer fram áhugavert þróunarstarf sem m.a. felst í því að tengja betur saman 5 og 6 ára deildir sem og að móta sveigjanlegt skólastarf á yngsta stiginu

**Tónmenntakennari**
Við óskum eftir að ráða tónmenntakennara í ca. 50% stöðu

**Námsráðgjafi**
Staða námsráðgjafa er laus til umsóknar
Um er að ræða afleysingarstöðu skólaárið 2007-2008

**Skólaliðar**
Skólaliða vantar í hlutastarf, bæði í yngri og eldri deild.

**Ritari**
Ritara vantar í yngri deildina. Viðkomandi þarf að hafa góða tölvukunnáttu og vera leikinn í samskiptum við börn og fullorðna.

Nánari upplýsingar gefa Þórhildur Elfarsdóttir, skólastjóri í síma 863 3297 og Þóranna Rósa Ólafsdóttir, skólastjóri í síma 899 8465

GARÐABÆR
www.gardabaer.is

## Starfsmaður óskast til starfa!

Ertu þjónustulipur? Hefurðu áhuga á íþróttum? Viltu vera með í að skapa þjónustumiðstöð sem vill staðsetja sig meðal þeirra bestu á höfuðborgarsvæðinu?

Íþróttamiðstöðin Ásgarði, Garðabæ óskar eftir að ráða starfsmann til starfa í afgreiðslu og í sundklefa kvenna. Viðkomandi þarf að vera reiðubúin að ganga í öll störf sem íþróttamiðstöðin hefur upp á að bjóða. Gerðar eru kröfur um frumkvæði og lipurð í mannlegum samskiptum. Umsækjandi þarf að geta unnið sjálfstætt og skipulega. Viðkomandi þyrfti að geta hafið störf sem fyrst.

Upplýsingar um starfið veitir Gunnar Örn Erlingsson íþróttafulltrúi (gunnarer@gardabaer.is) í síma 565 8044 og 820 8549.

Einnig er hægt að sækja um starfið rafrænt með því að fylla út almenna atvinnuumsókn. Rafræn umsókn liggur á heimasíðu Garðabæjar. Góð starfskjör eru í boði.

*Íþróttafulltrúi*

Fræðslu- og menningarsvið



Aldís segir heilmikla tækni á bak við brúðuleik. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Börnin sitja alveg stjörf

***Aldís Gyða Davíðsdóttir brúðuleikari er mjög ánægð í vinnunni sinni.***

Aldís er búin að vinna sem brúðuleikari í Brúðubílnum og Leikbrúðulandi með Helgu Steffensen í næstum því tvö og hálft ár. „Ég var búin að vera mjög mikið í leiklist, í fullt af leikfélögum, og þegar Helgu vantaði nýja stelpu með sér í bílinn var henni bent á mig,“ segir hún.

Aldís tók boðinu strax enda mundi hún vel eftir Brúðubílnum frá því að hún var barn. „Það eru náttúrulega ennþá margir sömu karakterar og þegar ég var lítil og ég er að leika þá núna sem er rosa spennandi,“ segir hún og hlær. „Mér finnst til dæmis mjög fyndið að leika ömmuna,“ bætir hún við.

Áður en Aldís fór að vinna með Helgu hafði hún aldrei prófað að stjórna leikbrúðum. „Þetta er miklu erfiðara en maður heldur og annað hvort getur maður þetta eða getur þetta eiginlega ekki. Maður býst svolítið við því að þetta sé bara eins og að leika sér með dúkkur en það er heilmikil tækni á bak við þetta. Margir halda að þeir geti bara gengið inn í svona vinnu sísvona en þetta er hellings vinna,“ segir hún.

Brúðubíllinn er aðeins á ferðinni á sumrin, að sögn Aldísar, en á veturna er nóg að gera í Leikbrúðulandi. „Við erum með Brúðubílinn úti um alla Reykjavík í júní og júlí en í ágúst förum við út á land. Þetta er rosalega gaman og alveg yndislegt starf. Mér finnst svo gaman að vinna með börnum og hef verið að vinna á leikskóla svo ég er mjög ánægð með þetta starf. Það er bara alveg ótrúlegt að horfa á börn niður í tveggja ára sitja stjörf í hálftíma. Þau eru samt náttúrulega lang harðasti áhorfendahópurinn og láta alveg vita ef þeim finnst þetta leiðinlegt,“ segir Aldís og hlær.

Í framtíðinni stefnir Aldís á að verða leikkona og eins og er bíður hún eftir svari frá erlendum skóla. „Þetta starf er náttúrulega frábær reynsla fyrir utan það hvað þetta er skemmtilegt,“ segir hún. „Allir að koma á brúðubílinn,“ bætir hún svo við og hlær. *emilia@frettabladid.is*

## Umbúðir matvæla

NÝ REGLUGERÐ HEFUR TEKIÐ GILDI HJÁ EVRÓPUSAMBANDINU



Ný reglugerð um fullyrðingar á umbúðum matvæla tók gildi hjá Evrópusambandinu í sumar. Unnið er að innleiðingu reglugerðarinnar í EES-samninginn og líklegt að hún taki gildi á Íslandi á næsta eða þarnæsta ári.

Reglugerðin fjallar um ferns konar fullyrðingar: Næringargildisfullyrðingar, heilsufullyrðingar, fullyrðingar um að vara dragi úr áhættuþáttum sjúkdóma og fullyrðingar sem vísa til heilsu og þroska barna.

Ströngustu reglurnar gilda um tvær seinni fullyrðingarnar en um slíkar fullyrðingar þarf alltaf að sækja um til Evrópusambandsins og umsókninni þarf að fylgja vísindalegur rökstuðningur.

Þá gilda einnig nokkuð strangar reglur um heilsufullyrðingar en listi yfir fullyrðingar sem má nota verður gefinn út. Öll lönd á EES-svæðinu geta lagt fram tillögur en Umhverfisstofnun mun safna saman óskum um heilsufullyrðingar, frá íslenskum fyrirtækjum, fram til 1. október og senda sameiginlega inn til Evrópusambandsins.

allt atvinna
Alla sunnudaga

Áshamar

## Byggingavinna – Höfuðborgarsvæðið

Vanir menn óskast í byggingavinnu

Áshamar ehf

Uppýsingar í sima 8964067 Stefán / 8991529 Valgarð

ÁLFTANESSKÓLI

**„hóar þar smali og rekur á ból"**

**Óskum að ráða:**

• Grunnskólakennara á miðstig 85-100 % starf

Upplýsingar um starfið gefa Sveinbjörn Markús skólastjóri og Guðlaug Erla aðstoðarskólastjóri í símum 5404700, 8215007 og 8215009.
Netfang: sveinbjorn.njalsson@alftanesskoli.is og gudlaug.erla.gunnarsdottir@alftanesskoli.is

Umsóknir sendist Álftanesskóla, 225 Álftanesi.
Sjá einnig vefina www.alftanesskoli.is og www.alftanes.is

skólastjóri

» Ráðningarþjónusta

## Ert þú í atvinnuleit?

### Fjöldi starfa í boði.



- » Skrifstofustörf
- » Lagerstörf
- » Verslunarstörf
- » Bókhaldsstörf
- » Ræstingarstörf
- » Sérfræðistörf
- » Útkeyrslustörf
- » Sölustörf
- » Stjórnunarstörf
- » Störf við kerfisstjórn
- » Störf við forritun
- » Framleiðslustörf
- » Iðnstörf
- » Þjónustustörf

» Kannaðu málið á

**www.hhr.is**

HH RÁÐGJÖF RÁÐNINGARÞJÓNUSTA

HH Ráðgjöf • Fiskislóð 81 • 101 Reykjavík
Sími: 561 5900 • Fax: 561 5909 • hhr@hhr.is • www.hhr.is



## Grunnskóli Seltjarnarness
### Mýrarhúsaskóli

## Starfsfólk vantar í Skólaskjól

- **Almenn störf**
- **Vinna með börnum með sérþarfir**

**Skólaskjól** er lengd viðvera fyrir nemendur í 1. til 4. bekk í Mýrarhúsaskóla á Seltjarnarnesi.
Við óskum að ráða fólk til almennra starfa og til vinnu með börnum með sérþarfir.
Þetta eru skemmtileg og gefandi störf á góðum vinnustað.
Upplýsingar veitir Rut Bjarna forstöðumaður Skólaskjóls í síma 5959 200 eða 822 9123, rutbj@seltjarnarnes.is

SELTJARNARNESBÆR
Skólaskrifstofa

Augl. borholan 2200 373

Reykjavíkurborg
Menntasvið Reykjavíkur



# Menntasvið Reykjavíkurborgar

## Skólaárið 2007-2008 eru eftirfarandi störf í grunnskólum Reykjavíkur laus

**Austurbæjarskóli, v/Vitastíg, sími 411-7200 / 664-8100**
- Umsjónarkennari á yngsta stig 1.-2. bekk
- Umsjónarkennari í 1.-4. bekk.
- Umsjónarkennari í 5.-7. bekk.
- Sérkennari í unglingadeild
- Dönskukennari í 60-70% starf.

**Álftamýrarskóli, Álftamýri 79, sími 570-8100 / 664-8111**
- Umsjónarkennari í 1. og 2. bekk

**Árbæjarskóli, Rofabæ 34, sími 664-8120**
- Umsjónarkennari í öðrum bekk.

**Borgaskóli, Vættaborgum 9, sími 577-2900 / 664-8136**
- Kennari á miðstigi.
- Sérkennari.
- Skólaliðar, m.a. baðvarsla drengja.

**Breiðagerðisskóli, v/ Breiðagerði, sími 510-2600 / 664-8145 / 664-8149**
- Skólaliðar.

**Breiðholtsskóli, Arnarbakka 1-3, sími 557-3000 / 664-8150**
- Dönskukennari.
- Enskukennari.
- Námsráðgjafi.
- Umsjónarkennari á yngsta stigi.
- Kennari til að kenna íslensku sem annað tungumál.

**Brúarskóli, Vesturhlíð 3, sími 520-6000 / 664-8440**
- Íþróttakennari, 60-80% starf.
- Umsjónarkennari á yngra stig 3.-7. bekk
- Stuðningsfulltrúar

**Fellaskóli, Norðurfelli 17-19, sími 557-3800**
- Yfirmaður mötuneytis
- Ritari.

**Foldaskóli, Logafold 1, sími 540-7600 / 664-8180**
- Kennari á unglingastigi. Aðalkennslugrein; íslenska.
- Umsjónarkennari á miðstigi.
- Umsjónarkennari á yngsta stigi.
- Þroskaþjálfi.
- Skólaliðar.
- Sérfræðingur til starfa í fardeild.

**Fossvogsskóli, Haðalandi 26, sími 568-0200 / 664-8190**
- Umsjónakennara í 5. og 6. bekk.
- Tónmenntakennara í hlutastarf
- Forfallakennara
- Stuðningsfulltrúi, 75% starf.
- Starfsmaður á kaffistofu starfsfólks 75% starf

**Grandaskóli, v/ Keilugranda, sími 561-1400**
- Þroskaþjálfi eða sérkennari í 70-100% stöðu
- Skólaliðar

**Hagaskóli, Fornhaga 1, sími 535-6500**
- Skólaliðar, starfshlutfall samkomulag

**Hamraskóli, Dyrhömrum 9, sími 567-6300 / 664-8200 / 664-8201**
- Kennarar í 4.-5. bekk í 50%.
- Deildarstjóri sérkennslu.

**Háteigsskóli, v/Háteigsveg, sími 530-4300 / 664-8215**
- Náttúrufræðikennari á unglingastigi.
- Kennari á unglingastigi og í sérkennslu.
- Skólaliðar í 50-70% störf fyrri hluta dags.
- Stuðningsfulltrúar í 50-70% störf á yngsta stigi og miðstigi

**Hlíðaskóli, Hamrahlíð 2, sími 552-5080**
- Íslenskukennari á unglingastigi í 70% stöðu.

**Ingunnarskóli, Maríubaugi 1, sími 411-7828 / 664-8265 / 664-8266**
- Umsjónarkennara í 1.-4. bekk.
- Sérkennari á unglingastigi.
- Sérkennari í 4.- 5.bekk
- Stærðfræðikennari á unglingastigi
- Stundakennara í spænsku og leiklist.

**Klébergsskóli, Kjalarnesi, sími 566-6083**
- Umsjónarkennari á yngsta stigi.
- Umsjónarkennari á yngsta stigi - afleysing til áramóta.
- Sérkennari.
- Skólaliði

**Korpuskóli, Bakkastöðum 2, sími 411-7880 / 664-8276**
- Kennarar á miðstigi.
- Dönskukennari í 50% stöðu.
- Íslenskukennari á unglingastigi.
- Aðstoðarmaður í eldhús í 80-100% starf.

**Laugalækjarskóli, v/Laugalæk, sími 588-7500 / 664-8290**
- Náttúrufræðikennari í 9. og 10. bekk.
- Íþróttakennari stúlkna, afleysing til áramóta.
- Skólaliðar

**Laugarnesskóli, Kirkjuteigi 24, sími 411-7444**
- Skólaliða.
- Starfsmann í mötuneytið

**Melaskóli, Hagamel 1, sími 535-7500 / 664-8306**
- Umsjónarkennari á yngsta stigi
- Íþróttakennari í hlutastarf.

**Rimaskóli, Rósarima 11, sími 567-6464/ 664-8320**
- Kennsla á unglingastigi. Kennslugreinar; íslenska og enska.
- Umsjónarkennari á miðstigi.
- Þroskaþjálfi. Aðstoð við nemendur með einhverfu.

**Safamýrarskóli, Safamýri 5, sími 568-6262**
- Stuðningsfulltrúar, fullt starf og hlutastarf

**Seljaskóli, Kleifarseli 28, sími 411-7500 / 663-8330**
- Umsjónarkennari á yngsta- og miðstigi.

**Sæmundarskóli, Gvendargeisla 168, sími 411-7848**
- Sérkennari í hlutastarf.
- Skólaliðar- hlutastarf eða fullt starf
- Stuðningsfulltrúi.

**Víkurskóli, v/ Hamravík, sími 545-2700 / 664-8345**
- Sundkennari, 60% staða.
- Umsjónarkennari í teymi í 4.-5. bekk.
- Umsjónarkennari á unglingastigi til að kenna Íslensku og dönsku.
- Skólaliðar.

**Öskjuhlíðarskóli, Suðurhlíð 9, sími 664-8405**
" Kennari/Þroskaþjálfi.
" Stuðningsfulltrúi.

**Ekki er um tæmandi upptalningu lausra starfa að ræða. Öll laus störf á Menntasviði eru auglýst á www.menntasvid.is.**

Frekari upplýsingar um hverja stöðu og umsóknarfresti er einnig að finna á heimasíðu Menntasviðs. Upplýsingar veita skólastjórar og aðstoðarskólastjórar í viðkomandi skólum. Laun eru skv. kjarasamningi Reykjavíkurborgar við stéttarfélög.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum hjá borginni.
Atvinnuauglýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar: www.reykjavik.is/storf
Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11, færð þú allar upplýsingar
um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

### YFIRMAÐUR Í FISKVINNSLU

Furðufiskar ehf sem reka meðal annars Kokkana veisluþjónustu, fiskborðin í Hagkaupum og Osta og sælkeraborðið í Hagkaupum kringlunni leitar eftir yfirmanneskju í fiskvinnslu okkar.

**Starfssvið:**

- Innkaup á fiskmarkaði og pantanir á öllu hráefni
- Vinna í fiskvinnslu
- Skipulagning á útkeyrslu
- Starfsmannahald
- Skipulagning á innviktun hráefnis

**Hæfniskröfur:**

- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Þjónustulipurð
- Reynsla af svipuðu starfi kostur

### BÍLSTJÓRI

Furðufiska ehf, sem reka meðal annars Kokkana veisluþjónustu, fiskborðin í Hagkaupum og Osta og sælkeraborðið í Hagkaupum kringlunni og Smáralind, vantar Bílstjóra sem starfar einnig við samantekt á vörum ásamt fleiru.

Nauðsynlegt er að viðkomandi hafi mikla þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum því starfið er andlit fyrirtækisins út á við.

Áhugasamir sendið tölvupóst á kokkarnir@kokkarnir.is eða hringið í síma 511-4466 milli kl 9 og 17 á virkum dögum.

Furðufiskar ehf
Fiskislóð 81a
101 Reykjavík

Kokkarnir
VEISLUÞJÓNUSTA • JÓNS ARNARS & BÚNARS

Flugfjarskipti ehf.

## Spennandi starf í góðu starfsumhverfi

Flugfjarskipti ehf. hafa ákveðið að halda námskeið í flugfjarskiptum. Námskeiðið hefst í október 2007. Áætluð námslok með starfsþjálfun eru í apríl 2008. Þeim sem standast lokapróf verður boðið starf flugfjarskiptamanna við „Iceland Radio". Starfsstöð verður í Reykjavík.

Námið er tvíþætt. Fyrri hlutinn sem er bóklegt og verklegt nám, fer fram í skóla Flugstoða ohf, en seinni hlutinn sem er starfsþjálfun, fer fram hjá Flugfjarskiptum ehf. Nemendur eru á launum á námstímanum.

**Hæfniskröfur:**
Umsækjendur skulu hafa lokið stúdentsprófi eða sambærilegri menntun, hafa góða enskukunnáttu, tala skýrt mál, auk þess að fullnægja tilskyldum heilbrigðiskröfum.

Flugfjarskipti leita starfsmanna með góða samskiptahæfileika, lipra og þægilega framkomu, sem sýna frumkvæði í starfi og sem geta unnið undir álagi.

**Í boði er spennandi starf í öruggu og góðu starfsumhverfi.**

Frekari upplýsingar um starfið gefur Reynir Eggertsson, deildarstjóri flugafgreiðslu í síma 563-6530 eða á re@gannet.is

Skriflegar umsóknir með ítarlegum upplýsingum um fyrri störf og reynslu, ásamt mynd og nýju sakarvottorði sendist Flugfjarskiptum ehf, Sóleyjarima 6, 112 Reykjavík, fyrir 14. ágúst næstkomandi. Hægt er að nálgast umsóknareyðublöð á heimasíðu Flugfjarskipta www.gannet.is

Öllum umsóknum verður svarað.

Flugfjarskipti ehf er að fullu í eigu Flugstoða ohf. og sinnir tal- og gagnaviðskiptum við alþjóðaflug í íslenska flugstjórnarsvæðinu. Starfsmenn fyrirtækisins eru um 45 og starfsemin er á Íslandi, í Færeyjum og á Grænlandi. Flugfjarskipti ehf leggja áherslu á jafnan rétt karla og kvenna til starfa.

allt atvinna
Alla sunnudaga



## Frístundamiðstöðin GUFUNESBÆR leitar eftir öflugum starfskrafti

### UMSJÓNARMAÐUR FRÍSTUNDA-HEIMILISINS BROSBÆJAR Í ENGJAHVERFI

**Ábyrgðarsvið**

- Umsjón með starfsemi frístundaheimilisins fyrir börn á aldrinum 6–9 ára, ásamt öðrum verkefnum tengdum tómstundastarfi barna í hverfinu.

**Menntunar- og/eða hæfniskröfur**

- Háskólamenntun á uppeldissviði eða sambærileg menntun.
- Reynsla af starfi með börnum.
- Stjórnunarreynsla æskileg.
- Skipuleg og fagleg vinnubrögð.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.
- Frumkvæði og sjálfstæði.
- Almenn tölvukunnátta.

Starfsmenn Gufunesbæjar vinna á sviði íþrótta og tómstunda og eru lykillinn að því að veita íbúum fyrsta flokks þjónustu. Gufunesbær leggur áherslu á að starfsfólki líði vel og að það nái að þróast í starfi. Hjá Gufunesbæ vinnur starfsfólk á öllum aldri með fjölbreyttan bakgrunn.

**Umsóknarfrestur er til 15 ágúst 2007**

Umsóknum skal skilað til skrifstofu ÍTR, Bæjarhálsi 1, merkt: Gufunesbær.
Nánari upplýsingar veitir Þóra Melsted, deildarstjóri barnastarfs í síma **520 2300** og í gegnum netpóst: **thora.melsted@reykjavik.is.**

Umsækjendur þurfa að hefja störf sem fyrst.
Laun eru skv. kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar.

ÍTR

Íþrótta- og tómstundasvið Reykjavíkur | Bæjarhálsi 1
Sími 411 5000 | Bréfsími 411 5009 | www.itr.is | itr@itr.is

ST. JÓSEFSSPÍTALI SÓLVANGUR

## Hjúkrunarfræðingar

Við viljum ráða hjúkrunarfræðinga til starfa á lyflækningadeild og handlækningadeild á St Jósefsspítala og á hjúkrunardeildir Sólvangs.

Við sækjumst eftir áhugasömum og metnaðarfullum einstaklingum, sem búa yfir góðri þekkingu og reynslu og hafa áhuga á að starfa með samhentum hópi fagfólks að uppbyggingu og þróun hjúkrunar.

**Í boði er:**

- Einstaklingsmiðuð aðlögun, fræðsla, starfshlutfall eftir samkomulagi og sveigjanlegur vinnutími.
- Góður starfsandi og teymisvinna þar sem markmiðið er að veita skjólstæðingum og fjölskyldum þeirra bestu heilbrigðisþjónustu sem völ er á.

**St. Jósefsspítali Sólvangur er vinnustaður sem leggur áherslu á umyggju fyrir starfsfólki, jákvætt og hvetjandi starfsumhverfi og að sérhver starfsmaður fái að njóta sín í starfi.**

Nánari upplýsingar gefa: Birna Steingrímsdóttir deildarstjóri lyflækningadeildar, birna@stjo.is, Dóróthea Sigurjónsdóttir deildarstjóri handlækningadeildar, dora@stjo.is, í síma 5550000. Erla M. Helgadóttir hjúkrunarstjóri Sólvangi, erla@solvangur.is, í síma 5906500.

Umsóknir berist til Birnu G. Flygenring, ramkvæmdastjóri hjúkrunar fyrir 20. ágúst n.k. á Suðurgötu 41, 220 Hafnarfirði eða netfang: bgf@stjo.is

**Laun ofangreindra starfa er samkvæmt gildandi samningi viðkomandi stéttarfélags og fjármála. Umsóknareyðublöð fást í upplýsingum, Suðurgötu 41 og skrifstofu Sólvangsvegi 2, Hafnarfirði og á heimasíðu stofnunarinnar www.stjo.is. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.**

## Kórstjóri barnakórs Grafarholtssóknar

Grafarholtssókn óskar eftir kórstjóra barnakórs frá byrjun september í hlutastarf. Barnakór kirkjunnar hefur starfað frá 2005 og er nú skipaður um 30 börnum á aldrinum sjö til tíu ára. Upplýsingar um starfið veita Hrönn Helgadóttir organisti í síma 695 2703 og séra Sigríður Guðmarsdóttir sóknarprestur í síma 895 2319.

## Pompei Norðursins í Vestmannaeyjum

**Leitað eftir áhuga á aðild að hugmyndavinnu**

Nú þegar farið er að sjást í nokkur hús undan gjalli við Suðurveg sem grafið hefur verið niður á í austurbænum í Vestmannaeyjum. Verkefnið sem ber vinnuheitið Pompei norðursins skorar á þá aðila sem áhuga hafa á að leggja inn hugmyndir að hafa samband við verkefnastjóra Kristínu Jóhannsdóttir kristinj@vestmannaeyjum.is eða 488 2000 fyrir 31. ágúst 2007.

Á þessu stigi er fyrst og fremst verið að kanna áhuga á því að koma að hugmyndavinnu, sem síðar gætu þróast áfram í samvinnu við verkefnisstjórnina.

# Atvinna.is

**Ráðningarþjónusta**

þar sem leitin hefst

# Vantar fólk á skrá með bókhalds reynslu !

**Fyllið út umsókn á vefnum okkar www. Atvinna.is**

| Dugguvogur 17 | 104 Reykjavík | Sími 552-9300 | netfang atvinna@atvinna.is


Fíton/SÍA
ZÚÚBER
FM957
FRÁ 7 TIL 10
ALLA VIRKA DAGA
NÚ GETURÐU LÍKA HORFT
Á OKKUR Á FM957.IS!
ROLLING STONES

## Verslun

XXX DVD
Besta verðið!!
NÝJAR MYNDIR FRÁ USA Á AÐEINS 2.950.-
DVD FRÁ 1990.- KR
Grensásvideo.is
Grensásvegi 24
Sími 568 6635
Opið frá kl. 15-23.30

amor
Egg í miklu úrvali frá kr. 590.-
Tilboð á DVD Frábært úrval af nýjum titlum.
WET
Full búð af nýjum vörum
• INTIMO •
Örugglega besta rakgelið!
Skúlagata 40a s. 562 2433
Dalvegur 16a s. 562 2445
www.amor.is

# ÞJÓNUSTA

## Barnagæsla

Cambridge, UK áreiðanleg, barngóð, rösk og reyklaus Au-pair óskast, fyrir lok ágúst til barnagæslu (ein 2,5 ára) og léttra heimilisstarfa. Uppl. í síma 824 4722, Ásdís.

## Hreingerningar

Hreingerningar ehf.
• Ræstingar • Gluggaþvottur
• Hreingerningar • Teppahreinsun
• Flutningsþrif • Gólfbónun
Sími: 868 5599
www.hreingerningar.is

## Garðyrkja

Smágröfuleiga
Drenlagnir
Hellulagnir
Tökum að okkur alhliða lóðavinnu.
Upplýsingar í síma
824 7565 Beggi
696 6676 Bjössi.

Gefðu vatn
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

Umhverfisprýði ehf
Þitt umhverfi - Þín prýði
25 ára reynsla
Hellulagnir
Vegghleðslur
Sólpallar
Túnþökulagnir
Jarðvegsvinna
520 1220
prydi@umhverfisprydi.is
www.umhverfisprydi.is

Sælugarðar ehf.
allt fyrir garðinn
• Garðsláttur
• Beðahreinsun
• Trjáklippingar
• Trjáfellingar
• Þökulagnir
• Hellulagnir
• Sólpallar
Mætum og gerum tilboð þér að kostnaðarlausu.
Kári sími: 824-1238

Tökum að okkur allt sem viðkemur garðinum, auk allrar almennrar smíðavinnu - lögg. húsasmíðameistari. Vanir menn, snör handtök. Sælugarðar s. 824 1238.

Túnþökusala Oddsteins
Túnþökur og túnþökurúllur til sölu í garðinn eða sumarbústaðinn!
Steini, s:663 6666

**Garðaþjónusta Íslands**
**Tökum að okkur alhliða garðvinnu & hreinsun. Fellum tré, þökuleggjum og fl. Vönduð vinnubrögð -Hjörleifur í s. 844 6547 -Róbert í s. 866 9767.**

Tökum að okkur garðslátt og garðvinnu. Fáðu tilboð í síma 821 6129.

Góðverk almenn garðyrkja fyrir þig og þína. Afsláttur fyrir eldri borgara og öryrkja. S. 659 8797 & 848 1416, Eiríkur.

**Blómstrandi garðar**
Fellum tré, klippum og sinnum öðrum garðverkum. Garðsláttur og garðúðun. Þið hringið og við komum. Gerum tilboð. S. 695 5521.

## Málarar

Þakmálun!!
Húseigendur - Húsfélög
Þarf að fara að huga að viðhaldi á þakinu?
Við sérhæfum okkur í þakviðgerðum og þakmálun og höfum mikla reynslu og þekkingu á því sviði.
Höfum einnig löggildan málarameistara í okkar röðum.
Gerum tilboð ykkur að kostnaðarlausu.
ÍSLANDSMÁLUN EHF.
Upplýsingar í síma:
899 2008, Grétar og 891 6999 Einar.

## Búslóðaflutningar

**Ertu að flytja austur á land?**
Við flytjum búslóðina fyrir þig. Sendibílaþjónusta Austurlands sími 899 0959 daguri@simnet.is

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is

Tökum að okkur alla búslóðaflutninga og aðra flutninga. Góð þjónusta. Erum með besta verðið. Uppl. í síma 899 2536 & 825 0083.

## Húsaviðhald

**Húsaviðhald!**
Þak- og utanhússklæðningar og allt húsaviðhald. Ragnar V. Sigurðsson ehf. S. 892 8647.

**Flísalögn, múrvinna, málun, smíði...**
Viltu nýtt baðherbergi, eldhús eða breytingar innanhúss kláraðar. Iðnaðarmannateymi tekur að sér verkefni, smá og stór. Erum röskir og þrífum eftir okkur. www.husverk.is - S. 699 5678.

**Verkfag ehf**
Tökum að okkur allt viðhald húsa, s.s múrun, málun, flotun, glerjun, rennur, niðurföll, blikk ofl. Uppl. í s. 690 9855.

## Spádómar

www.orlagalinan.is
Örlaga línan
Miðlar, spámiðlar, draumráðningar.
Opið öll kvöld í síma
595 2001 & 908 1800

**Englaljós S. 908 6050 & 863 1987**
**Er spennandi tími framundan? Hvað viltu vita um framtíðina? Andleg leiðsögn, fyrirbænir, trúnaður. Er við alla daga frá 11 á morgnana til 01 eftir miðnætti.**
**Lára spámiðill. Visa/Euro.**

**Stína Lóa Spámiðill**
**Tarrot & draumráðningar. Leiðsögn um ástir, viðskipti og fjármál.**
**Sími 908 2008 & 462 2811 - Visa/MasterCard Opið til 02 alla daga. Geymið þessa auglýsingu.**

**Stína Lóa Spámiðill**
Tarrot og draumráðningar. Leiðsögn um ástir, viðskipti og fjármál. Sími 908 2008 - 299 kr/mín hjá Símanum. Geymið þessa auglýsingu.

Spásíminn 908 5666. Stjörnuspá. Tarot. Árspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

**Alspá 445 5000**
Miðlun, draumar, ráðgjöf, heilun, fyrirbænir NLP. Símaspá, einkat. og m., fl. *Vísa Euro Masters. Opið 12-24. www.spamidlun.com*

**Hanna 908 6040**
Símaspá, fyrirbænir, draumar, tarot. Andleg leiðsögn. 555 2927 Visa/euro.

**Dulspekisíminn 908 6414 & 553 5395**
Spennandi tími fram undan? Spák. Yrsa: símaspá, draumaráðningar, fjarheilun, Visa/MC. Símatími 10-24 alla daga. Hringdu núna!

**661 3839 - Símaspá**
Fast verð. ATH. stgr. Opið alla daga frá 11-23.

# HEILSA

## Heilsuvörur

**Léttist um 15 kg á aðeins 10 vikum.**
**LR- HENNING - Nýtt á Íslandi**

**Viltu léttast? Fá meiri orku?**

**Stuðningur, einkaráðgjöf og matarprógramm sniðið að þínum þörfum**
**Uppl. Gefur Dóra í síma 869 2024**

**Eða lr-dora@internet.is**

Taktu þér tak! Með Herbalife nærðu árangri og betri líðan. Erla Bjartmarz, s. 899 4183 www.eco.is

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

Árangur með Herbalife í 27 ár. Pantaðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896-4662 www.lifsstill.is

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Þú getur það með Herbalife! Hafðu samband. Ólöf. S. 861 5356, olsiar@hotmail.com

# HEIMILIÐ

## Húsgögn

Queen side rúm fæst gegn skiptum fyrir minna rúm. Uppl. í s 845 6933.

Opið hús! Vegna flutnings er öll búslóð okkar til sölu. Td. sófasett, ísskápur, skiptiborð, kommóða, hillur o.m.fl. Logafold 151 112 R. Sími: 587-4815

Sófaborð úr Balsavið kostar nýtt 60 þús. Selst á 15 þús. Uppl. í s. 857 7227.

## Dýrahald



Gordon Setter hvolpur til sölu úr þekktustu veiðilínum Noregs og Danmörks. með ættbók frá HRFÍ. Góður heimilis- og veiðihundur. Tilb. til afh. S. 895 7263.

Yndislegir Chiuhuha tíkur til sölu. Heilsufarskoðaðar, örmerktar og með ættbók frá Íshundum. Tilbúnar til afhendingar. S. 692 3054.

**Enskir Cocker spaniel**
Yndislegir hvolpar til sölu. Bólus., örm. m/ættb. HRFÍ. Frábærir fjölsk.hundar. S. 663 5521.

Hvolpar fást gefins. Uppl. í s. 486 5608 & 896 8881.

## Ýmislegt



**- Beachcomber -**

**Kanadískir heitir pottar**
**Sumartilboð á heitum pottum. Eigum örfáa Beachcomber heita potta á lager. Til afgreiðslu strax. Mest einangruðu pottar á markaðnum, lokað 24 tíma hreinsikerfi o.m.fl. Fimm ára ábyrgð. Frí heimsending hvert á land sem er. Sendum bæklinga samdægurs.**

**11 ára reynsla á Íslandi.**
**Opið alla daga frá 9 til 21.00.**
**Allar nánari uppl. í s. 897 2902 eða mvehf@hive.is**

Auglýsingasími
512 5050
FRÉTTABLAÐIÐ
– Mest lesið

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Ferðaþjónusta




**Sjóstangveiði - Andrea**
Hvalaskoðun, Skemmtisiglingar. Tilvalið fyrir fyrirtæki og starfsmannahópa. Símar 562 2300, 892 8433. Nánari upplýsingar www.sjostong.is, hvalalif@hvalalif.is

## Fyrir veiðimenn

FLUGUR Á GÓÐU VERÐI !
Silungaflugur kr. 165-
Brass túpur kr. 295-
Straumflugur kr. 195-
Laxaflugur kr. 275-
Vandaðar flugur , mikið úrval.
RB veiðibúð, Skútuvogi 4
Sími 581 2121
www.rbv.is

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**Skipta.is**
**Eignir-skipti Viltu skipta á einhverju sem þú átt og vilt eitthvað í staðinn?**
**Farðu á www.skipta.is og skráðu þína eign. Mikil hreyfing! Góð skipti! Láttu hlutina gerast og farðu á www.skipta.is**

Leigjendur, takið eftir! Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Studio for rent in 108 Rvk. 34sq. m.Inc.: furniture, fridge, washing machine. 80.000 kr. S. 691 7895.

3. herb. íbúð til leigu. Á 135. þús. á mán. 3 mán. fyrirframm. Uppl. í s. 867 6984 & 856 4869.

## Húsnæði óskast

**Óska eftir hæð, raðhús**
eða einbýlishúsi í kópavogi, langtímaleiga, frá og með 1.sep. eða sem fyrst. Uppl. 820 7065

## Sumarbústaðir



Til sölu til flutnings 2 ný Sumarhús 67 fm + 32 fm svefnloft. Fullbúin að utan, einangruð og plöstuð að innan. Teikningar fylgja með. Sumarhus.com S. 615 2500.



Flott 93fm heilsárshús í Borgarfirði (skammt frá Bifröst, Hvanneyri og Borgarnesi) til sölu. Ýmis skipti koma til greina s. 8960675

**Sumarhúsalóð**
**Til sölu sumarhúslóð í landi Úteyjar á milli Laugarvatns og Apavatns. Lóðin er um 6200 m². Heitt og kalt vatn og rafmagn við lóðarmörk. Góður byggingarreitur. Vel fallin til trjáræktar, Mjög vel staðsett, mikið og gott útsýni til fjalla og jökla. Upplýsingar í símum 823 7508 og 693 5715.**



**TYM Fjölnota tæki**
Grefur, slær, mokar, plægir, tætir, borar og margt fl. 3ja ára ábyrgð. V.2,4 +vsk. Hagstæð lán. tym.is s. 697 3217.

Sumarhús með heitri laug í Biskupstungum. Helga- og vikuleiga í águst og september. S. 898 6033.

## Atvinnuhúsnæði

Vantar ca 25-70 fm atvinnu/ iðnaðarhúsnæði. Inkeyrsluhurð kostur en ekki skilyrði. Skoða allt. Uppl. í s. 844 5222.

## Bílskúr

25 fm upphitaður bílskúr til leigu í Grafarvogi. Verð 22 þús. á mán. Uppl. Gefur Ólafur í síma 869 5324 & 587 4023.

# TIL SÖLU

EUROCONFORTO
Heilsuskórnir hafa slegið í gegn á Íslandi
SMELLPASSA Í SUMARFRÍIÐ !
12 fallegir litir
Stærðir 35-43
Verð 4.400
Útsölustaðir:
Valmiki Kringlunni, Euroskór Firðinum, B-Young Bankastræti, Nína Akranesi, Heimahornið Stykkishólmi, Mössubúð Akureyri, Töff föt Húsavík, Kóda Keflavík.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**starf.is**
Nú er rétti tíminn til að breyta til.

**Veitingahúsið Nings Stórhöfða & Hlíðarsmára**
Óskar eftir að ráða vaktstjóra. Unnið er 15 vaktir í mánuði. Ekki yngri en 20 ára. Upplýsingar í síma 822 8840, 822 8870 og einnig inn á www.nings.is

**Veitingahúsið Nings**
Óskar eftir í bílstjórum og fólki í sal, kvöld- og helgarvinna. Upplýsingar í síma 822 8870 og einnig inn á www.nings.is

**Bakaríið hjá Jóa Fel**
Bakaríið og sælkeraverslun Jóa Fel Kleppsvegi. Vantar hresst og duglegt starfsfólk. Tvískiptar vaktir. Einnig laus störf um helgar, hentar vel skólafólki. Uppl. fást hjá Önnu Helenu í síma 699 7967 eða á staðnum Kleppsvegi. Bakaríið Hjá Jóa Fel, Kleppsvegi 152.

**Búr ehf - Vaktstjóri**
Búr ehf óskar eftir að ráða vaktstjóra með lyftararéttindi. Vaktavinna. Framtíðarstarf. Ekki yngri en 25 ára. Góð Íslenskukunnátta skilyrði. Upplýsingar í síma 896 2836 á skrifstofutíma. Umsóknir einnig á staðnum, Bæjarflöt 2, Grafarvogi.

**Smart starfsfólk**
Starfsfólk óskast á sólbaðsstofur Smart Grensásvegi & Sólvallargötu í dag-, kvöld og helgarvinnu. Umsóknareyðublöð á staðnum. Yngri en 18ára koma ekki til greina.

islandus.com
WWW.ISLANDUS.COM/ATVINNA
ATVINNA Í BOÐI
1. Þjónustufulltrúi Starf í Reykjavík
2. Buyer - US/English Native Speaker
islandus.com/atvinna

Sölu/Þjónustufulltrúi. Spennandi starf og góðar tekjur við markaðssetningu nýrra bíla. Símasala/fyrirtækjakynningar. Also wanted US/English native for Buying Dept. Nánari Uppl./More info www.islandus.com/atvinna

HÁRSNYRTIR
ÓSKUM EFTIR HÁRSNYRTI Í 50% STARF
UPPL. Í S. 698 7537
HÁRSNYRTISTOFAN DALBRAUT

**Bílstjóri óskast.**
Óskum eftir bílstjóra með meirapróf frá aldrinum 25-45 ára, æskilegt að vera með ADR réttindi, en ekki skilyrði. Þarf að vera líkamlega og andlega hraustur. Góð laun í boði fyrir réttan starfsmann. Upplýsingar í síma 898 9006.

**Loftorka Reykjavík**
Óskar eftir verkamönnum & valtaramanni með lyftarapróf til malbikunar framkvæmda ofl. Matur í hádeginu og heimkeyrsla. Upplýsingar í síma 565 0875.

**Bráðvantar starfsmann**
Handlaginn mann eða smið vantar til starfa við húsaviðgerðir o.fl. Góð laun fyrir réttan aðila. S. 616 1569.

Vantar aðstoð í mötuneyti 50% eða 100 % vinnu. Góð laun í boði Starfssemi hefst 15. ágúst. Upplýsingar veitir Ásgeir í síma 544 2288 eða 692 9065.

KOKKUR - MATRÁÐUR - RÁÐSKONA óskast í leikskólann Álfatún. Vinnutími 8-16 eða e.samkl. Uppl.í síma 8639111 eða alfatun@kopavogur.is

**Öryggisgæslan ehf. óskar eftir starfsfólki**
Vegna mikilla anna vantar stundvíst og ábyrgt fólk í vinnu. Á 8 tíma vaktir í 7 daga og frí í 7 daga einni helgarvinnu. Bæði karlmenn og kvenfólk á aldrinum 19-45 ára. Uppl. gefur Einar, s. 856 5031, e. kl 12:00.

Naglasérfræðingur Ertu hress og kát og langar að vinna sjálfstætt Eg hef aðstöðu til leigu Fótaaðgerða-og snyrtistofa EDDU Hverfisgata 61 561 2025

Óskum eftir vörubílstjórum til vinnu sem & verkamönnum með vinnuvélaréttindi við vegklæðningar ofl. á Suðurlandi & eða Norðurlandi. Mikil vinna, góðar tekjur uppl. í s. 8928696 & 8929637.

Yfirvélstjóra vantar á tæplega 200 tonna neta og dragnótarbát gerður út frá Suðurnesjum. Uppl. í s. 892 5522.

**Bakari**
Óskum eftir að ráða bakara til starfa í bakarí í Breiðholti. Uppl. í s. 893 7370 & 820 7370.

Smiður óskast er að lagfæra sumarbústað við Þingvallavatn og vanta laghentan og sangjarnan smið í einhvern tíma. Uppl. í s. 897 7798.

## Atvinna óskast

**Útvegum starfsfólk frá Póllandi og Portúgal**
í eftirtalin störf : Smiði, Múrara, Pípara, Rafvirkja, Vélvirkja, Meiraprófsbílstjóra, Tækjastjórnendur, Verkamenn, Hjúkrunarfólk og önnur störf samkvæmt óskum atvinnurekanda.
SAS Starfsmannaleigan. Uppl. gefur Sverrir í s:661-7000

VANTAR ÞIG STARFSFÓLK?
Útvegum starfsfólk frá Póllandi í allar stéttir atvinnulífsins.
Erum einungis með fagtært fólk á skrá eða fólk með mikla reynslu.
Veitum trausta og góða þjónustu.
Verð 39.000.- m/vsk
UPPLÝSINGAR Í SÍMA 661 1888
FAGRÁÐNING
Sími 534 8886 - Fax 534 8887
Stangarhylur 7 - 110 Reykjavík

**Vantar þig Smiði, múrara eða járnabindingamenn?**
Höfum á skrá menn sem að óska eftir mikilli vinnu. Geta hafið störf nú þegar.
Proventus starfsmannaþjónusta s. 661 7000.

Vantar þig málara? Td. Eldhús, svefnherb., stofu. Inni og úti, o.fl. Ég mála ódýrara fyrir þig. Uppl. í s. 847 4374

24 ára karlmann vantar íhlaupavinnu um verlunarmannahelgina t.d. á bar eða bara hvað sem er. S. 869 2981.

# TILKYNNINGAR

## Tilkynningar

**Rauði krossinn á Tælandi.**
Ef þig vantar að losna við eitthvað td. frá fötum til bíla eða bara vilt aðstoða með vinnu eða peningum. Einnig er ýmislegt til sölu þar frá hernum. 50-60% úts. Endilega hafið samb. í síma 893 8886. Opið alla daga.



Þórir er byrjaður að vinna á 101 Skjöldur, Pósthússtræti. Sími 561 9090.

**Celebrity.is**
Núna 12.000+ myndir af fræga fólkinu á flottum vef. Nýjar myndir daglega.

**Matseld.is**
Nýjar uppskriftir daglega á fallegum uppskriftavef.

**Síminn hennar Ömmu. Ókeypis ráð.**
Ert þú barn eða unglingur ? líður þér ílla ? Þarft þú einhvern til að tala við. Amma er við símann laugadaga og sunnudaga kl.17-21 í síma 697 8727.

ATH. verð í Kolaportinu um helgina með kremin mín og fæðubótatöflurnar. Ókeypis greining ( líka hlustun) Gerður Benediktsdóttir. Nuddari, Græsalæknir, Læknamiðill.

## Einkamál

**18plús.is.**
XXX samfélag íslendinga á netinu. Sýndu þig, sjáðu aðra. Vertu velkomin/n. www.18plús.is.

Til sölu Palomino colt fellihýsi með fortjaldi dúkur grjótgrind og isskápur S.820 8139

# FASTEIGNIR

FASTEIGNASALAN BYGGÐ
Strandgötu 29 Akureyri
Símar 464 9955 • Fax 464 9956
www.byggd.is

**Kambahraun 12, Hveragerði**



Frum

Gott einnar hæðar einbýlishús ásamt stakstæðum bílskúr. Eignin er staðsett á góðum stað á gróinni lóð. Húsið er fjögurra herbergja 120 fm. að stærð og bílskúr er tvöfaldur 48 fm. Eignin er til afhendingar eftir samkomulagi.

**Allar frekari upplýsingar veitir Björn Guðmundsson lg.fs. í síma 897 7832**

Björn Guðmundsson, löggiltur fasteignasali

**FASTEIGNAMARKAÐURINN**
ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9–17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

## OPIÐ HÚS Í DAG

**Sumarbústaður í Skorradal**
**Vatnsendahlíð nr. 30**
**Opið hús í dag og á morgun frá kl. 12-15**



Frum



52 fm sumarbústaður við Vatnsendahlíð nr. 30 í Skorradal í fjórðu röð frá vatni með frábæru útsýni yfir vatn og fjöll. Bústaðurinn er vel skipulagður og skiptist í þrjú herb., rúmgóða stofu með arinofni, vel innréttað eldhús tengt stofu og baðherb. með sturtu auk geymslu. rétt við golfvöll. 40 fm verönd við bústaðinn, að hluta yfirbyggð. Bátur og utanborðsmótor fylgir og grill og útihúsgögn. Golfvöllur í næsta nágrenni. Nýr leigusamningur til 20 ára.
**Verð 18,9 millj.**
***Eignin verður til sýnis í dag, laugardag og á morgun, sunnudag á milli kl. 12-15. Verið velkomin.***
***Nánari upplýsingar í símum 893 3207 og 867 3435.***

# FASTEIGNIR

**Háahlíð 4**
Grímsnes og Grafningshreppi
Sérleg vandað heilsárshús

Stærð: 86,1 fm
Fjöldi herbergja: 4
Byggingarár: 2006
Brunabótamat: 17.750.000
Bílskúr: Nei

RE/MAX Torg




**Opið hús sunnudaginn 5/8 frá kl 16:00- 18:00**

**Verð: 20.900.000**





Sérlega vandað og fallegt sumarhús á hreint frábærum stað sunnan Apavatns, á 5000 fm eignarlóð , í landi Vatnsholts í Grímssnes og Grafningshreppi. Laust við mikla umferð og skarkala stórra sumarhúsabyggða. Húsið sem er einstaklega vandað í alla staði er 86,1 fm að stærð. Komið er inn í rúmgott anddyri/hol og úr því gengið inn í allar vistarverur hússins. Til vinstri eru 3 góð svefnherbergi, öll parketlögð með fallegu eikarparketi og vönduðum gluggum. Í hjónaherbergi er góður skápur. Eldhúsið og stofan eru eitt stórt rými og í eldhúsinu er mjög vönduð innrétting. Fallegir “franskir” gluggar eru í stofunni sem setja sjarmerandi blæ á rýmið. Fallegt eikarparket er á gólfum húsins alls nema baðherbergið er flísalagt. Í því er góð innrétting og sturta. Yfir helming hússins er rúmgott svefnloft/setustofa. Góð lofthæð í mæni gerir það að verkum að hægt væri að nota loftið sem sér stofu. Góður pallur er við húsið ca 50 fm sem er yfirbyggður að hluta. Þetta er sérlega fallegt og vandað hús þar sem ekkert hefur verið til sparað. Einnig er til sölu á sama stað lóð þar sem að gólfplata að húsi er tilbúin. Leitið upplýsinga hjá sölufulltrúa.



Hrönn
Sölufulltrúi
692 3344
ghronn@remax.is



Óli Gísli
Sölufulltrúi
822 8283
oligisli@remax.is



Bergsteinn
Gunnarsson
Lögg. fasteignasali

RE/MAX Torg - Garðatorgi 5 - 210 Garðabær - Sími: 5209595 - www.remax.is

vísir
FYRSTUR MEÐ FRÉTTIRNAR
www.visir.is

Auglýsingasími
512 50 50



– Mest lesið


NÝTT
NÝTT
UNIVERSAL
20th CENTURY FOX
Paramount
A VIACOM COMPANY
BUENA VISTA INTERNATIONAL
WB
COLUMBIA PICTURES
Touchstone Pictures
DREAMWORKS PICTURES
ÁGÚST ER SKEMMTILEGRI!
GLÆNÝIR ÞÆTTIR MEÐ STELPUNUM
SO YOU THINK YOU CAN DANCE OG AMERICA'S GOT TALENT - ÚRSLITAÞÆTTIR
ÁSKRIFT: 512 5100 | VERSLANIR VODAFONE
2 skemmtilegri
GLÆNÝJAR STELPUR
NÝTT
NÝTT
NETTILBOÐ · AFSLÁTTUR AF FYRSTA MÁNUÐINUM Á STOD2.IS ·
30%

# BT




**149.999**

**Intel® Core Duo**
Nýja fartölvutæknin frá Intel. Stóraukin afkastageta, lengri rafhlöðuending og aukið öryggi.

**160GB Harður diskur**
Þú getur geymt ógrynni af kvikmyndum, ljósmyndum og tónlist á 160GB hörðum disk.

FLAKKARI



LACIE

FYLGIR 14.999

300968E
LaCie 320GB F.A. Porsche
útvær harður diskur fylgir!

## TOSHIBA

PSPB0E-0ED00QN5
TOSHIBA SATELLITE P200-16B
Intel Dual Core T2080
17" WXGA TruBrite skjár
Intel 943 251MB UMA
2GB Vinnsluminni (1024x2)
160GB SATA Harður diskur
1.3MP netmyndavél og hljóðnemi
Dual Layer DVD skrifari
Innbyggt þráðlaust net
Lyklaborð með talnaborði (Full Size)
Innbyggður 5 - 1 kortalesari
Harman Kardon hátalarar
4xUSB2 / FireWire / TV out
Aðeins 3.2kg á þyngd
Windows Vista™ Premium
2gja ára alþjóðleg ábyrgð

BT LÁN™
BT Verð frá: **4.233**
59 mánaða

## LYKLABORÐ

LÆKKAÐ VERÐ



Logitech

967559-0118
LOGITECH MEDIA ELITE ÍSLENSKT

**2.999**

## FARTÖLVUMÚS

LÆKKAÐ VERÐ



Logitech

931755-0914
LOGITECH V150 NOTEBOOK MOUSE

**3.899**

## FARTÖLVU-FJARSTÝRING

LÆKKAÐ VERÐ

Trust



14272-TRU
TRUST NB-5100 REMOTE
Nett þráðlaus fjarstýring til að stýra tölvunni
Styður: Windows Media Player, WinDVD, WinAMP
PowerDVD, PowerPoint, QuickTime og PowerCinema
Forritanlegir hnappar
Dregur 7 metra
USB tengdur innfrarauður sendir

**2.999**






LACIE

FYLGIR 14.999

**2GB Vinnsluminni**
Nauðsynlegt er að hafa gott vinnsluminni í tölvunni til að tryggja hraða vinnslu.

**15.4" WXGA TruBrite skjár**
Skarpur og bjartur skjár með sérstakri glampavörn. Skjárinn er einn mikilvægasti hluti tölvunnar.

## TOSHIBA

PSAELE-017001N5
TOSHIBA SATELLITE A210-12Q
AMD Turion 64 X2 TL-56
15.4" TFT WXGA TruBrite
ATI Mobility Radeon HD2400 128MB
2GB Vinnsluminni (2x1024)
160GB Harður diskur
1.3MP netmyndavél og hljóðnemi
DVD skrifari Dual Layer
Innbyggt þráðlaust netkort
Innbyggður 5 - 1 kortalesari
4xUSB2 / FireWire / TV out
Aðeins 2,72kg á þyngd
Windows Vista™ Premium
2gja ára alþjóðleg ábyrgð

**Væntanleg**
Tryggðu þér eintak

Forsölu-Kaupaukar



• Taska
• mús

**8.999**

**149.999**

BT LÁN™
BT Verð frá: **4.233**
59 mánaða

**2GB Vinnsluminni**
Nauðsynlegt er að hafa gott vinnsluminni í tölvunni til að tryggja hraða vinnslu.

**Lítil og nett**
Tölvan er útbúinn 13,3" skjá og er því mun minni um sig en aðrar tölvur. Aðeins 1,85kg á þyngd!

**Intel® Core 2 Duo**
Nýjasta fartölvutæknin frá Intel. Stóraukin afkastageta, lengri rafhlöðuending og aukið öryggi.

**1GB Intel Turbomemory (Robson)**
Sérhæft minni á móðurborði sem minnkar álag á harða diskinn í tölvunni og eykur hraða gagnavinnslu um allt að 20%




## TOSHIBA

PSU30E-01P01NN5
TOSHIBA SATELLITE U300-11Z
Intel Core 2 Duo T5450
13.3" TFT WXGA TruBrite
Intel GMA X3100 358MB UMA
2GB Vinnsluminni (1024x2)
1GB Intel Turbomemory
160GB SATA Harður diskur
1.3MP netmyndavél og hljóðnemi
Dual Layer DVD skrifari
Innbyggt þráðlaust net
Innbyggður 5 - 1 kortalesari
Harman Kardon hátalarar
Bluetooth
4xUSB2 / FireWire / TV out
Aðeins 1.85kg á þyngd
Windows Vista™ Premium
2gja ára alþjóðleg ábyrgð

FLAKKARI



LACIE

FYLGIR 14.999

300968E
LaCie 320GB F.A. Porsche
útvær harður diskur fylgir!

**149.999**

BT LÁN™
BT Verð frá: **4.233**
59 mánaða




**129.999**

VAR AÐ LENDA

# FLAKKARI



LACIE

**FYLGIR** 14.999

300968E
LaCie 320GB F.A. Porsche
útvær harður diskur fylgir!

# TOSHIBA

PSAE0E-04T01GN5
TOSHIBA SATELLITE A200-1ML
Intel Core Duo T2080
15.4" TFT WXGA TruBrite
Intel 943 251MB skjástýring
1GB Vinnsluminni (2x512MHz)
120GB Harður diskur
1.3MP netmyndavél og hljóðnemi
DVD skrifari Dual Layer
Innbyggt þráðlaust netkort
Innbyggður 5 - 1 kortalesari
4xUSB2 / FireWire / TV out
Aðeins 2,72kg á þyngd
Windows Vista™ Premium
2gja ára alþjóðleg ábyrgð

BT LÁN™

BT Verð frá: **3.702**
59 mánaða

**1GB Vinnsluminni**
Nauðsynlegt er að hafa gott vinnsluminni í tölvunni til að tryggja hraða vinnslu.

**Intel® Core Duo**
Nýja fartölvutæknin frá Intel. Stóraukin afkastageta, lengri rafhlöðuending og aukið öryggi.

**15.4" WXGA TruBrite skjár**
Skarpur og bjartur skjár með sérstakri glampavörn. Skjárinn er einn mikilvægasti hluti tölvunnar.

**120GB Harður diskur**
Þú getur geymt ógrynni af kvikmyndum, ljósmyndum og tónlist á 120GB hörðum disk.

# FRÁBÆRIR KAUPAUKAR FYLGJA MEÐ VÖLDUM VÉLUM

## 1. GREIÐSLA

**1. nóvember 2007**

## FLAKKARI



LACIE

**FYLGIR** 14.999

300968E
LaCie 320GB F.A. Porsche
útvær harður diskur fylgir!

## OFFICE 2007



**Office pakkinn**
Leyfi fyrir 3 tölvur

**9.999** 14.999

Ef keypt með tölvu




BT Bestu kaupin ★★★★★

FUJITSU COMPUTERS SIEMENS

BAT:NOM1-NSUM7-LA1
FSC AMILO LA1703 AMD
AMD Sempron 3500+
15,4" CrystalView skjár
- 1280 x 768 upplausn
UniChrome Pro skjástýring
512MB DDR2 vinnsluminni (533)
80GB SATA Harður Diskur
Innbyggt þráðlaust net
DVD Skrifari - Dual Layer
Windows Vista Basic

**15,4" WXGA TrueBrite skjár**
Skarpur og bjartur skjár með sérstakri glampavörn. Skjárinn er einn mikilvægasti hluti tölvunnar.

**AMD Sempron**
Aflmikill örgjörvi frá AMD. Útbúinn PowerNow! Technology.

**69.999**

BT LÁN™

**Ekkert út og fyrsta greiðsla 1.nóv**

| BT | BT | BT |
|---|---|---|
| 7.056* | 3.896** | 2.843*** |
| 12 mánaða | 24 mánaða | 36 mánaða |

**Forsölu- Kaupaukar**



• Taska
• mús

8.999

# TOSHIBA

PSL40E-02R01QN5
TOSHIBA SATELLITE L40-139
Intel Celeron M 520
15.4" TFT WXGA
Intel 943 251MB skjástýring
1GB Vinnsluminni (2x512MHz)
120GB Harður diskur
DVD skrifari Dual Layer
Innbyggt þráðlaust netkort
Lyklaborð í fullri stærð
Aðeins 2,72kg á þyngd
Windows® Vista Premium
2gja ára alþjóðleg ábyrgð

**Væntanleg**
Tryggðu þér eintak




**Ekkert út og fyrsta greiðsla 1.nóv**



**Office pakkinn**
Leyfi fyrir 3 tölvur

**9.999** 16.999

**89.999**

BT LÁN™

| BT | BT | BT |
|---|---|---|
| 9.015* | 4.958** | 3.606*** |
| 12 mánaða | 24 mánaða | 36 mánaða |

Skeifan • Kringlan • Smáralind • Grafarvogur • Hafnarfjörður • Selfoss • Ísafjörður • Akranes • Egilsstaðir • Akureyri

BT

# Fann upp orðið „steiktur“

Hann er alnafni afa síns, fyrrum ráðherra og alþingismanns. Birgir Ísleifur hinn yngri hefur þó farið í aðrar áttir, en hljómsveit hans, Motion Boys, hefur verið mikið í sviðsljósinu undanfarið. Sumir hafa gengið svo langt að kalla hana sumarhljómsveitina í ár, en lagið Hold me Closer to your Heart hefur hlotið mikla spilun á flestum útvarpsstöðvum og komið þeim á poppkort Íslands. *Anna Margrét Björnsson* hitti **Birgi Ísleif** söngvara og annan af stofnendum sveitarinnar í einkastúdíóinu hans í Garðastræti.



**BIRGIR ÍSLEIFUR GUNNARSSON** Ég er alltaf poppari. Að vera poppari er ekki eitthvað sem þú kveikir og slekkur á. Að vera poppari er lífsstíll. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

**Hvernig myndirðu lýsa tónlist Motion Boys? Er þetta afturhvarf til níunda áratugarins?** Við notum mikið af synthum í tónlist okkar einfaldlega vegna þess að við kunnum ekki á gítar. En við erum samt alls ekki að reyna að stæla tónlist frá einhverjum einum áratug. Textarnir eru til dæmis afturhvarf til sjöunda áratugarins og hljómagangarnir eru afturhvarf til áttunda áratugarins … þannig að þetta er ágætis blanda af afturhvörfum.

**Samæfið þið dansa?** (Birgir hikar en við tekur mikill hlátur) Nei, það er ekki hægt að segja það … en Árni Rúnar er mjög góður dansari og hann hefur haft sitt að segja um hvernig hver og einn hreyfir sig … nei annars erum við ekki búnir að ráða danshöfund eða neitt slíkt.

**Hvað myndirðu segja að væri undarlegasta atvik sem þið hafið lent í á tónleikum?**
Við höfum auðvitað bara spilað tvisvar þannig að það er svo sem ekki úr mörgu að velja, en það var auðvitað mjög skrýtið þegar við lentum í rafmagnsleysinu í Iðnó. Þetta voru fyrstu tónleikarnir okkar og við vorum á öðru lagi þegar allt sló út. Við þurftum að bera flygil út á mitt sviðið svo við gætum allavega tekið eitt lokalag fyrir áhorfendur. Ég settist niður og spilaði lag sem heitir Break og restin af Motion Boys auk meðlima Sprengjuhallarinnar stóðu við flygilinn með hvítvínsglös í hendi og sungu með.

**Ég frétti að þið hefðuð keypt eitthvert forláta 80's hljómborð af Bryan Ferry?** Já, ég verð aldrei þreyttur á því að segja þessa sögu. Við vorum staddir rétt fyrir utan Brighton í mjög fallegum skógi. Svo heyrum við allt í einu mjög fallega tónlist og gengum á hljóðið. Þá sáum við að enginn annar en Bryan Ferry var þarna með lítinn bás inni í miðjum skóginum og var að selja gömul hljóðfæri. Og meðal annars þennan syntha. (Birgir dregur fram mjög fallegan hljóðgervil og blæs af honum rykið) Þessi synthi var til dæmis notaður í nýja Motion Boys-laginu „Steal your love“ sem kemur út á næstunni.

**Geturðu lýst Steal your love?** Ég get spilað það fyrir þig. (Birgir leggur frá sér synthann og teygir sig í Steinway-flygil sem er staðsettur fyrir aftan hann. Hann spilar síðan og syngur fyrir mig lagið en hættir eftir fyrsta viðlag.) Þú færð að heyra meira þegar lagið kemur út. Steal your love er hetjuballaða. Það er líka meira grúv heldur en Hold me closer to your heart. Það fjallar um mann sem keyrir þvert yfir Bandaríkin til þess að ná ástinni sinni aftur. Það tekst ekki. Textinn er byggður á sannsögulegum atburðum um einn meðlim hljómsveitarinnar.

**ÞRIÐJA GRÁÐAN**

**NAFN:** Birgir Ísleifur Gunnarsson

**FÆÐINGARÁR:** 1980

**Á HUNDAVAÐI:** MH, frímerkjasöfnun, meðlimur í Byltunni, ljósmyndari á Viðskiptablaðinu, meðlimur Motion Boys

**Hvað gerir þú þegar þú ert ekki poppari?**
(Birgir verður allt í einu mjög alvarlegur.) Ég er alltaf poppari. Að vera poppari er ekki eitthvað sem þú kveikir og slekkur á. Að vera poppari er lífsstíll. Ég hef meira að segja gengið svo langt að syngja mig í gegnum hluti. Án gríns. Ef ég lendi í rifrildi, sem er sjaldan, þá byrja ég oft að syngja til þess að finna innri ró.

**Hvaða lifandi persónu dáist þú mest að og af hverju?** Bryan Ferry. Hann er svo elegant.

**Hvað er dýrasti hlutur sem þú hefur nokkurn tímann keypt þér?**
Ég keypti mér þennan flygil fyrir nokkru síðan og hætti ekki að borga af honum fyrr en eftir þrettán ár.

**Hvaða orð/frasa ofnotar þú?**
Ekki smurning! Það kemur í staðinn fyrir „ekki spurning“. Svo getur maður líka sagt „maður smyr sig“ í staðinn fyrir maður spyr sig. Ég ofnota þetta algjörlega. Svo nota ég líka orðið „von“ allt of mikið en það er kannski af því að ég er mjög bjartsýnn að eðlisfari. Og manstu eftir „steiktur“? Það er ég. Ég var sá sem byrjaði að nota steiktur eða steikt í Vesturbænum 1989.

**Hefurðu einhvern tímann sagt einhverjum að þú elskir þá en ekki meinað það?**
Ég bara verð að fá að hugsa aðeins um þessa. Er í lagi að við tökum okkur smá pásu? (Birgir snýr sér við og spilar mjög sorglegt lag á píanóið. Blaðamanni heyrist þetta vera Honesty eftir Billy Joel. Eftir nokkrar mínútur af þögn snýr hann sér síðan aftur við.) Ég sagði einu sinni við mann sem ég hitti á bar að ég elskaði hann. Ég var bara að grínast en eftir á að hyggja þá veit ég ekki hvort hann hafi tekið þessu sem gríni. Ég held að hann hafi roðnað. En ég var ekkert að meina með þessu. Ég get svarið það.

**Ég hef heyrt að þú sért að stofna fyrirtæki, er eitthvað til í því?** Já, ég og félagi minn, Jón Atli í Hairdoctor, erum að búa til svolítið skemmtilegt konsept. Við ætlum að vera með skóbúð á Laugaveginum. Þetta hljómar kannski ekki frumlegt en þetta er allt spurning um útfærslu. Við erum að þróa „collection“ ásamt Richard Barlonayr sem er algjör snillingur og fantagóður hönnuður. Línan nefnist „Walk the line“ og verður bæði seld úti og hérna heima. Við erum með alls kyns frábærar hugmyndir. Við ætlum til dæmis að afgreiða berfættir til að gera ekki upp á milli skónna, þeir eru allir svo töff. Skóbúðin hérna heima mun síðan bera heitið: „Reif í skóinn“ sem er bæði fyndið og töff og búðin úti heitir „One of these days these boots are gonna walk all over you“. Kannski svolítið langt nafn en skammstöfunin er líka töff: O.O.T.D.T.B.A.G.W.A.O.Y.

**Hvaða lag finnst þér að ætti að spila við jarðarförina þína?** Death of a clown með The Kinks er auðvitað frábært lag og mjög viðeigandi en er því miður frátekið fyrir vin minn. Hann heimtar að fá það spilað í sinni jarðarför þannig að ég verð að sætta mig við The End með The Doors.

**Hvað er á döfinni hjá Motion Boys?** Við erum að spila á Innipúkanum og svo erum við að fara að spila í garðinum á Sirkus á menningarnótt. Svo ætlum við til London í september að spila á Reykjavík Nights. Við munum svo gefa út Steal your love á næstu dögum eða vikum og svo er auðvitað verið að plana upptökur á plötu.

**Motion Boys spila á Innipúkanum í Reykjavík um helgina. www.myspace.com/motionboys**

> „Ég sagði einu sinni við mann sem ég hitti á bar að ég elskaði hann. Ég var bara að grínast en eftir á að hyggja þá veit ég ekki hvort hann hafi tekið þessu sem gríni. Ég held hann hafi roðnað.







**SAMBLAND ÚR ÖLLUM ÁTTUM**
Hönnuðurinn Christian Lacroix fékk lofsamlega dóma fyrir Haute Couture-línuna fyrir haust og vetur 2007. Fyrirsætur gengu niður sýningarpallinn í íburðarmiklum og skreyttum fötum með risavaxin höfuðföt og minnti þetta allt fremur á leikhúsbúninga af dýrustu gerð.

# Haute- Couture vikan í París

Ævintýraleg fágun og íburður fyrir veturinn frá hönnuðunum Christian Lacroix og Jean-Paul Gaultier

Franski frasinn „Haute Couture“ þýðir í raun „eðalsaumur“ en er þýtt sem hátíska á íslensku. Hátískan, samkvæmt ströngustu reglum, lifir og dvelur eingöngu í París og eru sýningar haldnar tvisvar á ári, í janúar og í júlí. Þessar uppskeruhátíðir tískuhönnuða eru þeirra almikilvægustu þar sem þeir eru ekki bundnir straumum og stefnum hversdagsklæðnaðarins en geta þess í stað leyft listamanninum í sér að blómstra. Í þessi skipti er þeim leyfilegt að fara eftir eigin höfði í efnavali og sköpunargleði. Hönnuðir skapa einstaka kjóla, og aðeins tvær til þrjár útgáfur af hverjum er búin til, enda eru hráefnin oft jafn ótrúleg og demantar, perlur og íburðarmikill útsaumur. Margir hafa spáð fyrir um endalok hátískunnar þar sem hún einfaldlega geti ekki staðið undir sér. Henni er viðhaldið af um 2.000 tryggum viðskiptavinum, sem eiga næga fjármuni til að fjárfesta í slíkum listaverkum. En hátískan gefur oft tóninn um hvað koma skal í hinum svokallaða „ Pret-a-porter“ klæðnaði. Nú í júlí voru Parísarsýningarnar eins ævintýralegar og hugsast getur. Christian Lacroix gerði áhorfendur orðlausa með stórfenglegri sýningu í Palais de Tokyo þar sem hann blandaði saman ótrúlegustu efnum, litum og áhrifum. Jean-Paul Gaultier fékk innblástur frá gömlum ævintýrum í sýningu sinni og sendi fyrirsætur niður tískupallinn í gervi ævintýraprinsa, frekar en prinsessa.

- amb



**FJÓLULITAÐ OG SVART**
Útsaumaður kjóll undir áhrifum Mára frá Jean-Paul Gaultier.



**ÆVINTÝRAPRINS**
Rauður og glæsilegur reiðjakki frá Jean-Paul Gaultier.





Bónus býður betur!
Ömmuflatkökur
59 KR.
40% afsláttur við kassann
Bónus hangiálegg
Fituminna hangiálegg
KÍLÓVERÐ NÚ:
1689 KR.
Merkt verð: 2825 KR.
PÓSTLISTINN!
bonus.is
EKKERT BRUÐL
500 ml
49 KR.
EGILS PILLI
Hangirúllan
NORÐLENSKT KOFAREYKT HANGIKJÖT
Hangiframpartur úrb.
kílóverð nú:
1126 KR.
Merkt verð 1876 KR.
40% afsláttur við kassann
6x 2 lítrar
Kipputilboð!
12 lítrar
Coca-Cola og CC light
589 KR.
6x 2 lítrar
Ferskir bitar
Holtalæri/-leggir
kílóverð nú:
363 KR.
Merkt verð 605 KR.
Holtavængir
kílóverð nú:
179 KR.
Merkt verð 300 KR.
40% afsláttur við kassann
4x XL brauð
79 KR.
10x 120g hamborgarar
998 KR.
Frosnir og fínir í ferðina
Nautaats grillborgarar
120g x 10
Innflutt úrvals ungnautahakk
85% ungnautahakk/15% prótín og vatn
KF SALAT
95 KR.
350g



Lúxus villi lambakótelettur
30% afsláttur við kassann
LÚXUS LAMB
VILLI LAMBAKÓTELETTUR kílóverð nú:
1399 KR.
Merkt verð 1998KR.
Lambasirloin í villibráðarkryddi
KJARNAFÆÐI
Villi lambasirloin
KÍLÓVERÐ NÚ:
1298 KR.
Grillkryddaðar svínakótelettur
BÓNUS
Gott á grillið
30% afsláttur
Grill svínakótelettur
979 KG KR.
Merkt verð 1398KR.
Ferskar íslenskar Holtabringur
Ferskar bringur
40% afsláttur við kassann
FERSKAR HOLTABRINGUR kílóverð nú:
1445 KR.
Merkt verð 2408KR.
Fínt í ferðina!
...fyrir góðan dag!
KS
Coca-Cola
Coca-Cola light
500 ml
59 KR.
Coca-Cola light
Coca-Cola
LAMBALÆRI FROSIÐ OG SNYRT
kílóverð nú:
879 KR.
Frosið og snyrt lambalæri
Kryddið sjálf og látið þiðna í álpappír
BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS




# STUÐ MILLI STRÍÐA: Það er ljótt að nauðga en verra að stela frá bankanum

**TRYGGVI GUNNARSSON** SKILUR EKKI TIL HVERS LÖGIN ERU LENGUR



Þegar fyrstu lög mannkynsins voru sett voru þau sett af fólki fyrir fólk, til að vernda fólk. Lögin vernduðu líka ríkið og þá sem stjórnuðu því. Stundum gegn sjálfum sér, stundum gegn öðrum sem vildu ráða, en oftast gegn þegnunum. Svo urðu til lög til að vernda lögin og jafnvel lög sem gáfu fyrirtækjum mannréttindi.

Lögin eru vissulega mikilvæg en þegar þau hafa misst tengslin við þá sem settu þau, fólkið í landinu, þá eru þau um leið orðin úrelt og gagnslaus. Fordæmisgildi dóma er gott dæmi um rofin tengsl við raunveruleikann. Þegar einhver gerði eitthvað fyrir löngu fékk hann svona langan dóm. Þá verða allir sem gera það sama að fá sama dóm. Jafnvel þótt upphaflegi dómurinn hafi verið allt of vægur því dómurunum fannst á sínum tíma allt í lagi að klappa litlu frænku aðeins eftir að hún var farin að sofa.

Öll okkar lög byggjast á okkar siðferðisgildum. Það er ljótt að stela, verra að lemja, verst að drepa. En siðferðismatið breytist blessunarlega með tímanum. Fólk verður umburðarlyndara gagnvart sumu og strangara gagnvart öðru. Á Íslandi virðast dómstólar og löggjafarvaldið því miður lifa eftir öðrum siðgæðisreglum en almenningur.

Þegar við erum hætt að efast um réttmæti dóma, mótmæla þeim dómum sem okkur eru ekki að skapi, berjast fyrir bótum og benda á að vissulega eru dómarar ábyrgir fyrir dómum sínum og túlkun sinni á lögunum, þá erum við illa stödd. Og ég er hræddur um að við séum illa stödd núna.

Ég fékk einu sinni þá útskýringu frá stjórnmálamanni að það væri ekki hægt að breyta refsiramma laga „einn, tveir og þrír.“ Það væri flókið mál og þá þyrfti að endurskoða allt kerfið, alla refsiramma með tilliti til þess sem breyta átti og það væri gríðar erfitt og flókið verk. Ég svaraði honum einfaldlega: „Nú hefurðu fjögur ár. Byrjaðu. Er það ekki nákvæmlega það sem við erum að borga þér fyrir?“

# myndasögur

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




## Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





# HLJÓÐFÆRI HUGANS

Njörður P. Njarðvík skrifar um íslenskt mál

**Töfrasproti**

Tungumálið er töfrasproti í allra eigu. Með honum má kalla fram næstum allt. Það er hægt að læsa tungumálið í svörtum bókstöfum á hvítu blaði, og inni í þeim býr hugsun, líkt og frosin, sem þiðnar og lifnar aftur við lestur. Til þess að geta beitt þessum volduga sprota þarf einungis að kunna orð, mörg orð og margvísleg. Töfrasprotinn getur nefnilega einungis galdrað fram þau orð sem við kunnum. Og því miður erum við sífellt að týna orðum. Þessi framsækna og ríka þjóð er stöðugt að verða fátækari að orðum. Hvað verður um orðin þegar við týnum þeim í gleymsku vanrækslunnar? Deyja þau eins og heilafrumur, þegar þau þurrkast burt úr huganum, eitt af öðru? Og hvað verður þá eftir? Hvað hugsum við og segjum með sífellt færri orðum? Höfum við hugleitt það?

**Hjúkkur**

„Dauðadómur yfir hjúkkum staðfestur," segir í fyrirsögn í Blaðinu 12. júlí, og finnst mér vanvirða við hjúkrunarfólkið að nota svo óvirðulegt afbökunarorð í dómsmáli. Orð á borð við hjúkka og lögga eiga ekkert erindi í alvarlegar fréttir.

**Rúllugafflar og brettaþynnur –** eru lausn framtíðarinnar, segir í fyrirsögn í Blaðinu 18. júlí og vakti athygli mína, af því að ég kannaðist ekki við þessi orð. Við lestur kom í ljós að **rúllugaffall** er þýðing á rollerfork og **brettaþynna** þýðing á slipsheet. Skilja menn nú? Rúllugaffallinn er á lyftara og brettaþynna kemur í stað trébretta undir vörustæðu. 80 þynnur koma í stað eins brettis og spara mikið rými. Nú er það kannski ekki í mínum verkahring að dásama hagræðingu í hleðslu, en ég þakka fyrir haglegar þýðingar sem verða nýyrði. Gaman er að sjá menn nota sköpunarmátt tungunnar í stað þess að éta hráa ensku.

**Enginn morgundagur**

Hrá enska er því miður of tíð tugga í munni okkar. Ingi F. Vilhjálmsson skrifar mér og bendir á leiða munnfylli tveggja stjórnmálamanna, sem ella rita að jafnaði gott mál. Annar segir: „Gætt hefur tilhneigingu (sic! ekki tilhneigingar) til að valta yfir allt slíkt og stjórna með harðri hendi í krafti meirihlutans rétt eins og það komi enginn morgundagur". Hinn segir: „...og setja fyrirvara við það að hér megi sökkva náttúruperlum, blása upp þenslu (blása upp þenslu, er það fallegt?) og eyða orkuforðanum eins og það sé enginn morgundagur. Hér er tuggin hrá enska: Like there is no tomorrow. Er erfitt að orða þetta á íslensku?

**Braghenda**

Á gönguferð með Ferðafélagi Íslands niður Djúpárdal í Fljótshverfi var kvartað undan nafnleysi fossafjöldans þar. Þá kviknaði þessi valhenda:

*Allir fossar eiga að hafa eitt*
*hvert nafn,*
*því enginn þeirra er öðrum jafn*
*og ærið stórt vort fossasafn.*

**Vilji menn senda mér braghendu eða góðfúslegar ábendingar: npn@vortex.is**

# Á VEGUM ÚTI

Baldur Héðinsson leitar að hinni sönnu Ameríku

Fyrsta dagleið var frá Boston til Pennsylvaníu. Eftir einsleita keyrslu um hraðbrautir nokkurra ríkja breyttist umhverfið snögglega þegar við yfirgáfum fjögurra akreina þjóðveginn og keyrðum um smærri sveitavegi. Ekki leið á löngu þar til hestvagnar urðu á vegi okkar. Við vorum á svæði Amish-fólksins, sem er nokkuð kúnstugur hópur. Nánast öll nútímatækni er litin hornauga eða bönnuð. Hestvagnar eru notaðir í stað bíla, þó leyfilegt sé fyrir meðlimi að ferðast í bíl ef einhver annar keyrir. Auðvelt er að koma auga á heimili þeirra því engar rafmagnslínur liggja að þeim. Líkt raflínum teljast símalínur óæskileg tenging við nútímasamfélag og hefur trúarhreyfingin því ekki notast við síma. Nú virðast farsímar komast framhjá reglum þeirra, því þeir eru þráðlausir (kraftaverk?). Í farsímaverslun sá ég fjölda krakka í einkennisklæðnaði Amish-fólksins dást að litríkum farsímum. Hvernig þeir hlaða símana þegar rafhlaðan tæmist má guð einn vita.

Frá Pennsylvaníu lá leiðin suður til Virginíu þar sem stoppað var í Charlottesville, huggulegum háskólabæ. Tveir ferðafélaga minna stunduðu nám í háskóla skammt frá og þekkja því nokkuð vel til á þessum slóðum. Okkur var boðið í teiti stuttu fyrir utan bæinn þar sem okkur var tekið með opnum örmum og fólk var með eindæmum vinalegt. Greinilegt að mannasiðir og gestrisni Suðurríkjanna eru ekki goðsögn ein. Hreimur heimamanna var sterkur og sérstaklega gaman var að heyra hversu oft þeir notuðu og hvernig þeir báru fram „You all", sem hljómar meira eins og „Y'all". Sögur um trúrækni þeirra virðast einnig sannar. Í samtali við sykursæta suðurríkjadömu missti ég „djísus kræst" út úr mér, á íslenska vísu, og fékk fyrirlestur um að ei skyldi leggja nafn Drottins Guðs við hégóma.

Frá Charlottesville keyrðum við „Skyline Drive", sem er hlykkjóttur vegur um fjallgarð í Shenandoah-þjóðgarðinum. Útsýnið var magnað, skógi vaxnar hlíðar svo langt sem augað eygir. Slíkt var græna flæmið að ofan frá fjallstindunum leið manni eins og það væri að stinga sér til sunds í grænu hafi.

Eftir eina nótt í tjaldi héldum við til Nashville með einnar nætur stoppi í Ashville í Norður-Karólínu. Þegar keyrt var niður á flatlendi Tennessee hækkaði hita- og rakastigið og rallíbrautir mátti sjá með óþægilega skömmu millibili. Eftir kaffistopp í Knoxville byrjaði bíllinn að hökta. Við stoppuðum því í Crossville og leyfðum bílnum að kólna í óbærilegum hitanum. Stuttu eftir að við héldum aftur út á hraðbrautina hófst hökið á ný, skammt fyrir utan Cookeville (kannski var bíllinn búinn að fá nóg af bæjum sem enda á -ville). Við vorum heppin að finna Chevrolet-umboð og verkstæði í Cookeville. Biðin, meðan litið var á bílinn, var ansi súrrealísk. Hátt var til lofts í byggingunni, marmari á gólfum, dauð dýr hangandi á veggjum og kristileg barnastöð í sjónvarpinu. Við horfðum því á söguna um Jónas og hvalinn með heldri húsmæðrum og bónda í smekkbuxum með kúrekahatt meðan við biðum með greipar spenntar eftir bílnum. Þegar loka átti verkstæðinu var vandamálið ekki leyst. Bifvélavirkjarnir mæltu með að við eyddum nóttinni í hámenningarborginni Cookeville, þar sem Exxon-bensínstöðin og Wendy's virtust vera heitustu samkomustaðirnir. Ferðahópurinn ákvað að storka örlögunum og halda til Nashville.



**SHENANDOAH-ÞJÓÐGARÐURINN** Skógi vaxnar hlíðar svo langt sem augað eygir. MYND/WILL WEAVER

Eftir löturhægt tveggja tíma ferðalag, þar sem fátt var sagt, komumst við til Nashville heil á húfi. Það var ekki erfitt að finna miðbæinn, sem var vel upplýstur af neonljósum og kántrítóna mátti heyra frá annarri hverri búllu. Við duttum inn á eina þeirra, „Roberts", fengum okkur sveittan borgara og hlustuðum á hina bestu „bluegrass"-tónlist. Við röltum svo milli öldurhúsa til að kynnast næturlífinu í borginni, sem var nokkuð gott af mánudagskvöldi að vera. Á fjölmennustu börunum spiluðu coverbönd vinsæla kántrírokk- og áttunda áratugar-tónlist. Á smærri stöðum mátti heyra einlæga hillbillí- og kántrítónlist, sem hefðu fengið kúreka norðursins til að fella tár. Á heildina litið virðist Nashville enn hafa neistann sem svo margir tónlistaraðdáendur leita að. Borgin virðist þó vera á barmi þess að vera túristagildra.

Bíllinn er semsagt enn í annarlegu ástandi en við ætlum að reyna að komast til Memphis því við eigum stefnumót við Elvis nokkurn Presley. Vonandi er guð ferðalangsins, Hermes, á okkar bandi.

## HELGARKROSSGÁTAN








76 MP & BH

FLAGG · RÍKI Í SUÐUR-AMERÍKU · ÁTT · VAFI · GELT · FRUMEIND



GJARNAN

PÚKA · FUM · EKKI ÞESSAR

NÚNA · AÐRAKSTUR · Í RÖÐ · DRYKKUR · HÁRS · STYNJA · MÁLMUR · MJÚKUR

TVEIR EINS · STRUNSA · SÍA · UMFANGS · KIMI

ÁVÖXTUR · 1 · SKYLDLEIKI · SÖNGLA · 3 · SKOÐUN

ÞREYTA · FRJÓ · BEIN Í MIÐEYRA · KORTABÓK · HLJÓÐFÆRI · NAFNORÐ · HÁ

GAPA · ARÐA · TENGJA · ÁTT · BOR · UPPIVÖÐSLA

AFTURENDI · LÍÐA VEL · KNÆPA · BUNGA · PAPPÍRS-BLAÐ · HÆTTA

BOTNFALL · ÞRÁ · HÆÐI · GLÁP · ENGI · ORÐRÓMUR

UTAN · UPPHRÓPUN · JÁKVÆTT SVAR · BOÐAFÖLL · 2 · ÞIL · SÍÐASTI DAGUR

MÆLTI · ÞRÚTINN · FISKUR · KJÁNI · EINKAR



LÍTILL SOPI · SKOT-HVELLUR · SKÓLI · ÓHREINKA · SAMAN-BURÐAR-TENGING · 4

RÍKI Í SUÐUR-ÁSÍU

ANGAR · VIÐAR-TEGUND

Lausn krossgátunnar er birt að viku liðinni á vefnum, www.this.is/krossgatur

## > TÍSKUFRÉTTIR

**Victoria Beckham** fær æ meira á baukinn frá tískuspekúlöntum vestanhafs. Nú í vikunni mætti hún í teiti til heiðurs þeim Beckham-hjónum í níðþröngum og flegnum Hervé Léger- kjól en sagði við blaðamenn að hún hefði ætlað að stæla klassískan stíl leikkonunnar Audrey Hepburn. Umm … ekki alveg málið.

**Fyrrverandi forseti Rússlands, Mikhail Gorbachev,** hefur tekið að sér fyrirsætustörf fyrir lúxusmerkið Louis Vuitton. Herferðin er tekin af ljósmyndaranum Annie Liebovitz og skartar fleiri stjörnum á borð við **Catherine Deneuve** og **André Agassi.** Auglýsingarnar munu birtast í erlendum tímaritum í lok ágúst.

Vondi strákur listaheimsins, hinn breski **Damien Hirst,** hefur hafið samstarf við gallabuxnaframleiðandann Levi's. Nýja línan sem hann hannar heitir Warhol Factory X Levi's og er fyrir vorið 2008 og innblásin eins og nafnið gefur til kynna af popplist **Andy Warhol.**



# stíll

utlit@frettabladid.is

## OKKUR LANGAR Í …



Krúttlegt fuglabúrshálsmen úr Topshop.




Dior Show maskara, þann besta í bransanum. Fæst í flestum snyrtivöruverslunum.



Lúxussápu sem ilmar dásamlega fyrir viðkvæman fatnað. Frá Laundress í Kisunni.



## DAÐRAÐ VIÐ TÍSKUNA

Anna Margrét Björnsson

# Salus Per Aquae

Ég eyddi hluta dags í spa-i síðustu helgi þar sem ég var nýskriðin af spítala og ákvað að líkaminn þyrfti frekar á slökun að halda en sársaukafullum kviðæfingum. Var búin að afskrifa spa einu sinni sem óþarfa lúxus sem aðeins ríkar húsfrýr gætu leyft sér. En viti menn, með tíðari komum á líkamsræktarstöðina mína freistast ég æ oftar til að eyða þremur stundum í það eitt að malla í heitum potti og gufuböðum. Það er afar notalegt að sitja á bikiníi einu fata og njóta góðra samræðna á meðan vatnið fegrar líkamann. Auðvitað hefur mannskepnan vitað þetta í aldanna rás, allt frá tímum Forn-Grikkja, Babylóníumanna og Rómverja sem uppgötvuðu heilsubætandi áhrif vatns á kroppinn. Orðið spa kemur einmitt úr latínu – Salus Per Aquae – sem þýðir heilbrigði úr vatni. Á þessum tímum voru spa væntanlega líka félagsmiðstöðvar þar sem fólk hittist og skiptist á kjaftasögum (eða jafnvel á líkamsvessum). Ég veit ekki hvort rómverskar konur mættu stífmálaðar í heilsulindirnar, en þetta virðist hins vegar vera vaxandi tíska hér á Íslandi. En ég er greinilega alveg úti að aka þegar kemur að líkamsræktartísku yfirleitt. Þegar ég mæti í jógatímana mína geng oft í flasið á bronslituðum gyðjum, útdekkuðum í bleikum eða gylltum spandexgöllum með brjóstin í forgrunni, og við þetta bera þær alls kyns skartgripi, vígalegar gervineglur og varablýant. Ég er þó sátt, því þegar ég kem heim í einföldum svörtum samfesting þá segir litli stúfurinn minn blítt, „Mamma, þú ert sko alltaf flottust svona. Þú ert eins og kung-fu kona.“ Uma Thurman, þú mátt fara að vara þig …


# Spennandi starf á auglýsingastofu

## Móttaka og skrifstofuhald

**Starfssvið**

- Umsjón með móttöku viðskiptavina
- Símavarsla og aðstoð við bókhald
- Þátttaka í skrifstofuhaldi
- Önnur tilfallandi verkefni fyrir starfsmann með frumkvæði

**Hæfniskröfur**

- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
- Gott og jákvætt viðmót
- Þekking á Office hugbúnaði
- Lipurð í samskiptum
- Góð þekking á íslensku og ensku
- Reynsla af þjónustustörfum kemur sér vel

Umsækjandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.
Góð laun eru í boði fyrir réttan aðila.
Umsóknarfrestur er til 9. ágúst. Fullum trúnaði heitið.

Vinsamlegast sendu ferilsskrá og þær upplýsingar sem þú telur skipta máli á umsoknir@jl.is

Upplýsingar veitir Agnar Tr. Le'macks með tölvupósti: agnar@jl.is

JÓNSSON & LE'MACKS

Jónsson & Le'macks (www.jl.is) er auglýsingastofa stofnuð árið 2003. Starfsmenn eru nú 29 talsins með mjög fjölbreytta menntun og reynslu. Á meðal viðskiptavina J&L eru: Egg, Eykt, Eymundsson, Gentle Giants, Glitnir, Hive, HugurAx, Ingvar Helgason, Jónar Transport, Keilir, Listahátíð í Reykjavík, Lífís, Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu, Plúsferðir, 66° Norður, Sumarferðir, Úrval Útsýn, Ölgerðin Egill Skallagrímsson...

Vesturgötu 10 - 10a · 101 Reykjavík · www.jl.is · s. 534 5550








# Dásamlegar ísdýfur

Það þykir fínt að vera í einum lit frá toppi til táar núna. Kjóll, kápa, sokkabuxur og skór, allt í sama lit. Reyndar getur líka verið mjög flott að hafa ekki allt í nákvæmlega sama lit heldur örlítið mismunandi litbrigðum af einum lit. Útkoman er líkt og maður hafi verið tekinn upp (á hausnum) og manni dýft ofan í tunnu af lit, eða ísdýfubox. Þetta er ísdýfustíllinn og hann er dásamlega fallegur á einhvern furðulegan hátt.

Hönnuðir sem sýndu slíkan stíl í vor á tískuvikunum voru til dæmis Preen og Anne Valerie Hash. Sú síðarnefnda sýndi dásamlega satín-kjóla í sinnepsgulu, skógargrænu, bláu, hvítu og dökkbleiku. Við þá paraði hún sokkabuxur og ökklaskó í sama lit og hárgreiðslan var hentuglega úfin á kæruleysislegan hátt. Útkoman var hin fegursta og sýndi hversu flott er að vera allur „í stíl“. - bor

Úr haustlínu Anne Valerie Hash. Hún paraði kjólum, sokkabuxum og skóm í sama lit í hverjum alklæðnaði og var útkoman hreint út sagt unaður.



**FJÓLUBLÁTT** Falleg kápa og kjóll úr Oasis.

**SVART** Kápa úr Oasis og kjóll úr línu Kate Moss fyrir Topshop.

**SOKKABUXUR** Fást í Oasis.

**FJÓLUBLÁAR** Sokkabuxur úr Oasis.


FL GROUP KYNNIR GARÐAR THÓR CORTES Á STÓRTÓNLEIKUM
FL GROUP
"The voice of Pavarotti" NEWSWEEK
"Sensational" BBC RADIO 2
"The spirit of Pavarotti lives" EVENING TIMES
"Hot property" CLASSIC FM MAGAZINE
"Young Pavarotti" DAILY POST
"Breathtaking" CLASSIC FMTV
"..I told you he was good"
KATHERINE JENKINS
GARÐAR THÓR CORTES Í LONDON
THE BARBICAN CENTRE
MIÐVIKUDAGSKVÖLDIÐ 26.SEPTEMBER
SÉRSTAKUR GESTUR: DIDDÚ
STJÓRNANDI: GARÐAR CORTES
ICELAND EXPRESS BÝÐUR ÍSLENDINGUM
EINSTAKT TÆKIFÆRI TIL AÐ SJÁ GARÐAR THÓR Á STÓRTÓNLEIKUM Í LONDON
BÓKAÐU MIÐA STRAX Á EXPRESSFERDIR.IS
METSÖLUPLATAN CORTES ER FÁANLEG Í ÖLLUM PLÖTUVERSLUNUM
believer
believer music group
TONVIS
Iceland Express






LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| PLANET TERROR | kl. 8 og 10.20-POWER | 16 |
| SIMPSONS enskt tal | kl. 2, 4, 6, 8 og 10 | L |
| SIMPSONS íslenskt tal | kl. 2, 4 og 6 | L |
| 1408 | kl. 8 og 10 | 16 |
| SHREK 3 íslenskt tal | kl. 2, 4 og 6 | L |




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| THE SIMPSONS MOVIE ENSKT TAL | kl. 2 - 4 - 6 - 8 - 10 lau. til mán | |
| THE SIMPSONS MOVIE LÚXUS | kl. 2 - 4 - 6 - 8 - 10 | |
| THE SIMPSONS MYNDIN ÍSL. TAL | kl. 2 - 4 - 6 - 8 laugardag | |
| THE SIMPSONS MYNDIN ÍSL. TAL | kl. 2 - 4 - 6 - 8 - 10 sun. & mán. | |
| EVAN ALMIGHTY | kl. 2 - 4 - 6 - 8 - 10 laugardag | |
| EVAN ALMIGHTY | kl. 2 - 4 - 6 - 10.45 sun. & mán. | |
| DIE HARD 4.0 | kl. 2 - 5 - 8 - 10.45 | 14 |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

| | | |
|---|---|---|
| PLANET TERROR | kl. 2.45 - 5.20 - 8 - 10.40 | 16 |
| THE SIMPSONS MOVIE ENSKT TAL | kl. 3 - 6.30 - 8.30 - 10.30 | |
| DEATH PROOF | kl. 5.20 - 8 - 10.40 | 16 |
| DIE HARD 4.0 | kl. 2.45 - 5.20 - 8 - 10.40 | 14 |
| FANTASTIC FOUR 2 | kl. 3 | |

450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| THE SIMPSONS MOVIE ENSKT TAL | kl. 4 - 6 - 8 - 10 | |
| THE SIMPSONS MYNDIN ÍSL. TAL | kl. 4 - 6 | |
| DEATH PROOF | kl. 8 - 10.50 | 16 |

Borgarbíó SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| PLANET TERROR | kl. 8 - 10 | 16 |
| THE SIMPSONS MOVIE ENSKT TAL | kl. 4 - 6 - 8 - 10 | |
| THE SIMPSONS MYNDIN ÍSL. TAL | kl. 4 - 6 | |

450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Borgarbíói merktar með rauðu

ATH: Tímar gilda frá laugardegi til mánudags
MIÐASALA Á midi.is




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| NANCY DREW | kl. 1:40 - 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10 | 7 |
| RATATOUILLE ÍSL TAL | kl. 4 FORSÝND | L |
| GEORGIA RULES | kl. 8 - 10:30 | 7 |
| HARRY POTTER 5 | kl. 2 - 5 - 8 - 10:10 | 10 |
| HARRY POTTER 5 | kl. 8 DIGITAL | 10 |
| HARRY POTTER 5 | kl. 2 - 5 - 8 VIP | |
| EVAN ALMIGHTY | kl. 2 - 4 - 6 | L |
| BLIND DATING | kl. 8 | 10 |
| SHREK 3 M/- ÍSL TAL | kl. 2 - 4 - 6 | L |
| SHREK 3 M/- Ensku TAL | kl. 8 | L |
| ROBINSON ... M/- ÍSL TAL | kl. 1:40 | L |
| OCEAN´S 13 | kl. 10:10 | 7 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| NANCY DREW | kl. 1:50 - 3:50 - 6 - 8:10 - 10:20 | 7 |
| GEORGIA RULES | kl. 8 - 10:30 | 7 |
| HARRY POTTER 5 | kl. 2:30 - 5:20 - 8 - 10:40 | 10 |
| SHREK 3 M/- ÍSL TAL | kl. 2 - 4 - 6 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| NANCY DREW | kl. 8 - 10 | 7 |
| GEORGIA RULES | kl. 9 | 7 |
| SHREK 3 ÍSL TAL | kl. 6 | L |
| HARRY POTTER 5 | kl. 6 | 10 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| SIMPSONS M/- ENSK TAL | kl. 2 - 4 - 6 - 8 - 10 | L |
| NANCY DREW | kl. 8 - 10 | 7 |
| HARRY POTTER 5 | kl. 5 | 10 |
| SHREK 3 M/- ÍSL TAL | kl. 2 | L |

SPARBÍÓ 450 kr
Á SÝNINGAR merktar með appelsínugulu
alla verzlunarmannahelgina

# Húsfyllir hjá KK og Magga

**KK og Maggi Eiríks héldu tónleika á Hótel Borg á dögunum í tilefni af útkomu plötunnar Langferðalög. Stemningin var að vonum góð enda ekki við öðru að búast þegar slíkir fagmenn eru annars vegar.**

KK og Maggi Eiríks hafa verið á tónleikaferðalagi um landið að undanförnu og hefur hvarvetna verið húsfyllir. Hafa þeir félagar kryddað flutninginn með skemmtilegum frásögnum í kringum lögin og hefur það fallið vel í kramið hjá áheyrendum. Platan Langferðalög hefur fengið mjög góðar viðtökur og hefur selst í rúmlega 4.700 eintökum. Er hún þar með orðin ein mest selda plata sumarsins hér á landi.

KK og Maggi Eiríks spila í félagsheimilinu að Flúðum klukkan 21 í kvöld og á morgun klukkan 15 verða þeir á Hótel Geysi í Haukadal.




**STEMNING** KK og Maggi Eiríks héldu uppi góðri stemningu á Hótel Borg eins og þeirra er von og vísa. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI





**GAMAN Á BORGINNI**

Gestir á tónleikum KK og Magga Eiríks á Hótel Borg skemmtu sér hið besta eins og við var að búast. Hlýddu þeir á hinar ýmsu sögur á milli laganna og féllu þær vel í kramið.

# Latir blaðamenn

Jack White, annar helmingur rokkdúettsins The White Stripes, segir að blaðamenn séu latir og nenni ekki að hafa staðreyndirnar á hreinu áður en þeir taki við sig viðtöl.

„Blaðamenn eru örugglega latasta fólkið á jarðríki. Þrátt fyrir að Google sé til þá nenna þeir ekkert að undirbúa það sem þeir ætla að skrifa um,“ sagði White. „90 prósent af þeim upplýsingum sem þeir nota koma úr fréttatilkynningum. Við leikum okkur oft með þær eins og þegar við gáfum út Elephant. Þá setti einhver inn brandara um að við notuðum ekki hljóðversgræjur nema þær væru búnar til eftir 1963. Áður en maður vissi af hélt fólk að við notuðum ekkert nema það væri sextíu ára!“



**JACK WHITE** Annar helmingur The White Stripes er ósáttur við blaðamenn.

# Wonder í tónleikaferð

**Goðsögnin Stevie Wonder er á leið í sína fyrstu tónleikaferð um Bandaríkin í rúman áratug. Wonder, sem er 57 ára, byrjar ferðalagið í San Diego 23. ágúst og lýkur því í Boston 20. september.**

**Tvö ár eru liðin síðan Wonder gaf út plötuna A Time to Love sem var hans fyrsta í áratug. Hann hefur selt yfir 70 milljónir platna á ferli sínum.**



**STEVIE WONDER**

SparBíó 450kr
Á EFTIRTALDAR SÝNINGAR lau., sun., og mán.
www.SAMbio.is
SAMBÍÓIN




| | | | |
|---|---|---|---|
| HARRY POTTER 5 - KL. 2 Í ÁLFABAKKA OG 2:30 Í KRINGLUNNI | SHREK 3 MEÐ ÍSLENSKU TALI KL. 2 Í ÁLFABAKKA, KRINGLUNNI OG KEFLAVÍK | NANCY DREW KL. 1:40 Í ÁLFABAKKA OG 1:50 Í KRINGLUNNI | EVAN ALMIGHTY KL. 2 Í ÁLFABAKKA |



# Rodriguez fer á kostum

Miklar vonir voru bundnar við tvíeykis-mynd leikstjóranna Quentin Tarantino og Robert Rodriguez, Grindhouse, þegar hún var frumsýnd vestanhafs fyrr á árinu. Skemmst frá því að segja að hún olli töluverðum vonbrigðum, sem sést meðal annars af dræmri aðsókn, og í kjölfarið var ákveðið að sýna hana í tveimur hlutum í Evrópu.

Mynd Tarantinos, Grindhouse: Death Proof, var frumsýnd á Íslandi júlí mánuði og fékk misjöfn viðbrögð. Var myndin meðal annars gagnrýnd fyrir óvenjulega slöpp samtöl af hálfu leikstjórans, hæga uppbyggingu og lítið ofbeldi, sérstaklega í ljósi þeirrar hefðar ofbeldismynda sem myndin sækir í.

Nokkrum vikum síðar fylgir mynd Rodriguez í kjölfarið með sína mynd Grindhouse: Planet Terror, sem er vel við hæfi þar sem hún gerist á eftir Death Proof. Er það kunngjört með ýmsu móti í myndinni. Persónur úr fyrri myndinni öðlast til dæmis aukið vægi í þeirri seinni og á einum stað er dauða einnar söguhetjunnar úr Death Proof sérstaklega minnst. Þess utan er óhætt að segja að Rodriguez kjósi að fara þveröfuga leið en Tarantino.

Planet Terror segir frá því þegar íbúar lítils smábæjar neyðast til að leggja ágreiningsefni sín til hliðar og snúa bökum saman til að verjast árás uppvakninga, sem venju samkvæmt reynast einkar sólgnir í mannakjöt og þá sér í lagi heila.

Varla eru fimm mínútur liðnar af myndinni þegar blóðið byrjar að flæða og eftir það er Rodriguez ekkert að tvínóna við að koma ofbeldinu og viðbjóðnum til skila. Menn eru ýmist aflimaðir eða myrtir eða bara hvoru tveggja og erfitt að segja til um hverji komi til með að lifa blóðbaðið af.

Gagnstætt því sem margir gætu talið er gildi myndarinnar ekki fólgið í öllu ofbeldinu, þótt það setji vissulega sinn sjarma á hana. Þvert á móti er frásögnin keyrð áfram af einstakri frásagnargleði, spennu og hæfilegu magni af ósmekklegum bröndurum. Undirritaður man varla eftir að hafa hlegið eins mikið í bíó það sem af er árs.

Samtöl, sem hafa hingað til ekki alltaf verið sterkasta hlið Rodriguez, eru síðan vel skrifuð og skemmtilega oftúlkuð af leikurunum, sem standa sig með sóma. Þar fer Rose McGowan fremst í flokki í hlutverki uppgjafar gógó-dansarans Cherry Darling, sem reynist einkum úrræðagóð í murka lífið úr skrímslunum.



**KVIKMYNDIR**

**Planet Terror**

Leikstjórn: Robert Rodriguez.
Leikur: Rose McGowan, Jeff Fahey, Michael Biehn og fleiri.

★★★★

Frábær skemmtun fyrir alla nema viðkvæmar sálir.

Þegar öllu er á botninn hvolft er óhætt að mæla með Planet Terror, þótt viðkvæmar sálir ættu kannski að halda sig heima, og Rodriguez er að fullu fyrirgefið fyrir að hafa sent frá sér hina afleitu The Adventures of Sharkboy and Lavagirl 3-D árið 2005.

**Roald Viðar Eyvindsson**




## FRÉTTIR AF FÓLKI



Meðlimir hljómsveitanna The Yeah Yeah Yeah's og Celebration eru í gestahlutverkum á fyrstu sólóplötu leikkonunnar **Scarlett Johansson**. Upptökustjóri er David Sitek úr sveitinni TV on the Radio. Á plötunni syngur Johansson sínar útgáfur af lögum eftir **Tom Waits** og þykir útkoman vera mjög framúrstefnuleg og spennandi.



Búið er að ákveða útgáfudag fjórðu **Shrek**-myndarinnar. Kemur hún út 21. maí 2010 og hefur fengið vinnutitilinn The Next Shrek. Tvær aðrar stórmyndir eru fyrirhugaðar sama ár, annars vegar Harry Potter and the Deathly Hallows og hins vegar 23. myndin um njósnara hennar hátignar, James Bond.



Leikarinn **Michael Imperioli**, sem hefur slegið í gegn í The Sopranos, fer með hlutverk í næstu mynd Peter Jackson, The Lovely Bones. Bætist hann þar með í hóp stjarna á borð við **Rachel Weisz, Ryan Gosling**, **Susan Sarandon** og **Stanley Tucci**. Tökur á myndinni hefjast í október í Pennsylvaníu og á Nýja-Sjálandi.



Höfðað hefur verið mál gegn **Sean Stewart**, syni söngvarans **Rods**, vegna atviks sem átti sér stað á næturklúbbi í Hollywood á síðasta ári. Er Stewart sakaður um að hafa ráðist á mann sem rakst utan í hann á klúbbnum og lamið hann til óbóta með hjálp lífvarðar síns.



## > Komst í gegnum niðurskurðinn

Birgir Leifur Hafþórsson, atvinnukylfingur úr GKG, lék á einum undir pari á öðrum degi opna rússneska meistaramótsins og náði þar með 65. sæti og komst í gegnum niðurskurðinn á níunda mótinu á tímabilinu. Birgir Leifur lék frábærlega á fyrri níu þar sem hann fékk þrjá fugla og var þremur höggum undir pari vallarsins en tveir skrambar á síðustu níu holunum spilltu nokkuð fyrir útkomu dagsins. Birgir Leifur hefur fengið tíu fugla fyrstu tvo dagana og er samtals á einu höggi yfir pari.



**sport**

sport@frettabladid.is

**HELGI MÁR MAGNÚSSON:** VERÐUR EKKI ÁFRAM Í SVISS OG BÍÐUR EFTIR TILBOÐI AÐ UTAN.

# *Spilar með KR í vetur ef ekkert breytist*

Helgi Már Magnússon, landsliðsmaður í körfubolta, gæti vel hugsað sér að spila með Íslandsmeisturum KR á næsta tímabili ef hann fær ekki freistandi tilboð að utan. Helgi Már lék með svissneska liðinu Basket-Club Boncourt við góðan orðstír í vetur og er nú á fullu að undirbúa sig fyrir verkefni landsliðsins í haust. „Ég verð ekki áfram í Sviss, var að vonast eftir því að komast til Frakklands en eins og staðan er núna þá verð ég bara heima,“ segir Helgi Már, sem spilaði eitt fullt tímabil með KR áður en hann fór í háskólanám við Catawba-skólann. Það var veturinn 2001-02 og var Helgi Már með 12,4 stig og 7,9 fráköst að meðaltali í leik. Helgi Már var í stóru hlutverki á fjórum árum sínum í Catawba þar sem hann var með 13,8 stig og 5,9 fráköst að meðaltali í 119 leikjum sínum fyrir skólann.

Helgi og félagar í Boncourt komu mörgum á óvart með frammistöðu sinni í úrslitakeppninni þar sem liðið veitti verðandi meisturum í Benetton harða keppni í undanúrslitunum. Helgi Már átti mjög góða leiki í úrslitakeppninni og í undanúrslitaeinvíginu gegn Benetton var hann með meðal annars með 14,3 stig að meðaltali og 47 prósent nýtingu úr 19 skotum fyrir utan þriggja stiga línuna.

„Það er enginn heimsendir að vera hérna heima enda eru mjög spennandi tímar hjá KR. Ég er að vonast eftir því að þetta skýrist á næstu dögum því ég nenni ekki að hafa þetta hangandi yfir mér eitthvað fram eftir hausti. Ég ætla að bíða næstu vikurnar og sjá hvað gerist. Ég ætla bara að einbeita mér að landsliðinu,“ segir Helgi Már, sem myndi styrkja KR-liðið mikið, ekki síst þar sem liðið er að taka þátt í Evrópukeppninni í fyrsta sinn í sextán ár. Helgi Már hefur leikið 46 landsleiki fyrir Ísland og skoraði í þeim 295 stig eða 6.4 að meðaltali í leik. Hann hefur leikið alla leiki liðsins undanfarin þrjú ár og var varafyrirliði liðsins þegar liðið vann gullið á Smáþjóðaleikunum í Mónakó fyrr í sumar.



# Sýnd veiði en ekki gefin

**Andstæðingar ensku liðanna Liverpool og Arsenal í 3. umferð forkeppni Meistaradeildar Evrópu eru með þeim erfiðari sem hægt var að dragast á móti. Sigurvegarinn úr einvígi FH og FC Bate mætir Zaglabie Lubin eða Staua Búkarest.**

**FÓTBOLTI** Liverpool, sem eins og kunnugt er hlaut silfurverðlaunin í Meistaradeildinni á síðasta tímabili, mætir franska liðinu Toulouse en Arsenal dróst gegn Sparta Prag frá Tékklandi. Andstæðingarnir þykja báðir með þeim erfiðari og geta báðir veitt ensku stórliðunum harða keppni á góðum degi. „Franska úrvalsdeildin er mjög öflug og Toulouse er með nokkra góða leikmenn. En við eigum stutt ferðalag fyrir höndum og spilum síðari leikinn á Anfield, svo ég get ekki verið annað en sáttur,“ sagði Rafa Benitez, stjóri Liverpool, í gær.

Michal Bilek, þjálfari Sparta Prag, er vongóður um að lærisveinar hans geti gert Arsenal grikk. „Þeir eru að sjálfsögðu líklegri til að komast áfram en lið þeirra hefur breyst nokkuð frá síðasta ári og er enn að mótast. Við ætlum að reyna að nýta okkur það,“ sagði Bilek.

Íslandsmeistarar FH voru fyrsta liðið sem kom upp úr hattinum í gær en sigurvegarinn úr einvígi liðsins við FC Bate Borisov frá Hvíta-Rússlandi mætir sigurvegaranum í leikjum Zaglebie Lubin frá Póllandi og Steaua Búkarest frá Rúmeníu. FH þarf að vinna upp 3-1 tap á heimavelli í vikunni í síðari leiknum ytra og verður að teljast afar ólíklegt að Íslandsmeistararnir komist áfram í þriðju umferð.

Af öðrum einstaka viðureignum má nefna að Celtic mætir Spartak Moskvu, Sevilla tekur á móti AEK frá Aþenu og FC Kaupmannahöfn mætir Benfica, fari svo að liðið komist áfram úr annarri umferð. Fyrri leikirnir í þriðju umferð fara fram 14. og 15. ágúst og síðari leikirnir tveimur vikum síðar. **- vig**



**DREGIÐ Í ÞRIÐJU UMFERÐ** David Taylor, ritari evrópska knattspyrnusambandsins, dregur Liverpool upp úr skálinni í Sviss í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP



**GRÉTAR RAFN** Er í miklum metum hjá liði sínu í Hollandi og í viðræðum við það um um nýjan samning.

Louis van Gaal, stjóri AZ:

## Líkir tilboði Boro við þjórfé

**FÓTBOLTI** Louis van Gaal, knattspyrnustjóri AZ Alkmaar, hefur engan áhuga á að missa íslenska bakvörðinn Grétar Rafn Steinsson frá félaginu fyrir eitthvert klink, eins og hann orðaði það sjálfur í samtali við enska fjölmiðla í gær. Van Gaal gerði lítið úr nýlegu tilboði Middlesbrough í leikmanninn og líkti því við þjórfé.

„Þetta var ekkert tilboð. Þeir buðu rúmar milljón evrur og fyrir leikmenn eins og Grétar er það eins og hvert annað þjórfé. Það borgar fyrir góða þjónustu, ekki fyrir góðan leikmann,“ sagði Van Gaal.

Tilboð Middlesbrough hljóðaði upp á um 100 milljónir íslenskra króna og í síðustu viku gerði Newcastle enn betur og bauð rúmar 150 milljónir í leikmanninn. Báðum tilboðunum var hafnað samstundis. Talið er að forráðamenn AZ vilji fá að minnsta kosti 400 milljónir fyrir hinn 25 ára gamla Grétar og héldu nokkrir fjölmiðlar í Bretlandi í gær að Sam Allardyce, stjóri Newcastle, hygðist gera nýtt og endurbætt tilboð í Grétar.

Sjálfur lýsti Grétar því yfir í viðtali við Fréttablaðið fyrr í vikunni að hann byggist við því að vera áfram hjá AZ. **- vig**



**TAPSÁR** Stephen Warnock felldi Sheffield United en gerir í því að kenna öðrum um fallið úr efstu deild.

Neil Warnock gefur út ævisögu:

## Hataði Benitez

**FÓTBOLTI** Neil Warnock, fyrrverandi stjóri Sheffield United, lýsir því í nýútkominni ævisögu sinni hversu mikið hann hataði kollega sinn hjá Liverpool, Rafael Benitez, eftir lokasprett síðasta tímabils. Liverpool tapaði fyrir Fulham í næstsíðustu umferð deildarinnar og segir Warnock að þau úrslit hafi orðið Sheffield að falli.

„Það voru tvær vikur í úrslitaleik Meistaradeildarinnar en samt hvíldi hann níu lykilmenn. Níu. Ég vissi ekki að hægt væri að fara niður á svo lágt plan. Í vikunni á eftir gegn Charlton spilaði hann með miklu sterkara lið í leik sem skipti engu máli. Þetta var gríðarleg óvirðing og ég fann fyrir hatri í garð Benitez á þessum tíma,“ segir Warnock. **- vig**

Ljóst er að Carlos Tevez yfirgefur West Ham og fer til Manchester United:

## Eiður telur sig eiga góða möguleika

**FÓTBOLTI** Enskir fjölmiðlar héldu áfram að bendla Eið Smára Guðjohnsen við sölu til West Ham í gær eftir að Íslendingafélagið samþykkti tveggja milljón króna greiðslu frá umboðsmanninum Kia Joorabchian til að losa argentínska framherjann Carlos Tevez undan samningi við félagið. Talið er að Tevez muni ganga formlega til liðs við Manchester United um helgina og sem fyrr er Eiður Smári sagður efstur á óskalista West Ham yfir þá leikmenn sem geta leyst Tevez af.

Í viðtali við El Mundo Deportivo, eitt helsta staðarblaðið í Katalóníu, hélt Eiður áfram að lýsa því yfir að hann hygðist ekki fara frá Barcelona. Hann telur sig enn fremur eiga góða möguleika á að festa sig í sessi hjá Barcelona.

„Þegar Claudio Ranieri tók við Chelsea á sínum tíma sagði hann við mig að ég yrði fjórði framherjinn í goggunarröðinni. Þegar tímabilið var á enda hafði ég spilað fullt af leikjum. Ég ætla ekki að gefast upp hér á Spáni,“ segir Eiður. „Enginn hjá félaginu, hvorki Txiki Begiristain (yfirmaður knattspyrnumála) né Frank Rijkaard hefur sagt mér að þeir vilji ekki hafa mig áfram,“ bætti íslenski landsliðsfyrirliðinn við.

Spurður um orðróminn þráláta sem segir hann á leið til West Ham sagði Eiður: „Ég hef ekkert heyrt frá West Ham.“ **- vig**



**EIÐUR SMÁRI** Hræðist ekki samkeppnina í liði Barcelona. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY


**SÓKNDJARFT FÉLAG ÓSKAR EFTIR ÞJÁLFARA**

**Unglingaráð Knattspyrnufélags ÍA leitar að áhugasömum einstaklingi í fullt starf við þjálfun kvennaflokka.**

Gert er ráð fyrir að umsækjendur geti hafið störf haustið 2007. Aðstaða til knattspyrnuæfinga á Akranesi er með því besta sem gerist.

Akraneshöllin er æfingasvæði félagsins yfir vetrartímann og ÍA hefur yfir að ráða einu veglegasta grasæfingasvæði landsins.

Félagið leitar eftir hæfileikaríkum þjálfara sem vill taka þátt í skemmtilegu verkefni við uppbyggingu félagsins í kvennaknattspyrnu.

Nánari upplýsingar veitir Þórður Þórðarson yfirþjálfari UKÍA (doddi.ukia@ia.is) og Brandur Sigurjónsson (brandur.ukia@ia.is) UKÍA, ukia@aknet.is, s. 433 1109.


Blikinn Fanndís Friðriksdóttir varð markahæst á Evrópumóti 19 ára:

## Verð að fara að skora fyrir Breiðablik

**FÓTBOLTI** Fanndís Friðriksdóttir, 17 ára stelpa úr Breiðabliki, varð markahæsti leikmaður Evrópumóts 19 ára landsliða kvenna sem fram fór hér á landi og lauk með sigri Þjóðverja um síðustu helgi. Fanndís skoraði jafnmörg mörk og þær Mary-Laure Delie hjá Frakklandi og Ellen White hjá Englandi en lék færri leiki en þær báðar.

„Ég bjóst ekki við þessu en þetta er rosalega skemmtilegt. Það var æðislega gaman að fá að spila á heimavelli og vita af mömmu og pabba uppi í stúku,“ sagði Fanndís en faðir hennar er fyrrverandi landsliðsmarkvörðurinn Friðrik Friðriksson.

Fanndís segist hafa skorað hjá pabba sínum. „Jú, ég hef skorað oft hjá honum, það er svo auðvelt,“ sagði hún hlæjandi en það kom aldrei til greina hjá henni að fara í markið. „Nei, ég er virkilega léleg í marki,“ segir Fanndís. „Ég vil helst vera frammi. Ég er alltaf frammi hjá Breiðabliki en Óli þjálfari vildi hafa mig á hægri kantinum. Ég hafði ekki spilað þar síðan ég var lítil,“ segir Fanndís en þetta útspil landsliðsþjálfarans skilaði sér í þremur góðum mörkum. „Nú þarf maður að sanna sig ennþá meira. Ég verð líka að fara að setja hann fyrir Breiðablik því ég er bara búin að skora eitt mark í sumar. Ég var að hugsa að það myndi sennilega svínvirka að fara í landsliðstreyjuna undir Blikabúninginn,“ segir Fanndís í léttum tón.

„Fanndís er geysilega fljót og fylgin sér en hraði hennar er hennar helsti styrkleiki. Hún á líka bjarta framtíð fyrir sér enda á hún tvö ár eftir í þessu 19 ára landsliði. Það er ekki slæmt afrek að verða markahæst þrátt að spila tvö ár upp fyrir sig,” sagði Ólafur Þór Guðbjörnsson, þjálfari 19 ára landsliðsins. **- óój**



**ÞRUMUSKOT** Fanndís Friðriksdóttir reynir hér skot að marki á Evrópumótinu. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL


vodafone
Iceland Express
512 5100 I SYN.IS I VERSLANIR VODAFONE
GOTT FÓLK McCANN
SÝN
BOLTINN
SÝN 2 HEFST
Í KVÖLD KL. 20:00
SUNNUDAGUR 5. ÁGÚST
Manchester United - Chelsea
LAUGARDAGUR 11. ÁGÚST
Sunderland - Tottenham
Bolton Wanderers - Newcastle Utd.
Derby County - Portsmouth
Everton - Wigan Athletic
Middlesbrough - Blackburn Rovers
West Ham Utd. - Manchester City
Aston Villa - Liverpool
SUNNUDAGUR 12. ÁGÚST
Arsenal - Fulham
Chelsea - Birmingham City
Manchester Utd. - Reading
ÞRIÐJUDAGUR 14. ÁGÚST
Birmingham City - Sunderland
Tottenham - Everton
MIÐVIKUDAGUR 15. ÁGÚST
Blackburn Rovers - Aston Villa
Fulham - Bolton Wanderers
Manchester City - Derby County
Portsmouth - Manchester Utd.
Reading - Chelsea
Wigan Athletic - Middlesbrough
LAUGARDAGUR 18. ÁGÚST
Portsmouth - Bolton Wanderers
Birmingham City - West Ham Utd.
Blackburn Rovers - Arsenal
Fulham - Middlesbrough
Reading - Everton
Tottenham - Derby County
Wigan Athletic - Sunderland
Newcastle Utd. - Aston Villa
SUNNUDAGUR 19. ÁGÚST
Manchester City - Manchester Utd.
Liverpool - Chelsea
LAUGARDAGUR 25. ÁGÚST
Sunderland - Liverpool
Arsenal - Manchester City
Aston Villa - Fulham
Bolton Wanderers - Reading
Chelsea - Portsmouth
Derby County - Birmingham City
West Ham Utd. - Wigan Athletic
Everton - Blackburn Rovers
SUNNUDAGUR 26. ÁGÚST
Middlesbrough - Newcastle Utd.
Manchester Utd. - Tottenham
4 4 2 MEÐ GUÐNA BERGS
ÖLL LAUGARDAGSKVÖLD KL. 19:10
Þar stendur tvíeykið vinsæla, Heimir Karlsson og Guðni Bergsson, vaktina ásamt vel völdum sparkspekingum.
Uppfærðu myndlykilinn og sjáðu Sýn 2
Veljið menu og sjálfvirka leit. Sláið inn pin-númerið 0000 og ýtið síðan á OK hnappinn. Myndlykillinn leitar þá sjálfur að stöðvunum. Ýtt er þrisvar sinnum á OK hnappinn og þá á myndlykillinn að hafa raðað upp sjónvarpsstöðvunum. Athugið að Sýn 2 er á rás númer 10.
sýn2
enski boltinn

# Hverjir eiga að fá tækifæri



**Íslenska karlalandsliðið í knattspyrnu leikur vináttuleik við Kanada þann 22. ágúst. Landsliðsþjálfarinn Eyjólfur Sverrisson fær þar gott tækifæri til að skoða leikmenn sem hann hefur ekki valið áður. Fréttablaðið leitaði til álitsgjafa sem fylgjast vel með boltanum og bað þá um að nefna þrjá leikmenn sem ættu skilið að fá tækifæri með íslenska landsliðinu í vináttuleiknum. Ekki mátti velja leikmenn sem spilað hafa með landsliðinu á þessu ári en að öðru leyti var valið frjálst.**

## Helgi Sigurðsson (Val)

Ellefu atkvæði

Helgi Sigurðsson hefur leikið frábærlega með Valsliðinu í sumar og er markahæsti maður Landsbankadeildar karla með 8 mörk í 11 leikjum. Það spillir ekki fyrir hversu vel Helgi kann við sig á Þjóðaleikvanginum þar sem sjö af mörkum hans hafa komið í sumar. Helgi er vinnusamur, útsjónarsamur og með markanefið á réttum stað. Helgi hefur leikið 56 leiki fyrir íslenska A-landsliðið en hefur ekki verið valin landsliðið síðan gegn að hann var í hópnum gegn Svíum á Laugardalsvelli 13. október 2004. Helgi er aðeins einn af tíu leikmönnum sem hafa náð að skora tíu mörk í landsliðsbúningnum. Helgi er orðinn 33 ára gamall og kannski engin framtíðarmaður en það líka ljóst að sóknarleikur íslenska liðsins þarf á markaskorara eins og Helga að halda. Ísland hefur aðeins skorað tvö mörk í síðustu sex leikjum eða mark á 270 mínútna fresti og hafi einhver sóknarmaður sannað að hann á tækifærið skilið er það Helgi með framgöngu sinni með Valsmönnum í sumar.

**„Sést kannski ekki mikið í leikjum en er alltaf líklegur til að skora. Þannig markaskorari er einmitt það sem landsliðið vantar.“**

**„Sterkur markaskorari. Hefur komið gríðarlega sterkur inn. Ekki spurning um að hann á skilið að vera valinn.“**



**„Hefur komið eins og stormsveipur inn í Landsbankadeild karla. Ferskur, fljótur og reynslumikill leikmaður sem á auðvelt með að blandast kjarnanum sem fyrir er.“**

**„Grípa tækifærið þar sem hann virðist vera að komast í sitt besta form aftur. Hann er sterkur framherji sem er mjög markheppinn. Yrði gaman að sjá hann aftur með landsliðinu.“**

**„Heitasti markaskorari landsins í dag.“**

**„Framherji sem hefur verið iðinn við kolann í sumar, ávallt hættulegur.“**

**„Einfaldlega besti framherjinn í Landsbankadeildinni.“**

**„Fljótur, ákveðinn sem sækir alltaf að markinu. Frábær framherji.“**



## Baldur Sigurðsson (Keflavík)

Sjö atkvæði

Baldur Sigurðsson er að fylgja eftir frábæru sumari í fyrra með ennþá betri frammistöðu í ár. Hann er kominn úr hlutverki flakkarans milli vörn og miðju og kominn í sína stöðu á miðri miðju Keflavíkurliðsins. Baldur hefur einstaka yfirferð, er mikill markaskorari og gefur auk þess ekkert eftir í návígum hvort sem þau eru í lofti eða á jörðinni. Hann er hávaxinn og frábær skallamaður inn í teig en hann er einnig leikmaður sem gerir sér vel grein fyrir hlutverki sínu og kann sín takmörk. Baldur hefur spilað fyrir yngri landsliðin en ekki enn fengið tækifærið með A-liðinu. Hann er orðinn 22 ára gamall og er svo sannarlega tilbúinn í að takast á við alþjóðlegan bolta.

**„Mývetningur sem kallar ekki allt ömmu sína. Stór og sterkur baráttuhundur sem lætur vel finna fyrir sér á miðsvæðinu. Skorar, leggur upp, og alltaf hættulegur í föstum leikatriðum.“**

**„Hefur staðið sig mjög vel og er framtíðarleikmaður. Stór, sterkur, áræðinn og skorar mörk.“**

**„Vinnudýr á miðjunni. Getur skorað og er ósérhlífinn.“**

**„Hefur þessa íslensku kosti í sér sem verða sífellt sjaldgæfari. Hann fengist til að berjast og hlaupa og djöflast, sem er einmitt það sem íslenska liðið vantar.“**

**„Gríðarlegt efni, sterkur, útsjónarsamur og ber enga virðingu fyrir mótherjanum.“**

**„Öflugur miðjumaður með góðar sendingar, heldur bolta vel. Klókur að koma sér í færi og skorar mörk.“**

## Gunnleifur Gunnleifsson (HK)

Fjögur atkvæði



Gunnleifur Gunnleifsson er loksins kominn í sviðsljós Landsbankadeildarinnar eftir að hafa spilað með HK í neðri deildunum undanfarin ár. Gunnleifur á mikið í uppgangi HK síðustu ár og það er ekki síst honum að þakka að nýliðarnir úr Kópavogi hafa bitið frá sér í sumar. Gunnleifur er frábær markvörður, einstaklega góður maður á mann en hefur með meiri reynslu öðlast mikið öryggi í öllum sínum aðgerðum. Gunnleifur er jafngamall Árna Gauti og þyrfti því að slá hann út til þess að fá sitt tækifæri en með frammistöðu sinni í sumar hefur hann unnið sér inn að fá tækifæri til þess að klæðast landsliðstreyjunni.

**„Frábær markmaður. Ekki verið að gera mistök sem Daði hefur verið að gera. Yngri og hávaxnari sem og betri úti í teignum sem landsliðið þarf á að halda.“**

**„Traustur markvörður sem hefur sýnt það í sumar að hann er í landsliðsklassa. HK væru neðstir án hans.“**

**„Valinn sem lærisveinn Árna Gauts í stað Daða sem er ekki nógu víðtækur í teignum. Gunnleifur er góður maður á móti manni, sem verður ekki vanþörf á þegar Thomas Radzinski spænir upp völlinn.“**

## Stefán Logi Magnússon (KR)

Fjögur atkvæði



Stefán Logi er spútnikmarkvörður Landsbankadeildarinnar í suamr, það er ekki nóg með að hann slegið sjálfan Kristján Finnbogason út úr KR-markinu þá hefur hann slegið í gegn með magnaðri markvörslu í mörkum leikja KR-inga að undanförnu. Stefán Logi er 27 ára gamall og hefur gengið illa að festa rætur enda KR sjötta félag hans á fimm árum. Það er mikið spunnið í Stefán Loga sem er bæði sterkur maður á móti manni sem og vaktar teiginn vel. Hann hefur hins vegar enn ekki losað sig við að gera stór og dýrkeypt mistök sem menn hafa vonast eftir að myndi eldast af honum. Um leið og Stefán Logi nær meiri stöðulega og meira öryggi er fáir betri kandidatar í landsliðsmarkið í framtíðinni.

**„Hefur staðið sig gíðarlega vel. Hann er framtíðarmarkmaður landsliðsins ef hann heldur áfram á sömu braut.“**

**„Yngsti af þessum góðu og á að vera framtíðarmarkmaður. Strákur sem er með stimpil á enninu sem stendur Bayern Munchen, æfði þar af því hann hefur burði til þess. Hefur allt til brunns að bera.“**

**„Okkur vantar markmann. Hann hefur sýnt það í fáum leikjum að hann er hörkumarkmaður, hefur hæðina, skrokkinn og verður spennandi að sjá hvað verður úr honum.“**

# með landsliðinu?






„Gríðarlega sterkur leikmaður og mikill karakter.“



Tryggvi Guðmundsson (FH)
Þrjú atkvæði

**„Verður betri með árunum, markaskorari en getur líka spilað aðra uppi. Kann leikinn vel. Kæmi með leikgleði og trú í liðið.“**



Bjarni Guðjónsson (ÍA)
Þrjú atkvæði

**„Búinn að spila frábærlega með Skagamönnum. Leiðtogahæfileikar og reynsla vega þungt. Besti miðjumaðurinn á landinu í dag.“**



Sverrir Garðarsson (FH)
Þrjú atkvæði

**„Hefur verið frábær í vörn FH í sumar eftir erfið meiðsli og á klárlega skilið að fá tækifæri.“**



Arnar Grétarsson (Breiðablik)
Þrjú atkvæði

**„Hefur mikla reynslu og kann leikinn vel. Myndi fríska upp á spil liðsins. Besti miðjumaðurinn í deildinni.“**

## AÐRIR SEM FENGU ATKVÆÐI

Arnór Sveinn Aðalsteinsson
Atli Sveinn Þórarinsson
Bjarni Ólafur Eiríksson
Guðmundur Reynir Gunnarsson
Guðmundur Sævarsson
Kári Árnason
Kolbeinn Sigþórsson
Matthías Vilhjálmsson
Óðinn Árnason
Sinisa Valdimar Kekic

## ÁLITSGJAFAR FRÉTTABLAÐSINS

- Arnar Björnsson - íþróttafréttamaður
- Atli Eðvaldsson - þjálfari
- Benedikt Bóas Hinriksson - blaðamaður á DV
- Börkur Edvardsson - formaður knattspyrnudeildar Vals
- Elísabet Gunnarsdóttir - þjálfari kvennaliðs Vals
- Friðrik Ingi Rúnarsson - framkvæmdastjóri KKÍ og knattspyrnuáhugamaður
- Gunnar Oddsson - þjálfari Þróttar
- Heimir Guðjónsson - aðstoðarþjálfari FH
- Helena Ólafsdóttir - þjálfari kvennaliðs KR
- Hilmar Björnsson - sjónvarpsstjóri Sýnar
- Jónas Kristinsson - formaður KR Sports
- Magni Fannberg - þjálfari
- Magnús Már Einarsson - ritstjóri á Fótbolti.net
- Ólafur Kristjánsson - þjálfari Breiðabliks
- Stefán Pálsson - knattspyrnuáhugamaður
- Teitur Þórðarson - þjálfari
- Úlfar Hinriksson - þjálfari



## > Angela Bassett

Angela fékk skólastyrk til að fara í Yale en þar lauk hún BA-gráðu í afrískum-amerískum fræðum. Í skólanum kynntist hún núverandi eiginmanni sínum, Courtney B. Vance, sem er þekktur fyrir að túlka Ron Carver í þáttunum Law & Order: Criminal Intent. Angela leikur í Sunshine State í Sjónvarpinu kl. 21.45.



# dagskrá

SUNNUDAGINN 5. ÁGÚST

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.35
### Monk

Fyrrverandi rannsóknarlögregluþjónninn Adrian Monk er snúinn aftur og hann er enn að reyna að komast aftur að hjá lögreglunni. Það gengur illa þar sem þráhyggjan og fælnin stjórnar honum ennþá og það kann ekki góðri lukku að stýra fyrir lögreglumann. Monk hefur þó engu gleymt þegar kemur að því að leysa flókin glæpamál. Í þætti kvöldsins finnst körfuboltaþjálfari látinn og liðsmennirnir vilja að Monk rannsaki málið.



## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ
### Sunshine State
### Sjónvarpið kl. 21.45

Sólskinsfylkið er bandarísk bíómynd frá 2002 um konu sem snýr aftur til æskuslóðanna í Norður-Flórída með nýjum eiginmanni sínum. Þar eiga heimamenn erfitt uppdráttar vegna ágangs byggingaverktaka og kraftaverk virðist þurfa til að stöðva „framfarirnar". Aðalhlutverk leika Angela Bassett, Edie Falco og Timothy Hutton.



## SJÓNVARPIÐ

**08.00 Morgunstundin okkar** 08.01 Matti morgunn 08.13 Kóalabræður 08.23 Pósturinn Páll 08.38 Friðþjófur forvitni 09.00 Disneystundin 09.01 Stjáni 09.24 Sígildar teiknimyndir 09.31 Alvöru dreki 09.53 Arthur 10.20 Ævintýri HC Andersen

**10.50 Út og suður** e.

**11.30 Formúla 1** (Beint)

**14.00 Hlé**

**14.35 Á flakki um Norðurlönd** (7:8) e.

**15.00 Hver á sinn hátt** e.

**16.55 Hafdjúpin** (1:2) e.

**17.50 Táknmálsfréttir**

**18.00 Stundin okkar** (11:32)

**18.25 Upp í sveit** (3:4)

**18.35 Krakkar á ferð og flugi** (10:10) e.

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veður**

**19.35 Út og suður** (10:16) Anna Richardsdóttir hreingjörningalistamaður með meiru flækist víða með skúringagræjurnar og skrúbbar stræti og torg, yfirleitt frekar léttklædd.

**20.05 Loftbrúin** (2:2) Þýsk sjónvarpsmynd í tveimur hlutum um erfitt ástarsamband þýskrar konu og bandarísks hermanns á dögum loftbrúarinnar til Berlínar.

**21.45 Sólskinsfylkið** (Sunshine State) Bandarísk bíómynd frá 2002 um konu sem snýr aftur til æskuslóðanna í Norður-Flórída með nýjum eiginmanni sínum.

**00.05 Sönn íslensk sakamál - Hættulegasti glæpamaður Íslands** e.

**00.45 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.00 Pretty Woman** (e)

**08.00 The Five Senses**

**10.00 Welcome to Mooseport**

**12.00 Something's Gotta Give**

**14.05 Pretty Woman** (e)

**16.00 The Five Senses**

**18.00 Welcome to Mooseport**

**20.00 Something's Gotta Give** Rómantísk gamanmynd. Harry er stórbokki í tónlistarbransanum og með auga fyrir ungum konum. Aðalhlutverk: Jack Nicholson.

**22.05 Chain Reaction** (e)

**00.00 The Thin Red Line**

**02.40 Children of the Corn 6**

**04.00 Chain Reaction** (e)

## STÖÐ 2

**07:00** Pocoyo 07:10 Barney 07:35 Hlaupin 07:45 Funky Valley 07:50 Addi Paddi 07:55 Véla Villi 08:05 Fifi and the Flowertots 1 08:15 Stubbarnir 08:40 Doddi litli og Eyrnastór 08:50 Kalli og Lóla 09:05 Könnuðurinn Dóra 09:30 Camp Lazlo 1 09:55 Ofurhundurinn Krypto 10:15 Tracey McBean 2 10:25 Sabrina - Unglingsnornin 10:50 Hestaklúbburinn 11:15 Skýjaland 11:40 W.I.T.C.H.

**12:00 Hádegisfréttir**

**12:45 Nágrannar**

**14:30 Pirate Master** (9:14)

**15:15 Whose Line Is it Anyway? 4**

**15:50 Heima hjá Jamie Oliver**

**16:20 Extreme: Celebrity Size 0**

**17:10 Matur og lífsstíll**

**17:45 Oprah**

**18:30 Fréttir**

**19:00 Íþróttir og veður**

**19:15 60 mínútur**

**20:00 Örlagadagurinn** (10:31)

**20:35 Monk NÝTT** (3:16) Fyrrverandi rannsóknarlögregluþjónninn Adrian Monk snýr aftur í fimmta sinn og hann er enn að reyna að komast aftur að hjá lögreglunni. Það gengur illa þar sem þráhyggjan og fælnin stjórnar honum ennþá og það kann ekki góðri lukku að stýra fyrir lögreglumann. 2006.

**21:20 The 4400** (4:13) Síðastliðin 50 ár hafa 4400 manns horfið frá heimilum sínum um gervöll Bandaríkin. Dag einn snúa þeir allir aftur þegar stór eldhnöttur fellur til jarðar frá geimnum. 2006.

**22:05 Mobile** (2:4) Breskur tryllir í þremur þáttum sem segir frá miskunnarlausri baráttu gegn hryðjuverkum. Saklausir vegfarendur eru skotnir til bana af leyniskyttum og farsímafyrirtæki eru sprengd í loft upp. 2007.

**22:55 Bloodlines** Ógnarspennandi bresk sakamálamynd í tveimur hlutum sem fjallar um unga lögreglukonu sem einsetur sér að sanna sakleysi og hreinsa mannorð föður síns sem afplánað hefur fangelsisdóm fyrir manndráp. 2004.

**00:05 Bloodlines**

**01:15 Firestorm**

**02:45 Teen Wolf**

**04:15 Extreme: Celebrity Size 0**

**05:00 Monk NÝTT** (3:16)

**05:45 Fréttir**

**06:25 Tónlistarmyndbönd frá PoppTíVí**

## SÝN besta sætið

**09.30 World Golf Championship 2007** (Bridgestone Invitational)

**12.30 Gillette World Sport 2007**

**13.00 Community Shield 2007 - Previe**

**13.30 Community Shield 2007** (Chelsea - Man. Utd.) Bein útsending frá leiknum um Góðgerðaskjöldinn í enska boltanum á milli Manchester United og Chelsea á Wembley leikvanginum. Hér mætast Englandsmeistarnir og bikarmeistararnir.

**16.15 David Beckham - Soccer USA** (1:13) Glænýir þættir þar sem fylgst er með David Beckham í nýjum heimkynnum hans í englaborginni í Bandaríkjunum. Áhorfendur fá innsýn í bandaríska knattspyrnu og kynnast nýjum samherjum Beckhams.

**16.50 Amsterdam Tournament 2007** (Ajax - Arsenal)

**18.30 Það helsta í PGA mótaröðinni**

**19.00 World Golf Championship 2007** (Bridgestone Invitational) Bein útsending frá lokadegi á Bridgestone mótinu á PGA mótaröðinni í golfi.

**22.10 Community Shield 2007** (Chelsea - Man. Utd.)

## SÝN2

**12.00 Premier League World** Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum.

**12.30 Premier League World**

**13.00 Community Shield 2007 – Preview Show**

**13.30 Community Shield 2007** (Chelsea - Man. Utd.) Bein útsending frá leik Manchester United og Chelsea um Góðgerðarskjöldinn. Bæði lið hafa fengið til sín nýja menn í sumar og forvitnilegt verður að sjá hvort þeir fái að spreyta sig.

**16.15 Season Highlights** (2000/2001)

**17.15 10 Seasons - A Decade of Great** (Norwich - Southampton) Leikur Norwich City og Southampton frá leiktíðinni 1993-1994.

**17.45 10 Seasons - A Decade of Great** (Liverpool - Blackburn Rovers) Að þessu sinni er sýnt úr leik Liverpool og Blackburn Rovers frá leiktíðinni 1994-1995. Kenny Dalglish hafði á þessum tíma búið til sigurlið hjá Blackburn með þá Alan Shearer og Chris Sutton í fremstu víglínu.

**18.15 Community Shield 2007** (Chelsea - Man. Utd.) -

## SKJÁREINN

**11:40 Vörutorg**

**12:40 Backpackers** (e)

**13:10 High School Reunion** (e)

**14:00 The Biggest Loser** (e)

**15:00 Greatest Dishes in the World** (e)

**16:00 America's Next Top Model** (e)

**17:00 Design Star** (e)

**18:00 Charmed** (e)

**19:00 Da Vinci's Inquest** (e)

**19:50 Póstkort frá Arne Aarhus - Lokaþáttur** Ofurhuginn Arne Aarhus vann hug og hjarta þjóðarinnar í þáttunum Adrenalín á SKJÁEINUM fyrir nokkrum árum. Undanfarnar fjórar vikur höfum við fylgst með þessum norska ofurhuga prófa alls kyns adrenalínsport eins og teygjustökk, svifdrekaflug, fallhlíf með mótor, spíttbátaakstur um jökulsár og fleira og fleira. Þáttur kvöldsins er helmingi lengri en vanalega og nú er Arne heimsóttur í Bergen í Noregi og við fáum að vita allt um hvað hann er að gera í dag.

**20:40 Robin Hood** (10:13) Bresk þáttaröð fyrir alla fjölskylduna um hetjuna Hróa hött, útlagann sem rænir þá ríku til að gefa hinum fátæku. Hrói höttur bjargar brennuvargi sem gengur ekki heill til skógar. Hann er fyrrverandi krossfari sem fór yfir um í stríðinu við heiðingjana. Frændi Saladins er kominn til Nottingham til að semja um frið en fógetinn hefur önnur áform.

**21:30 3 Lbs** (2:8) Bandarísk þáttaröð um hrokafullan heilaskurðlækni í New York.

**22:20 Sleeper Cell** (2:8)

**23:10 Law & Order** (e)

**00:00 Runaway** (e)

**00:50 Sex, love and secrets** (e)

**01:40 Vörutorg**

**02:40 Óstöðvandi tónlist**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**12:15 Samantekt helstu frétta vikunnar á N4**. Endursýnt á klukkutíma fresti til 10:15 á Sunnudag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## SIRKUS

**16.45 True Hollywood Stories** (7:8) (e)

**17.30 Jake In Progress** (5:8) (e)

**18.00 The George Lopez Show** (1:22) (e)

**18.30 Fréttir**

**19.00 Bestu Strákarnir** (15:50) (e)

**19.30 Girls Of The Playboy Mansion** (10:15) (e)

**19.55 Kitchen Confidential** (11:13) (e)

**20.25 Young Blades** (13:13) (e)

**21.15 Filthy Rich Cattle Drive** (3:8) (e)

**22.00 Best Laid Plans** (Heimskra manna ráð) Það virðist ekkert ganga upp hjá Nick þessa dagana og hann þráir að komast burt og hefja nýtt líf. Áætlun um rán virðist í fyrstu vera mjög einföld en þegar á reynir fer allt úrskeiðis. Aðalhlutverk: Josh Brolin, Reese Witherspoon og Alessandro Nivola. 1999. Stranglega bönnuð börnum.

**23.30 Kitchen Confidential** (11:13) (e) (Affair to Remember) Gamanþættir um Jack Bourdain var eitt sinn þekktur kokkur en eftir eina villta nótt tókst honum að klúðra öllu því sem hann hafði afrekað. Einn daginn fær hann upp úr þurru tilboð og er boðin staða yfirkokks á flottum veitingastað í New York. Það er þó einn hængur á: eigandinn gefur Jack einungis 48 klukkustundir til að fullmanna eldhúsið og vera tilbúinn til að elda ofan í 300 manns, þar á meðal matargagnrýnanda The New York Times.

**00.00 Smallville** (3:22) (e) Sjötta þáttaröðin um Ofurmennið á unglingsárunum. Í Smallville býr unglingurinn Clark Kent. Hann er prúðmenni og er fús til að rétta öðrum hjálparhönd. Clark er samt ekki gallalaus og á það stundum til að vera dálítið klaufskur. Lendir hann í ýmsum vandræðum á sama tíma og hann er að uppgötva sinn rétta styrk.

**00.45 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## BBC PRIME

**10.00** The Life of Mammals **11.00** Wild New World **12.00** Red Cap **13.00** Great Romances of the 20th Century **13.30** Great Romances of the 20th Century **14.00** A Life Coach Less Ordinary **14.30** A Life Coach Less Ordinary **15.00** Cash in the Attic **15.30** The Life Laundry **16.00** EastEnders **16.30** EastEnders **17.00** Days that Shook the World **18.00** Himalaya with Michael Palin **19.00** Ray Mears' Bushcraft **20.00** The Trouble with Sleep **21.00** Reputations **22.00** EastEnders **22.30** EastEnders **23.00** Days that Shook the World **0.00** Himalaya with Michael Palin **1.00** The Trouble with Sleep **2.00** Ray Mears' Bushcraft




## > Ben Stiller

Stiller er úr mikilli leikarafjölskyldu. Faðir hans er grínistinn Jerry Stiller sem leikur pabbann Arthur í The King of Queens og móðir hans er leikkonan Anne Meara sem túlkar Mary Brady í Sex and the City. Enn fremur leikur systir Stillers, Amy, með föður sínum í þáttunum The King of Queens. Hægt er að sjá Stiller í myndinni Duplex á Stöð 2 Bíó kl. 18.00.



# dagskrá

MÁNUDAGINN 6. ÁGÚST

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 21.35
### Ghostboat

Fyrri hluti framhaldsmyndar mánaðarins. Fyrir 40 árum hvarf kafbátur með nær alla áhöfnina og var talið að hann hefði sokkið. Þegar kafbáturinn kemur á yfirborðið fjórum áratugum seinna fer í gang rannsókn á því hvað gerðist og hvað varð um áhöfnina. Seinni hlutinn er á dagskrá annað kvöld.



## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ
### Willtir Westfirðir
### Sjónvarpið kl. 20.30

Þættir um villta náttúru Vestfjarða, mannlíf, menningu og matargerð undir berum himni. Ferðast er um land, sjó og loftin blá frá Látrabjargi að Hornströndum auk Reykhóla-sveitar og Strandasýslu. Farið er í smalamennsku við Blakknes, fylgst með sviðagerð upp á gamla mátann, grillað með skipstjórakempum á Suðureyri ásamt mörgu fleira. Seinni hlutinn verður sýndur á þriðjudags-kvöld.



## SJÓNVARPIÐ

**08.00 Morgunsjónvarp barnanna** 08.01 Gurra grís 08.05 Bú 08.15 Sögurnar okkar 08.20 Andarungar 08.35 Bitti nú 09.00 United 09.15 Prinsarnir tveir 09.40 Frækn-ir ferðalangar

**11.05 Hlé**

**17.05 Leiðarljós**

**17.50 Táknmálsfréttir**

**18.00 Myndasafnið**

**18.01 Gurra grís** (36:36)

**18.06 Lítil prinsessa** (25:30)

**18.18 Halli og risaeðlufatan** (21:26)

**18.30 Vinkonur** (46:52)

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veður**

**19.35 Hafdjúpin** (2:2) Bresk heimildamynd í tveimur hlutum þar sem lífið í hafdjúpunum er séð með augum búrhvals og æviskeiði hans fylgt eftir frá 1929 til 2004 þegar hann rak á land á Nýja-Sjálandi.

**20.30 Willtir Westfirðir** (1:2) Þættir um villta náttúru Vestfjarða, mannlíf, menningu og matargerð undir berum himni. Ferðast er um land, sjó og loftin blá frá Látrabjargi að Hornströndum auk Reykhólasveitar og Strandasýslu.

**21.15 Í nafni réttlætis** (5:13) Bandarísk þáttaröð um lögfræðinga sem vinna að því að fullnægja réttlætinu.

**22.00 Tíufréttir**

**22.25 Anna Pihl** (8:10)

**23.10 Bráðavaktin** (3:23)

**23.55 Út og suður** (10:16) e.

**00.25 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.00 Trail of the Pink Panther**

**08.00 Spy Kids 3-D: Game Over**

**10.00 Duplex**

**12.00 Everbody's Doing It**

**14.00 Trail of the Pink Panther**

**16.00 Spy Kids 3-D: Game Over**

**18.00 Duplex**

**20.00 Everbody's Doing It** Stórskemmtileg gamanmynd með dramatískum undirtóni. Aðalhlutverk: Eugene Lipinski, Adam Smoluk og Steve Braun.

**22.00 Point Blank**

**00.00 Darkwolf**

**02.00 Boat Trip**

**04.00 Point Blank**

## STÖÐ 2

**07.00** Stubbarnir 07:25 Bangsímon og Fríllinn 08:30 Kalli litli kanína og vinir 08:55 Litlu Tommi og Jenni 09:15 Froskafjör 09:20 BeyBlade 09:45 Galdrastelpurnar

**10.05 S Club 7** (e)

**10.30 The Legend of Johnny Lingo**

**12.00 Hádegisfréttir**

**12.45 Oprah** (Real-Life Heroes)

**13.30 Sjálfstætt fólk** (Thor Vilhjálmsson)

**14.15 Sisters** (22:24)

**15.00 Extreme Makeover** (11:23)

**15.45 Man´s Work** (7:15)

**16.15 Whose Line Is it Anyway?**

**16.40 The School of Rock**

**18.30 Fréttir**

**19.10 The Simpsons** (4:22) (e)

**19.35 Heima hjá Jamie Oliver** Eina leiðin til að fá fersk og bragðgóð jarðarber er að rækta þau sjálfur. Það segir Jamie Oliver og hann ætti að vita það. Nú sýnir hann áhorfendum ýmsar leiðir til þess að nýta berin góðu.

**20.05 Men In Trees** (8:17)

**20.50 Pirate Master** (10:14)

**21.35 Ghostboat** Fyrri hluti framhaldsmyndar mánaðarins. Fyrir 40 árum hvarf kafbátur með nær alla áhöfnina og var talið að hann hefði sokkið. Þegar kafbáturinn kemur á yfirborðið 40 árum seinna fer í gang rannsókn á því hvað gerðist og hvað varð um áhöfnina. Aðalhlutverk: David Jason, Ian Puleston-Davies, Tony Haygarth.

**22.50 Saved** (11:13) Rómantískir spennuþættir í anda Grey´s Anatomy þar sem fylgst er með sjúkraflutningamönnum í blíðu og stríðu. Tom Everett Scott fer þar fremstur í fríðum flokki ungra leikara.

**23.35 Moonlight And Valentino** Eiginmaður Rebeccu Lott ferst með voveiflegum hætti. Áfallið er gríðarlegt fyrir þessa ungu konu en hún á góða að. Systir hennar, tengdamóðir og vinkona reyna allar að sameina krafta sína og stappa í hana stálinu. Aðalhlutverk: Kathleen Turner, Whoopi Goldberg, Gwyneth Paltrow, Jon Bon Jovi.

**01.15 The 4400** (4:13)

**02.00 Las Vegas** (15:17)

**02.45 The School of Rock**

**04.30 Secret Window**

**06.05 Fréttir**

**06.35 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SÝN besta sætið

**07.00 Community Shield 2007** (Chelsea - Man. Utd.)

**14.40 David Beckham - Soccer USA** (1:13) Glænýir þættir þar sem fylgst er með David Beckham í nýjum heimkynnum hans í englaborginni í Bandaríkjunum.

**15.10 Community Shield 2007** (Chelsea - Man. Utd.)

**17.00 Sumarmótin 2007** (Rey - Cup mótið) Þáttur um hið alþjóðlega knattspyrnumót Rey-Cup sem er árlegur viðburður í Reykjavík. Keppt er í mörgum flokkum bæði hjá strákum og stelpum og lið frá mörgum löndum mæta til leiks. Þátturinn er í öruggri umsjá Guðjóns Guðmundssonar.

**17.30 World Golf Championship 2007** (Bridgestone Invitational)

**20.30 Height of Passion** (Spánn: Real Madrid v Barcelona ) Frábær þáttaröð þar sem teknar eru fyrir viðureignir erkifjenda í knattspyrnuheiminum. Í þessum þætti verður fjallað um hið sérstaka haturssamband sem ríkir á milli spænsku stórliðanna Real Madrid og Barcelona.

**21.25 Heimsmótaröðin í Póker 2006**

**22.20 FC Barcelona 2006-2007**

## SÝN2

**20.00 Premier League World** (Premier League World 2007/08) Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum.

**20.30 Season Highlights** (Season Highlights 2001/2002) Allar leiktíðir Úrvalsdeildarinnar gerðar upp í hröðum og skemmtilegum þætti.

**21.30 10 Seasons - A Decade of Great** (Liverpool - Newcastle) Að þessu sinni er fjallað um hreint frábæran leik Liverpool og Newcastle á leiktíðinni 1995 - 1996. Ýmsir snillingar léku með Newcastle á þessum tíma undir stjórn Kevins Keagans.

**22.00 10 Seasons - A Decade of Great** (Nottingham Forest - Man. Utd.) Svipmyndir frá leik Nottingham Forest og Manchester United tímabilið 1998-1999. Norðmaðurinn Ole Gunnar Solskjær kom inn á sem varamaður í leiknum og skoraði fjórum sinnum. Geri aðrir betur.

**22.30 Goals of the season** (Goals of the Season 2006/2007) Öll glæsilegustu mörk hverrar leiktíðar Úrvalsdeildarinnar frá upphafi til dagsins í dag.

## SKJÁREINN

**07:35 Everybody Loves Raymond** (e)

**08:00 Dr. Phil** (e)

**08:45 Vörutorg**

**09:45 Óstöðvandi tónlist**

**16:45 Vörutorg**

**17:45 All of Us** (e)

**18:15 Dr. Phil**

**19:00 Everybody Loves Raymond** (e)

**19:30 How Clean is Your House?** (e)

**20:00 Greatest Dishes in the World** (4:5) Nokkrir af færustu matreiðslumeisturum heims keppast við að heilla dómnefndina, tvo frægustu matargagnrýnendur Bretlands, með gómsætum réttum sem gerðir eru úr besta hráefni sem finnst. Að þessu sinni eru það safaríkir kjötréttir sem kitla bragðlaukana.

**21:00 Runaway** (8:9) Bandarísk spennusería um fjölskylduföður á flótta með fjölskyldu sína eftir að hann er ranglega sakaður um morð. Paul óttast að lögreglan fari að finna hann og freistar þess að finna morðingjann en óveður gerir áform hans að engu og teflir lífi fjölskyldunnar í hættu.

**22:00 Law & Order** Bandarískur þáttur um störf rannsóknarlögreglumanna og saksóknara í New York. Hausaveiðari, sem eltir uppi glæpamenn á flótta, er myrtur og rannsókn málsins leiðir lögreglumennina á spor siðblinds blaðamanns með óhefðbundna málsvörn.

**22:50 Everybody Loves Raymond** Bandarískur gamanþáttur um hinn seinheppna fjölskylduföður Raymond, Debru eiginkonu hans og foreldra sem búa hinumegin við götuna.

**23:15 Jay Leno**

**00:05 3 Lbs** (e)

**00:55 Sleeper Cell** (e)

**01:45 Vörutorg**

**02:45 Óstöðvandi tónlist**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**12:15 Samantekt helstu frétta vikunnar á N4**. Endursýnt á klukkutíma fresti til 10:15 á sunnudag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## SIRKUS

**18.00 Insider**

**18.30 Fréttir**

**18.55 American Dad 3** (e)

**19.15 South Park** (e)

**19.40 Entertainment Tonight**

**20.00 Jake In Progress** (6:8) Önnur þáttaröðin af þessum grínþáttum um ungan og metnaðarfullan kynningarfulltrúa í New York. Þegar fræga fólkið rennur á rassinn mætir Jake Phillips á svæðið og reddar málunum. Vandamálin eru bæði stór og smá en Jake er alltaf til staðar, boðinn og búinn að lappa upp á ímynd viðskiptavinanna.

**20.25 True Hollywood Stories** (8:8) (Lindsey Lohan) Frábærir verðlaunaþættir þar sem fjallað er um helstu stjörnur Bandaríkjanna og ýmislegt er grafið upp sem almenningur hefur aldrei heyrt um. True Hollywood Stories fer í innsta hring stjarnanna.

**21.15 Smallville** (4:22) Sjötta þáttaröðin um Ofurmennið á unglingsárunum. Í Smallville býr unglingurinn Clark Kent. Hann er prúðmenni og er fús til að rétta öðrum hjálparhönd. Clark er samt ekki gallalaus og á það stundum til að vera dálítið klaufskur. Lendir hann í ýmsum vandræðum á sama tíma og hann er að uppgötva sinn rétta styrk.

**22.00 Monk** (3:16) Fyrrverandi rannsóknarlögregluþjónninn Adrian Monk snýr aftur í fimmta sinn og hann er enn að reyna að komast aftur að hjá lögreglunni. Það gengur illa þar sem þráhyggjan og fælnin stjórnar honum ennþá og það kann ekki góðri lukku að stýra fyrir lögreglumann. Monk hefur þó engu gleymt þegar kemur að því að leysa flókin glæpamál.

**2006.**

**22.45 The 4400** (4:13)

**23.30 Joan of Arcadia** (17:22) (e)

**01.10 Entertainment Tonight** (e)

**01.35 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## BBC PRIME

**11.00** As Time Goes By **11.30** My Family **12.00** Hetty Wainthropp Investigates **13.00** Waking the Dead **14.00** House Invaders **14.30** Bargain Hunt **15.15** Bargain Hunt **16.00** As Time Goes By **16.30** My Family **17.00** Home Front **18.00** Waking the Dead **19.00** Canterbury Tales **20.00** Knowing Me, Knowing You... With Alan Partridge **20.30** Nighty Night **21.00** Waking the Dead **22.00** Keeping Up Appearances **22.30** Canterbury Tales **23.30** As Time Goes By **0.00** My Family **0.30** EastEnders **1.00** Waking the Dead **2.00** Hetty Wainthropp Investigates **3.00** Perfect Properties




## > John Malkovich



John lýsir sjálfum sér sem frjálshyggjumanni. Hann er stuðningsmaður dauðarefsinga og þegar raðmorðinginn John Wayne Gacy var tekinn af lífi í Chicago árið 1994 fagnaði hann með því að bjóða vinum sínum í kampavín. Leikarinn William Hootkins sagði eitt sinn um John: „Hann er í raun svo hægrisinnaður að maður veltir því fyrir sér hvort hann sé að grínast." John leikur í Ripley's Game á Stöð 2 Bíó kl. 22.00.

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ: KRISTJÁN HJÁLMARSSON VAR HIMINLIFANDI MEÐ MAGNÚS HLYN

# *Skemmtilegasta frétt ársins*



Skemmtilegasta frétt ársins var sýnd í fréttatíma Sjónvarpsins á fimmtudaginn var. Þá flutti Magnús Hlynur Hreiðarsson, fréttaritari Ríkisútvarpsins á Suðurlandi, frétt af andarunganum Dóru sem ber út póstinn í Hveragerði ásamt eiganda sínum. Fréttin af póstburðaröndinni var frábærlega unnin frá fyrstu sekúndu og allt til loka. Magnús Hlynur kann þá list að gefa viðfangsefninu tíma og hlúa vel að því efni sem hann hefur undir höndum. Þá er hann líklega einn fárra núlifandi sjónvarpsfréttamanna sem bera það mikla virðingu fyrir viðmælendum sínum að hann kynnir þá með fullu nafni og segir hvaðan þeir koma: „Margrét Valdimarsdóttir frá Gaulverjabæ í Flóahreppi er bréfberi hjá Íslandspósti og ber út póstinn í nokkrum hverfum í Hveragerði," hófst til að mynda frétt hans um póstburðaröndina Dóru.

Fótboltaþátturinn 14-2 er hins vegar gott dæmi um þátt þar sem ekki er hlúð nægilega að efniviðnum. Stundum er þátturinn svo illa skipulagður að ekki gefst tími til að sýna frá helstu leikjunum, umsjónarmenn hafa ekki náð að útvega myndskeið eða þá að tökumenn þáttarins hafa einfaldlega misst af helstu atvikunum. Þá eru flest viðtöl hálf klaufaleg þar sem sýnd eru myndbrot þar sem umsjónarmenn vita ekki hvort þeir eigi að spyrja gesti sína í myndveri spurninga eða lýsa fyrir áhorfendum því sem fyrir augu ber. Fyrir vikið er þátturinn allur hálf klúðurslegur og nær ekki að halda áhorfandanum við skjáinn. Umsjónarmenn 14-2 verða að fara að girða sig í brók því stundum er betur heima setið en af stað farið.

## EKKI MISSA AF



▶ **22.40** Hannibal SJÓNVARPIÐ



▶ **21.20** Monster In Law STÖÐ 2



▶ **22.00** Ripley's Game STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **21.00** MTV Video Music Awards SIRKUS



▶ **21.00** Stargate SG-1 SKJÁREINN

## SJÓNVARPIÐ

**08.00 Morgunstundin okkar** 08.01 Gurra grís 08.06 Lítil prinsessa 08.17 Halli og risaeðlufatan 08.29 Músahús Mikka 08.53 Skordýr í Sólarlaut 09.16 Sögurnar okkar - Bárður Snæfellsás 09.26 Leyniþátturinn 09.39 Friðarfljótið 10.05 Latibær

**10.30 Kastljós**

**11.00 Formúlukvöld** e.

**11.30 Formúla 1 - Tímataka** Beint.

**13.10 14-2 e.**

**13.40 Hlé**

**18.00 Táknmálsfréttir**

**18.10 Ofvitinn** (1:10)

**18.54 Lottó**

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veður**

**19.40 Lukkuriddarar** (5:13)

**20.05 Tímaflakk** (13:13)

**20.55 Bandarísk baka 2** (American Pie 2) Bandarísk gamanmynd frá 2002 um uppátæki vinahóps sem hittist að loknum fyrsta vetri sínum í háskóla. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi ungra barna.

▶**22.40 Hannibal** Bandarísk spennumynd frá 2001. Hannibal Lechter snýr aftur til Bandaríkjanna en gamalt fórnarlamb hans hugsar honum þegjandi þörfina. Meðal leikenda eru Anthony Hopkins og Julianne Moore. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna.

**00.50 Rembrandt** Dönsk bíómynd frá 2003 byggð á sönnum atburðum. Meðal leikenda eru Lars Brygmann, Jakob Cedergren. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi ungra barna.

**02.35 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.00 Rabbit-Proof Fence**

**08.00 Ocean's Twelve**

**10.05 Envy**

**12.00 You Stupid Man**

**14.00 Rabbit-Proof Fence**

**16.00 Ocean's Twelve**

**18.05 Envy**

**20.00 You Stupid Man**

▶**22.00 Ripley's Game** Mynd byggð á skáldsögu eftir Patriciu Highsmith. Aðalhlutverk: John Malkovich, Ray Winstone.

**00.00 Undisputed**

**02.00 21 Grams**

**04.00 Ripley's Game**

## STÖÐ 2

**07.00 Refurinn Pablo 07.05 Barney 07.30 Fifi and the Flowertots 1 07.40 Töfravagninn 08.05 Hlaupin 08.20 Blanche 08.30 Kalli kanína og félagar 08.50 Dexter's Laboratory 09.15 Ginger segir frá 09.40 Bratz 10.00 Tutenstein 10.25 Celeste in the City**

**12.00 Hádegisfréttir**

**12.45 Bold and the Beautiful**

**14.30 Men In Trees** (7.17)

**15.20 Killer Asteroids**

**16.15 Svæsnustu eyðsluseggir í Hollywood**

**17.00 Örlagadagurinn** (9.31)

**17.40 60 mínútur**

**18.30 Fréttir**

**19.00 Íþróttir og veður**

**19.05 Lottó**

**19.15 America's Got Talent** (6.15) Stærsta hæfileikakeppni heims er hafin en keppt er um milljón dollara vinning og titilinn hæfileikaríkasta manneskja Bandaríkjanna. Keppendur eru af öllum stærðum og gerðum en hæfileikarnir eru jafn misjafnir og keppendur eru margir. Þátturinn kemur úr smiðju Simons Cowells. (6.15) Keppendur sýna hvað í þeim býr og dómararnir eru óvægnir sem aldrei fyrr.

**20.35 America's Got Talent** (7.15) Nú kemur í ljós hver stóð sig síst í keppninni og verður því sendur heim.

▶**21.20 Monster In Law** Sprenghlægileg rómantísk bíómynd með Jennifer Lopez, Michael Vartan og Jane Fonda í aðalhlutverkum. Charlotte hefur fundið draumaprinsinn og er spennt fyrir fyrstu heimsókninni til tengdamömmu. Aðalhlutverk: Jane Fonda, Michael Vartan, Jennifer Lopez. 2005. Leyfð öllum aldurshópum.

**23.00 The General's Daughter** Spennumynd. Liðsforinginn Paul Brenner verður að taka á honum stóra sínum þegar hann fær hrottalegt morðmál til úrlausnar. Dóttir mikilsvirts hershöfðingja finnst látin en rannsókn leiðir í ljós að henni hefur verið nauðgað. Við nánari eftirgrennslan koma Paul og Sara aðstoðarkona hans víða að lokuðum dyrum. Svo virðist sem hátt settir menn í hernum tengist málinu. Aðalhlutverk: John Travolta, Madeleine Stowe, James Cromwell. Stranglega bönnuð börnum.

**00.55 Marine Life**

**02.30 A Walk to Remember**

**04.10 Shaolin Soccer**

**05.35 Fréttir**

**06.15 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SÝN besta sætið

**10.30 World Supercross GP 2006-2007** (Edwards Jones Dome)

**11.25 PGA Tour 2007 - Highlights** (Canadian Open)

**12.20 Það helsta í PGA mótaröðinni**

**12.50 Sumarmótin 2007** (Rey - Cup mótið)

**13.20 Íslandsmótið í golfi 2007**

**14.30 Samfélagsskjöldurinn 2006** (Chelsea - Liverpool)

**16.20 Community Shield 2007 - Preview Show** Upphitun fyrir leikinn um góðgerðarskjöldinn í enska boltanum.

**16.50 Amsterdam Tournament 2007** Bein útsending frá leik Lazio og Atletico Madrid á Amsterdam mótinu.

**19.05 Amsterdam Tournament 2007** Bein útsending frá leik Ajax og Arsenal í Amsterdam mótinu.

**21.05 World Golf Championship 2007** (Bridgestone Invitational) Bein útsending.

**00.05 Box - Wladimir Klitschko - Lam** (Box - Wladimir Klitschko - Lamon Brewster) Útsending frá bardaga sem fram fór 07.07.07.

## SÝN2

**20.00 Community Shield 2007 – Preview Show** Upphitun fyrir leikinn um góðgerðarskjöldinn í enska boltanum en það verða Chelsea og Manchester United sem munu kljást um skjöldinn í ár.

**20.30 Premier League World** Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum. Leikmenn heimsóttir, gömlu stjörnurnar leitaðar uppi og svipmyndir af æðinu fyrir enska boltanum um heim allan.

**21.00 Premier League World**

**21.30 Premier League World**

**22.00 Season Highlights** (1999/2000) Allar leiktíðir Úrvalsdeildarinnar gerðar upp í hröðum og skemmtilegum þætti.

**23.00 10 Seasons - A Decade of Great** (Crystal Palace - Blackburn) Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.

**23.30 10 Seasons - A Decade of Great** Að þessu sinni er fjallað um viðureign Manchester United og Sheffield Wednesday frá fyrstu leiktíð úrvalsdeildarinnar en þessi leikur réði miklu á lokasprettinum.

## SKJÁREINN

**10.45 Vörutorg**

**11.45 Dr. Phil** (e)

**15.30 Póstkort frá Arne Aarhus** (e)

**16.00 How Clean is Your House?** (e)

**16.30 Robin Hood** (e)

**17.20 World's Most Amazing Videos** (e)

**18.10 On the Lot** (e)

**19.10 Yes, Dear** (e)

**19.40 Everybody Hates Chris** (e)

**20.10 World's Most Amazing Videos** (19.26)

▶**21.00 Stargate SG-1** (13.22) Afar vandaðir þættir byggðir á samnefndi kvikmynd. Þetta er önnur þáttaröðin sem SkjárEinn sýnir um Jack O'Neill og sérsveit hans sem hélt í könnunarleiðangur út í geiminn eftir að jarðarbúar fundu „stjörnuhlið" sem opnaði þeim aðgang að áður óþekktum plánetum.

**21.50 High School Reunion** (4.8) Bandarísk raunveruleikasería þar sem 17 fyrrum skólafélagar koma aftur saman tíu árum eftir útskrift og gera upp gömul mál. Það gengur á ýmsu þegar þybbna klappstýran, slúðurskjóðan, balldrottningin, tíkin, feimna stelpan, hrekkjalómurinn, kvennabósinn og einfarinn koma saman á ný.

**22.40 Da Vinci's Inquest - NÝTT** Vönduð sakamálaþáttaröð sem unnið hefur til fjölda verðlauna, en þættirnir fjalla um líf Dominics Da Vinci, dánardómstjóra í Vancouver.

**23.30 Sleeper Cell** (e)

**00.20 Law & Order: Criminal Intent** (e)

**01.10 Angela's Eyes (e)**

**02.00 The Black Donnellys (e)**

**02.50 Tvöfaldur Jay Leno (e)**

**04.30 Vörutorg**

**05.30 Óstöðvandi tónlist**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**12.15 Samantekt helstu frétta vikunnar á N4**. Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á sunnudag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.


Auglýsingasími

512 50 50




– Mest lesið

## Í KVÖLD

**SÝN 2 KL. 20.00**
**Góðgerðarskjöldurinn 2007 - Upphitun**



Glæný sjónvarpsstöð, Sýn 2, hefur nú útsendingar sínar. Þar verður umgjörðin um enska boltann betri og veglegri en áður hefur þekkst. Ekki verða aðeins birtar beinu útsendingar Enska boltans, heldur einnig samantektir, mörkin, umdeildu atvikin, umræðan, viðtölin við þjálfarana og stjörnurnar og undirbúningurinn fyrir stóru leikina. Fyrsti dagskrárliðurinn er upphitun fyrir góðgerðarskjöldinn í enska boltanum.

**▶ DA VINCI'S INQUEST**
**Skjár einn kl. 22.40**

Nú er að hefjast ný vönduð sakamálaþáttaröð sem unnið hefur til fjölda verðlauna. Þættirnir fjalla um líf Dominics Da Vinci, dánardómstjóra í Vancouver. Einnig er fylgst með krufningum og rannsókn lögreglu og meinafræðinga á margvíslegum glæpum og dauðsföllum.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.50** Bæn
**07.05** Laugardagur til lukku
**08.00** Morgunfréttir
**08.05** Músík að morgni dags
**09.03** Út um græna grundu
**10.15** Umferðarútvarp
**10.17** Grannar okkar
**11.00** Vikulokin
**12.00** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**12.58** Umferðarútvarp
**13.00** Laugardagsþátturinn
**14.00** Leitin að eldsneytinu
**14.40** Tímakornið
**15.30** Með laugardagskaffinu
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.08** Veðurfregnir
**16.10** Umferðarútvarp
**16.12** Eyja ljóss og skugga: Jamaíka í sögu og samtíð
**17.05** Hvítu svingdívurnar
**18.00** Kvöldfréttir
**18.25** Auglýsingar
**18.28** Á vængjum yfir flóann
**18.52** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** The Wall
**20.30** Lifi ljóskan
**21.20** Dragspilið dunar
**22.15** Flakk
**23.10** Danslög
**00.10** Útvarpað á samtengdum rásum

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 89,5** Kiss / Nýja bítið í bænum **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 91,9** XFM / Tónlist og afþreying **FM 97,7 X-IÐ** / Enginn viðbjóður

## SIRKUS

**16.30 Skífulistinn** X-factor stjarnan Rakel Magnúsdóttir fer yfir vinsælustu lögin á Íslandi í hverri viku.
**17.15 Smallville** (3:22) (e)
**18.00 Bestu Strákarnir** (15:50) Á meðan á leitinni að arftökum strákanna stendur yfir á Stöð 2 mun Sirkus endursýna allt það besta með Sveppa, Audda, Pétri Jóhanni og hinum sprenghlægilegu strákunum.
**18.30 Fréttir**
**19.00 Stacked** (5:6) (e)
**19.25 Stacked** (e)
**19.50 Girls Of The Playboy Mansion** (1:15) (e)
**20.15 Joan of Arcadia** (17:22) (Jóhanna af Arkadíu) (Shadows And Light) Önnur þáttaröðin um Joan. Sagan af Jóhönnu af Örk færð í nútímann. Táningsstelpan Joan er nýflutt til smábæjarins Arcadia þegar skrítnar uppákomur fara að henda hana. Hún fer að fá skilaboð frá Guði sem fer að segja henni að gera alls kyns hluti sem hún og gerir. Þessu nýja hlutverki þarf hún síðan að koma inn í daglega líf sitt sem reynist alls ekki auðvelt. Þáttaröðin var tilnefnd til Emmy verðlauna auk þess sem hún hlaut Peoples Choice Award fyrir bestu dramaþættina.
**▶21.00 MTV Video Music Awards 2007**
**22.45 Hidden Palms** (8:8) (e)
**23.30 Jake In Progress** (5:8) (e)
**00.00 Jake 2.0** (3:16) (e)
**00.45 Joan of Arcadia** (17:22) (e)
**01.30 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## BBC PRIME

**12.00** What not to Wear **13.00** Wedding Stories **14.00** The Life of Mammals **15.00** Wild New World **16.00** EastEnders **16.30** EastEnders **17.00** A Life Coach Less Ordinary **17.30** A Life Coach Less Ordinary **18.00** Cash in the Attic **18.30** The Life Laundry **19.00** The Murder Room **20.30** The Catherine Tate Show **21.00** The Smoking Room **21.30** French and Saunders **22.00** EastEnders **22.30** EastEnders **23.00** The Murder Room **0.30** The Catherine Tate Show

## DR 1

**6.15** Dyrenes ø **6.40** SommerSummarum **7.10** Dragejægerne **7.35** Yu-Gi-Oh! **8.00** Hannah Montana **8.25** Rideklubben **8.50** Shin Chan **9.00** Sommertid **9.30** En ved Oslo **10.00** TV Avisen **10.10** Det brænder i byen **10.40** Søren Ryge **11.10** Kaptajn og besætning byder velkommen **11.40** Smag på Danmark - med Meyer **12.10** Verdens vildeste vanvid **12.40** Den fremmede **14.10** Under åben himmel **15.10** Før søndagen **15.20** Held og Lotto **15.30** Johanne i Troldeskoven **16.00** Radiserne **16.30** TV Avisen med vejret **16.55** SportNyt **17.10** Det lille hus på prærien **18.00** Huset på Christianshavn **18.25** Crocodile Dundee i Los Angeles **19.55** Post Danmark Rundt 2007 **20.20** Inspector Morse

## NRK 1

**9.00** Jukeboks: Norge rundt **10.00** Jukeboks: Dansefot **11.00** Jukeboks: Du skal høre mye **12.00** Jukeboks: Norsk på norsk **13.00** Gjensynet **14.00** Å hugge en konge **14.30** Landsskytterstevnet 2007 **16.00** Gisle Wink på eventyr **16.25** Tigga og Togga **16.30** Eva og Adam **17.00** Dagsrevyen **17.30** Lotto-trekning **17.40** 'Allo, 'Allo! **18.05** Jan Werner - med rett til å synge **19.05** Doc Martin **19.50** Fakta på lørdag: Eit musikalsk mysterium **20.40** Båtsport: EM-runde i F2000 **21.10** Kveldsnytt **21.25** Angel Eyes **23.05** Festivalsommer **5.30** Sommermorgen **5.50** Tigeren Edelbert **6.00** Danny og Daddy

## SVT 1

**7.15** Franklin **7.35** Katter - en dokusåpa **7.45** Så här går det till på Saltkråkan **8.15** Sagoträdet **8.30** Pi **8.45** Manáid-tv **9.00** Fieteri **9.20** Karamelli **9.35** Runt omkring på Island **11.10** Jag vann **11.40** Det är svårt att flytta vuxna katter **12.40** Sommartorpet **13.10** Uppdrag granskning - sommarspecial **14.10** Tre kärlekar **15.00** Allsång på Skansen **16.00** Pingu **16.05** Disneydags **17.00** Ebba och Didrik **17.30** Rapport **17.45** Sportnytt **18.00** Försvarsadvokaterna **18.40** Minnenas television **20.20** Romerska rikets uppgång och fall **21.15** Rapport **21.20** Kärlekens dårar **22.20** The Good Thief **0.05** Sändningar från SVT24




Komdu í heimsókn í sumar!

Íslensk orkumál og virkjanir – alþjóðleg fyrirmynd í umhverfismálum

Landsvirkjun býður landsmönnum að heimsækja sex stöðvar í sumar þar sem bæði er hægt að kynna sér staðreyndir um umhverfisvæna íslenska orku og skoða fjölbreyttar sýningar um menningu, list og sögu.



„Hvað er með Ásum?"
Ævintýraferð í goðheima fyrir alla fjölskylduna. Goðastyttur Hallsteins Sigurðssonar við texta Árna Björnssonar, þjóðháttafræðings.
**Laxárstöðvar í Aðaldal**



Orka í iðrum jarðar!
Heimsækið gestastofuna í Kröflu, sjáið myndir frá Kröflueldum. Kynnist jarðvarma og orkuvinnslu.
**Kröflustöð í Mývatnssveit**



Kraftverk
Listaverk sem sjaldan hafa komið fyrir almenningssjónir – mörg hver með áhugaverða sögu sem tengist Landsvirkjun og orkumálum. Kjarval, Ásgrímur, Gunnlaugur Blöndal og fleiri.
**Ljósafossstöð við Sog**



Kynnist Kárahnjúkavirkjun!
Upplýsingar um Kárahnjúkaframkvæmdirnar ásamt ferðamennsku og útivist norðan Vatnajökuls. Góður viðkomustaður áður en haldið er upp á Fljótsdalsheiði.
**Végarður í Fljótsdal.** *Opið 9–17 alla daga.*



Líf í Þjórsárdal
Ómissandi viðkomustaður á leiðinni inn á Sprengisand og í Veiðivötn.
**Sultartangastöð ofan Þjórsárdals**



Heimsókn í Húnaþing
Kynnið ykkur orkumál og starfsemi Blöndustöðvar í starfsmannahúsi stöðvarinnar.
**Blöndustöð, Húnaþingi**

Kynnist okkur af eigin raun
Heimsækið Landsvirkjun í sumar.
Stöðvarnar eru opnar alla eftirmiðdaga í sumar.

Nánari upplýsingar á www.landsvirkjun.is og í síma 515 9000

Landsvirkjun

PIPAR • SÍA • 71210

## PERSÓNAN



*Grímur Hákonarson*

Aldur: 30.

**Starf:** Kvikmyndagerðarmaður.
**Fjölskylda:** Einhleypur.
**Foreldrar:** Unnur Stefánsdóttir leikskólastjóri og Hákon Sigurgrímsson skrifstofumaður.
**Búseta:** Kópavogur.
**Stjörnumerki:** Fiskur.

Grímur Hákonarson leikstýrir stuttmyndinni Bræðrabylta sem var Evrópufrumsýnd á kvikmyndahátíð í Sviss.

## HIN HLIÐIN GUÐRÚN LÍSA EINARSDÓTTIR SÖNGKONA

# Dreymir um að syngja á Wembley

**Hvað er að frétta?** Allt gott. Ég er nýbúin að taka upp lög sem komu út á plötunni Gleðilegt sumar, það er svona það helsta.

**Augnlitur:** Hann er gráblár.

**Starf:** Söngkona og rekstrarstjóri í ísbúð.

**Fjölskylduhagir:** Ég bý með kærastanum mínum og litilli kisu. Hún er reyndar ekkert svo lítil, hún er 14 ára gömul og feit.

**Hvaðan ertu?** Úr Keflavík.

**Ertu hjátrúarfull?** Já, ég myndi halda það. Ég labba ekki undir stiga og finnst föstudagurinn þrettándi óþægilegur.

**Uppáhaldssjónvarpsþátturinn:** Það er erfið spurning. Í augnablikinu er ég í Sex and the City maraþoni.

**Uppáhaldsmatur:** Maturinn hjá mömmu.

**Fallegasti staðurinn:** Ásbyrgi.

**iPod eða geislaspilari:** Bæði, meira geislaspilarinn samt.

**Hvað er skemmtilegast?** Þegar maður er að syngja og fær góð viðbrögð í salnum. Það er alltaf jafn skemmtilegt.

**Hvað er leiðinlegast?** Ætli það sé ekki að syngja fyrir tómu húsi.

**Helsti veikleiki:** Þarf maður að velja einn? Ég hugsa hlutina stundum ekki alveg til enda og verð svolítið stressuð yfir þeim. Og stundum er tímaskynið ekki alveg á hreinu.

**Helsti kostur:** Ég held að aðrir verði að dæma um það.

**Helsta afrek:** Þegar ég kláraði heila bók í þriggja tíma flugi. Hún var ansi þykk og vegleg.

**Hver er draumurinn?** Að geta lifað sem söngkona og fengið að spila í stórum sal fyrir mörg hundruð manns. Wembley kannski.

**Hver er fyndnastur?** Leifur bróðir.

**Hvað fer mest í taugarnar á þér?** Ef maður biður fólk að gera eitthvað fyrir sig og það gerir það ekki, eða svo illa að maður þarf að gera það sjálfur hvort sem er.

**Hvað er mikilvægast?** Að líta á björtu hliðarnar og vera hamingjusamur.






**LÁRÉTT**
**2.** löngun **6.** ógrynni **8.** hallandi **9.** þukl **11.** bogi **12.** hver einast **14.** mamma **16.** skóli **17.** líða vel **18.** maðk **20.** tveir eins **21.** tröll.

**LÓÐRÉTT**
**1.** bifa **3.** þys **4.** útlistun **5.** lítill sopi **7.** þreifiangi **10.** skordýr **13.** svelg **15.** pottréttur **16.** sægur **19.** sjúkdómur.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** lýst, **6.** of, **8.** ská, **9.** káf, **11.** ýr, **12.** allir, **14.** móðir, **16.** ma, **17.** una, **18.** orm, **20.** gg, **21.** risi.

**LÓÐRÉTT: 1.** poka, **3.** ýs, **4.** skýring, **5.** tár, **7.** fálmari, **10.** fló, **13.** iðu, **15.** ragú, **16.** mor, **19.** ms.

## VEISTU SVARIÐ?

Svör við spurningum á síðu 8.

1. Eyjunni St. Vincent í Karíbahafi.
2. Árið 1961.
3. 1.400 stykki.






## BALTASAR KORMÁKUR: FARINN Í MÁNAÐARLANGAR TÖKUR Í FLATEY

# Í lykilhlutverki í myndinni

Baltasar Kormákur lagði af stað til Flateyjar á Breiðafirði í gær, ásamt fríðum flokki leikara og tökuliðs. Hann ætlar að dveljast í Flatey í mánuð eða svo, á meðan tökur standa yfir á kvikmynd hans, nýrri útgáfu af leikriti Antons Tsjekov, Ivanoff.

„Við erum búin að taka í tvo daga í bænum, svo tökurnar eru hafnar," sagði Baltasar í samtali við Fréttablaðið á fimmtudag. „Við vorum að taka uppi í Háskóla og svo í Grjótaþorpi. Lætin hefjast svo fyrir alvöru í Flatey," sagði hann.

Hópurinn sem nú dvelst í Flatey er samtals um sjötíu manns, að sögn Baltasars. „Þar með tvöfaldast íbúafjöldinn í eyjunni, ef ekki meira. Við hertökum hana í allavega mánuð og kannski lengur," sagði hann. „Þetta verður fjör, við verðum þarna í algerri einangrun," bætti hann við.

Hópur fólks sem einangrast á lítilli eyju er ekki óalgengt þema í hryllings- og spennumyndum, nú síðast hefur þáttaröðin Lost gert þemað að sínu. Baltasar átti þó ekki von á því að upp kæmi missætti í hópnum. „Við komumst ekkert burt af eyjunni, svo það þarf þá bara að leysa það snöggléga," sagði hann og hló við. Á alvarlegri nótum sagði hann hópinn vera afar jákvæðan yfir dvölinni í Flatey. „Fólk er bara spennt fyrir þessu, og við viljum líka vinna í sátt og samlyndi við þá fáu sem þarna búa. Svo skiljum við vonandi eitthvað eftir okkur, þó ekki væri nema falleg mynd um eyjuna," sagði Baltasar. „Þar að auki held ég að það sé draumur allra að fá að vera í einangrun til að vinna að því sem hugur þeirra stendur til," bætti hann við.

Kirkjuna í Flatey prýðir altaristafla eftir föður Baltasars og nafna, Baltasar Samper. Sá Jesú sem þar má sjá er klæddur lopapeysu og líkist Baltasar yngri um margt, enda var leikstjórinn fyrirmynd frelsarans. Fréttablaðið velti því fyrir sér á dögunum, hvort Baltasar í líki Jesú myndi fá einhvers konar hlutverk í myndinni, og spurður hvort sú sé raunin skellir leikstjórinn upp úr. „Þið áttuð kollgátuna þar, það er búið að skrifa svolítið um hana inn í handritið," sagði hann. „Ég hef reyndar aldrei verið með cameo-hlutverk í mínum myndum áður, en það er þarna eitt atriði þar sem presturinn á uppgjör við Jesú. Þar er ég í lykilhlutverki, en þöglu, að vísu," sagði hann.

sunna@frettabladid.is



**EINANGRUN Í FLATEY** Baltasar Kormákur er farinn til Flateyjar ásamt um sjötíu manna hópi, til að taka upp kvikmynd sína eftir leikriti Anton Tsjekov. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA



**Í LÍKI FRELSARANS** Baltasar mun vera í lykilhlutverki í myndinni, þegar prestur á uppgjör við Jesú - sem er málaður í mynd Baltasars sjálfs. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Fagnaðarfundir urðu í vél Icelandair frá London til Keflavíkur á fimmtudag. Í vélinni var stórsöngvarinn **Garðar Thor Cortes** á heimleið eftir að hafa sungið á heimavelli Manchester United, en um það má lesa hér til hliðar á síðunni. Einn af flugþjónum vélarinnar var **Einar Örn Einarsson** en þeir félagar fóru með aðalhlutverkin í sjónvarpsþáttunum um **Nonna og Manna** fyrir rúmum tuttugu árum. Garðar Thor og Einar Örn eru góðir vinir enn þann dag í dag og ræddust að sjálfsögðu við í vélinni eins og hægt var. Óhætt er að fullyrða að vera þeirra beggja þarna hafi vakið óskipta athygli annarra flugfarþega.



Mottuhlaupið, árlegt skemmtihlaup **Sveins Guðmarssonar**, ritstjóra Iceland Review og félaga hans, var haldið á Grundarfirði um síðustu helgi. Hlaupið, sem haldið hefur verið í áratug eða svo, fer þannig fram að hlaupnir eru rúmir tveir kílómetrar. Á meðan á hlaupinu stendur þurfa þátttakendur svo að innbyrða sex litla bjóra, sem setur vitanlega mark sitt á hlaupið. Athygli vakti að **Róbert Marshall**, aðstoðarmaður samgönguráðherra og svili Sveins, var á meðal þátttakenda þetta árið. Róbert stóð sig með mikilli prýði og varð annar í hlaupinu.



- hdm

# Söng fyrir uppáhaldsliðið sitt

Óperusöngvarinn Garðar Thor Cortes hafði sérstaklega gaman af því að syngja fyrir vináttuleik Manchester United og Inter Milan á Old Trafford á dögunum vegna þess að hann hefur verið aðdáandi United síðan hann var lítill polli.

Á meðal þeirra sem hlýddu á Garðar Thor hefja upp raust sína voru Wayne Rooney, Ryan Giggs og Ronaldo en það dugði ekki til því United tapaði leiknum, 3-2. Garðar segist ekki hafa fengið að hitta hetjurnar sínar fyrir leikinn, hvað sem síðar verði. „Þeir eru að vinna og ég er að vinna, þannig er það bara," segir Garðar, sem söng fyrir tæplega 75 þúsund manns. „Þetta var bara gaman. Ég söng Granada og Nessun Dorma og það voru allir voða hrifnir." Þetta var þriðji leikurinn á Englandi þar sem Garðar Thor þenur raddbönd sín því áður hafði hann sungið fyrir úrslitaleik fyrstudeildarliða um sæti í úrvalsdeildinni og á heimavelli West Ham. Fjórði leikurinn þar sem Garðar lætur ljós sitt skína verður á bikarúrslitaleik enska ruðningsins hinn 25. ágúst.

Segja má að Garðar sé orðinn sérfræðingur í leikjum sem þessum en hann gefur þó lítið fyrir það. Hefur hann þó lúmskt gaman af því að stíga fæti á marga af frægustu völlum Englands. „Allir þessir vellir eru í rauninni skemmtilegir. Þetta er allt svo stórt miðað við heima."

Auk úrslitaleiksins 25. ágúst er Garðar með margt á prjónunum, þar á meðal tónleikaferðalag um Bretland og heimsóknir í hina ýmsu sjónvarps- og útvarpsþætti. „Dagbókin er að fyllast, sem er gott. Ég er mjög heppinn með það."

- fb



**WAYNE ROONEY** Ómþýður söngur Garðars Thors dugði ekki til að tryggja United sigur í leiknum.

**GARÐAR THOR CORTES** Óperusöngvarinn knái söng fyrir uppáhaldslið sitt, Manchester United.


ÚTVARP
fyrir
KAFBÁTA
Þegar þú notar kreditkortið þitt færðu Aukakrónur. Ef þú notar kortið hjá samstarfsaðilum okkar færðu enn fleiri Aukakrónur. Svo getur þú notað Aukakrónurnar til að kaupa það sem þig langar í hjá öllum samstarfsaðilum.
Þannig geta kaup þín á kafbátum hjá Subway lagt þér til Aukakrónur fyrir útvarpstæki hjá Ormsson.
AUKAKRÓNUR
Aukakrónur eru fríðindasöfnun Landsbankans. Við viljum umbuna fólki fyrir góð viðskipti á einfaldan og gagnsæjan hátt. Skráðu þig á aukakronur.is, hringdu í síma 410 4000 eða komdu við í næsta útibúi Landsbankans. Vertu með. Það er einfalt. Aukakrónur: þær koma bara.
Landsbankinn

FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 515 7506, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**

DAGANA 8.–26. ÁGÚST
SPARI DAGAR
..og þú gerir frábær kaup!
ORMSSON
TÓLF VERSLANIR OG UMBOÐSMENN UM LAND ALLT



BAKÞANKAR
GUÐMUNDAR STEINGRÍMSSONAR

# Dýr hraði

Nú er ég einn af þessum ökumönnum sem keyra vanalega eins og englar, þó ég segi sjálfur frá, og gæti þess iðulega að keyra ekki of hratt enda er ég ósköp sjaldan á hraðferð, þannig séð, og liggur afskaplega lítið á. Enginn er heldur að elta mig og ég tel mig ekki þurfa að flýja neitt í snatri, að öllum jafnaði. Því hef ég yfirleitt allt mitt líf keyrt bara nokkuð rólega og yfirvegað.

**ÉG VIÐURKENNI** það þó, að ég er ekki einn af þeim sem set á mig leðurökuhanska, athuga bílbeltin, stöðu olíunnar og þurrka af rúðuþurrkunum í hvert einasta skipti áður en ég legg af stað, eins og allir ökumenn gera í Svíþjóð, en ég vil þó meina að ég sé svona allt í lagi ökumaður og keyri af ábyrgð. Það stafar ekki ógn af mér eins og sumum. Margoft hefur maður nefnilega sopið hveljur á hinum stórhættulegu íslensku þjóðvegum yfir fífldirfsku þeirra sem eru að flýta sér svo mikið að þeir stefna lífi sínu og annarra í hættu með því að taka fram úr í bílalestum á háannatíma í fáheyrðum glannaskap. Þar munar stundum bara sekúndubroti milli lífs og dauða.

**Í LJÓSI ÞESS** að ég tel mig semsagt vera ágætan ökumann, og hef meira að segja leikið í auglýsingu fyrir Umferðarráð einu sinni (að vísu var verið að auglýsa endurskinsmerki, en það er sama. Við áttum að ganga yfir gangbraut í myrkri. Alls ekki flókið), að þá steyptist það auðvitað yfir mig sem ákveðið sjokk um daginn þegar ég var sektaður fyrir of hraðan akstur milli Selfoss og Hveragerðis, á leið austur í sumarbústað í rólegheitum. Ég hafði dúllað mér alla leiðina á hægri siglingu, en svo gerðist það við Kögunarhól að þar kemur smá brekka og mér verður á að gefa aðeins í og skyndilega spýtist bíllinn minn upp í 120 kílómetrana.

**ÉG** skal segja ykkur það. Og þá er auðvitað löggan þar á ferðinni. Nema hvað. Blikkljósin á. Ég keyri út í kant. Ég fæ að setjast inn í löggubílinn, sem er alltaf svolítið gaman, og ég fæ að tala aðeins við lögregluþjónana. Ég lýsi því auðvitað yfir þá þegar að ég viðurkenni brot mitt og lýsi yfir fullri iðrun og óska laganna vörðum velfarnaðar í störfum sínum. Allt þetta var nefnilega tekið upp á vídeómyndavél, og þess vegna gætti ég mín sérstaklega á því að koma vel fyrir.

**EN SVO** kom að sektinni. Þá verð ég að játa að ég missti andlitið. Ég vona að það verði klippt úr upptökunni. Sektin var nefnilega 50 þúsund krónur. Hvorki meira né minna. Ég muldraði að það væri auðvitað ekki fyrir venjulegan launamann að fá svona framan í sig, en svona var þetta bara. Að vísu fær maður 25% afslátt ef maður borgar snemma.

**ÉG** hringdi auðvitað í mömmu síðar um daginn. Vonaðist eftir vorkunn. „Og hefurðu keyrt hratt eftir þetta?" spurði hún. „Nei," svaraði ég. Og það var alveg rétt. Ég hef ekki farið yfir 90 síðan. Nú stilli ég bara crús-kontrólið á 90 og málið er dautt. „Þarna sérðu," sagði mamma. „Þetta virkar."

